EVA HRÖNN HAFSTEINDÓTTIR
*Gyðjurnar brjótast út eftir ýmsum leiðum*
• heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
*Á tveimur hæðum og með timburverönd*
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



STYRKTU ÁTAKIÐ!
á allra vörum
Við höfum opnað fyrir söfnunarnúmerin
903 1000
903 3000
903 5000
Bein útsending á föstudaginn á SkjáEinum

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
16. júní 2008 — 162. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

**Pípari rekur Rask-At**
Stefán Sveinsson einbeitir sér ekki að klósettviðgerðum.
FÓLK 30



**Lífið var annað hvort diskó eða pönk**
Þorlákur Axel Jónsson fagnar tuttugu og fimm ára útskriftarafmæli frá MA.
TÍMAMÓT 16

**Stjörnugolf fyrir Neista**
Þjóðþekktir Íslendingar lemja kúlurnar áfram fyrir gott málefni.
FÓLK 30



**Ekki með á HM**
Sex marka sigur Íslands á Makedóníu nægði ekki fyrir farseðli til Króatíu.
ÍÞRÓTTIR 25



### VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST** Í dag verða norðaustan 13-18 m/s norðvestan til, annars víða 8-13. Þurrt að mestu vestan til, rigning austan og suðaustan til annars smá skúrir. Hiti 10-16 stig hlýjast til landsins suðvestan til.

VEÐUR 4

# Útgerðir skipta yfir í svartolíu til að spara

**Eldsneytiskostnaður útgerðarfyrirtækja hefur þrefaldast á fjórum árum. Útgerðir skipta nú úr skipagasolíu yfir í svartolíu til að draga úr kostnaði.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mörg útgerðarfyrirtæki bregðast nú við hækkun eldsneytisverðs með því að gera breytingar á skipum sínum svo að þau brenni svartolíu í stað skipagasolíu. Meðal þeirra er Eskja, sem hefur látið koma fyrir búnaði í skipinu Aðalsteini Jónssyni SU í þessum tilgangi. „Þetta er það útspil sem við getum leikið gegn hækkandi olíuverði,“ segir Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri Eskju. „Stundum er svartolía reyndar ekki svo mikið ódýrari en skipagasolía en eins og staðan er nú getur þetta sparað okkur um 70 til 100 þúsund á sólarhring.“

Nú er verið að gera slíkar breytingar á skipinu Álsey í eigu Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. „Svo er verið að kanna hvort hægt sé að gera slíkar breytingar á öðrum skipum,“ segir Hörður Óskarsson, fjármálastjóri Ísfélagsins. Hann segir að hugsanlega geti þetta þó þýtt hærri útgjöld vegna viðhalds. Sams konar breytingar verða einnig gerðar á tveimur skipum Brims í haust, að sögn Guðmundar Kristjánssonar forstjóra.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa árleg útgjöld útgerðarfyrirtækjanna í landinu þrefaldast á fjórum árum. „Árið 2004 borguðu útgerðarfyrirtækin sex milljarða í eldsneytiskostnað en samkvæmt mínum útreikningum er þessi kostnaður um átján milljarðar í dag,“ segir Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur hjá LÍÚ. Hann segir að fyrir fjórum árum hafi um átta prósent af tekjum fyrirtækjanna farið í eldsneytiskostnað en í dag sé hlutfallið um 22 prósent.

Haukur Björnsson hjá Eskju sér þó einnig spaugilegu hliðarnar á ástandinu. „Olíureikningarnir eru orðnir svo háir að við þurfum eiginlega áfallahjálp í hvert sinn sem við fáum þá senda. Það ætti eiginlega að senda einn prest með þeim.“ - jse



**LANDGANGURINN KLIFINN** Farþegar biðu í röð eftir að komast af íslenskri foldu og aftur um borð í skemmtiferðaskipið AIDA frá Genúa á Ítalíu sem lá við festar í Reykjavíkurhöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki talið að ísbjarnardráp eða hvalveiðar hafi áhrif á öryggisráðsframboð Íslands:

# Meira rætt um ísbjörn en hvali

**UTANRÍKISMÁL** Lítil viðbrögð urðu við hvalveiðum Íslendinga innan Sameinuðu þjóðanna (SÞ) og erfitt að sjá að þær skaði framboð Íslands til öryggisráðs SÞ. Hins vegar var mikið rætt um ísbjarnardrápið í Skagafirði við fulltrúa Íslands hjá SÞ.

„Það hefur enginn talað um hvalveiðar við mig eftir að hrefnuveiðar hófust á ný,“ segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SÞ. Einhverjir hafi þó minnst á hvalveiðimálið við samstarfsfólk hans hjá fastanefndinni.

„Hins vegar vakti hvítabjörnsdrápið mikla athygli. Það voru margir sem komu að máli við mig og þótti þetta hið undarlegasta mál,“ segir Hjálmar.

Hjálmar segir mynd af mönnum með riffla við blóðugan ísbjörn slæma fyrir ímynd fyrir Ísland og drápið hafi farið fyrir brjóstið á mörgum innan SÞ. Hann segist þó hvorki hafa trú á því að ísbjarnarmálið né hrefnuveiðar muni hafa neikvæð áhrif á framboð Íslands.

Meira varð úr ísbjarnardrápinu vegna þess að mynd af ísbirni prýddi forsíðu vikuritsins Newsweek nokkrum dögum áður en Skagfirðingar vógu björninn. Þar voru ísbirnir notaðir sem dæmi um dýr í útrýmingarhættu.

Kosið verður í október milli Íslands, Tyrklands og Austurríkis um tvö sæti í öryggisráðinu. - bj

Forseta boðið til Columbia:

# Ólafur í kjölfar Ahmadinejads

**UTANRÍKISMÁL Ólafi Ragnari Grímssyni hefur verið boðið að halda erindi í Columbia-háskóla í Bandaríkjunum í haust. Erindi Ólafs verður hluti af fundaröð skólans þar sem erlendir þjóðarleiðtogar hafa rætt heimsmálin.**



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

**Örnólfur Thorsson forsetaritari segir að Susan Fuhrman, rektor kennaraskóla Columbia-háskóla, hafi borið Ólafi boð forseta skólans, Lee C. Bollinger. Ólafur Ragnar hefur ekki svarað erindinu, en Örnólfur segir allar líkur á því að hann taki þátt.**

**Athygli heimsins beindist að fundaröð háskólans þegar Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hélt erindi í september í fyrra. Þar hélt hann því meðal annars fram að samkynhneigð fyrirfyndist ekki í Íran.** - bj

Eldur í rúmdýnu lítils drengs:

# Skrítið ský var eitraður reykur

**BRUNI** Engan sakaði þegar eldur kviknaði í rúmdýnu á efri hæð einbýlishúss á Eyrarbakka í gærkvöldi. Átta ára drengur var í herberginu þegar eldurinn kviknaði, líklega út frá rafmagni.

„Það er skrítið ský í herberginu mínu,“ tilkynnti drengurinn foreldrum sínum eftir að hafa flúið reykinn niður stigann. Gestkomandi maður tók þá til sinna ráða og slökkti eldinn með vatni úr garðslöngu.

Slökkvilið reykræsti húsið og hreinsaði upp vatn. Að sögn varðstjóra lögreglu á Selfossi myndast hættulegur reykur sem getur innihaldið blásýru þegar svampur eins og sá var í dýnunni brennur. - sh

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið



Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla
SUBWAY
6 tommu bátur
329 kr.
SUBWAY í fínu formi
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum
Gildir í júní 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumiði



## SPURNING DAGSINS



*Stefán, gætuð þið ekki bara fengið inni í Vöffluvagninum?*

„Ég er nú hræddur um að þá kæmu vöflur á marga.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur óskað eftir því að fá að koma fyrir fimmtán til tuttugu fermetra húsi á Lækjartorgi yfir sumarið, sem yrði eins konar færanleg lögreglustöð. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Nýja Þjórsárbrúin sigrar í samkeppni Norræna vegasambandsins:

# Íslenskt hugvit verðlaunað

**VERÐLAUN** Nýja brúin yfir Þjórsá sigraði í samkeppni Norræna vegasambandsins, NVF.

Einar Hafliðason, forstöðumaður brúardeildar Vegagerðarinnar, segir verðlaunin mikilvæg. „Það er ákaflega styrkjandi að fá svona viðurkenningu. Það segir okkur að verkfræðiþekking Íslendinga sé jafn góð og hjá öðrum þjóðum.“

Verðlaunin voru veitt fyrir framsækni við hönnun og byggingu mannvirkis. Verkefnið var unnið í samstarfi við Bjarna Bessason, prófessor í verkfræði, en hann er sérfróður um jarðskjálftaverkfræði. „Við settum jarðskjálftamæla í gömlu brúna og nýttum okkur upplýsingarnar við bygginguþeirrar nýju,“ segir Einar. „Brúin var hönnuð með það að markmiði að hún stæði af sér stærstu skjálfta án þess að það bitnaði á útliti hennar og burðarþoli.“

Þjórsárbrúin sló út keppinauta á borð við Eyrarsundsbrúna og Gautaborgargöngin. Brúa- og jarðganganefnd NVF heldur samkeppnina í tengslum við ráðstefnu sambandsins og eru það meðlimir nefndarinnar sem meta framlög þjóðanna. **- hþj**



**FENGU ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNINGU** Einar Hafliðason segir mikilvægt að fá staðfestingu á getu íslenskrar verkfræði.

Brennuvargs leitað á Selfossi:

# Lagði eld að þremur bílum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi leitar brennuvargs sem talinn er hafa lagt eld að þremur bílum fyrir utan réttingaverkstæði í bænum í gærmorgun.**

**Lögregla fékk tilkynninguna á sjöunda tímanum í gærmorgun um að þrír bílar stæðu í ljósum logum fyrir utan verkstæði við Gagnheiði. Slökkvilið réð niðurlögum eldsins. Tveir bílanna eru gjörónýtir og sá þriðji mikið skemmdur, að sögn varðstjóra lögreglu. Bílarnir munu ekki vera í eigu sama aðila og er talið að brennuvargurinn hafi valið þá af handahófi. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins. - sh**

Kosningabaráttan vestra:

# Obama nýtir sóknarfærin

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama nýtir sér vaxandi óánægju með George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, í kosningabaráttu sinni.

Obama gagnrýnir John McCain mótframbjóðanda sinn fyrir tengsl hans við Bush. Hann segist ætla að afturkalla umdeildar skattalækkanir sem Bush veitti hinum tekjuhæstu og ætlar að nota féð til að lækka skatta láglaunafólks og fátækra eldri borgara. Einnig ætlar hann að hægja smám saman á Íraksstríðinu og veita fé í rannsóknir nýrra orkugjafa.

McCain er hins vegar hlynntur Íraksstríðinu og segir það styðja yfirlýsingar Bush um stríð gegn hryðjuverkum. **- hþj**

Sigurganga Bræðrabyltu:

# Þrenn verðlaun um sömu helgi

**FÓLK** Stuttmyndin Bræðrabylta eftir Grím Hákonarson vann til verðlauna á þremur kvikmyndahátíðum um helgina.



**GRÍMUR HÁKONARSON**

„Það var skemmtileg tilviljun,“ segir Grímur, „og góður endir á ferðalaginu með myndina um heiminn.“

Bræðrabylta vann Grand Prix-verðlaunin á Kratkofil-stuttmyndahátíðinni í Bosníu og var valin besta stuttmyndin á Gay and Lesbian-kvikmyndahátíðinni í Mílanó. Að auki vann hún „Youth Jury Prize“ á Huesca-kvikmyndahátíðinni á Spáni en Grímur var viðstaddur afhendinguna þar.

Myndin hefur unnið til fjórtán verðlauna síðan hún var frumsýnd síðasta sumar. **- hþj**

# Lögregla í kröppum dansi á Bíladögum

**Ölvaðir og ódælir bílaáhugamenn á Akureyri fleygðu flöskum og skutu flugeldum í átt að lögreglumönnum. Beita þurfti kylfum og varnarúða. Yfirlögregluþjónn man ekki eftir öðru eins. Bæjarstjóri segir að fundað verði um atburðina.**

**LÖGREGLUMÁL** Mikið var um ölvun og ólæti á Akureyri í fyrrinótt. Þar standa yfir Bíladagar og voru fangageymslur fullar eftir nóttina. Aðsúgur var ítrekað gerður að lögreglumönnum og yfirlögregluþjónn segist aldrei hafa kynnst annarri eins hegðun í bænum.

„Það var mikið um slagsmál og skrílslæti,“ segir Daníel Guðjónsson yfirlögregluþjónn, sem kallar þá ódælu bílabullur og líkir þeim við viðskotaillar fótboltabullur. „Lögreglumenn fengu ekki frið til að vinna. Það var þráfaldlega veist að þeim og við þurftum að fjarlægja þá sem verst létu.“

Daníel segir ástandið hafa verið afar óvanalegt, virðingarleysi sumra gesta gagnvart lögreglu og samborgurum sínum hafi verið algjört og hann segist ekki muna eftir annarri eins framkomu. „Menn þurftu að beita bæði kylfum og varnarúða til að halda fólki í skefjum og lögreglumenn voru grýttir með flöskum og dósum.“

Á þriðja tímanum var skotið úr skoteldatertu lárétt yfir Ráðhústorgið í átt að lögreglumönnum og öðru fólki. Enginn meiddist og lögregla veit ekki hver eða hverjir voru að verki. Skömmu síðar var gerður aðsúgur að lögregluþjónum við handtöku og reynt að hindra handtökuna. „Við veltum því fyrir okkur hvað hefur mistekist í uppeldi þessara ungmenna,“ segir Daníel. „Þetta er þeim náttúrlega til háborinnar skammar.“

Þá var gæslumaður á tjaldstæði sleginn tvívegis í andlitið og rúður brotnar víðs vegar um bæinn auk þess sem fjöldi kvartana barst vegna spólkeppni sem frá lagði mikinn reyk og illan daun. Alls var tilkynnt um sjö líkamsárásir.



**SPÓLKEPPNI** Mikið var kvartað yfir reyk og ólykt sem barst frá spólkeppni í bænum.



**DANÍEL GUÐJÓNSSON**



**SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR**

Þetta er annað árið í röð sem skemmtanahöld í kringum Bíladaga fara úr böndunum. Í fyrra brutust ítrekað út hópslagsmál á tjaldstæðinu í bænum og fangageymslur fylltust. Bíladagar standa fram á þriðjudag og verður lögregla með aukinn viðbúnað þangað til þeim lýkur.

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri segir samráðsfund fyrirhugaðan um hátíðahöldin. „Við munum fara rækilega yfir þessa helgi núna að henni lokinni með lögreglu og skipuleggjendum. Þar verður skoðað hvað gekk vel, hvað illa og hvar við getum bætt okkur.“ Hún bendir þó á að hátíðin hafi gengið vel að mestu leyti. „Þetta er ástand sem skapast af fáum en öflugum hópi og það er dapurlegt að fáir svartir sauðir skuli skemma svona fyrir hinum,“ segir Sigrún Björk.

**stigur@frettabladid.is**



**HASHIM THACI** Kosovski forsætisráðherrann segir með stjórnarskránni smiðshöggið rekið á langa og sára baráttu.

Stjórnarskrá Kosovo í gildi:

# Eykur enn á spennuna

**KOSOVO, AP** Stjórnarská hins yfirlýst sjálfstæða ríkis Kosovo gekk í gildi í gær. Þar með færðist lögformleg ábyrgð á stjórnun Kosovo frá bráðabirgðastjórnsýslu Sameinuðu þjóðanna til kjörinna stofnana hins nýja ríkis sem eingöngu Kosovo-Albanar eiga aðild að.

Kosovo hætti þar með formlega að vera hérað í Serbíu undir bráðabirgðastjórn SÞ, en það ástand hafði varað síðan árið 1999.

Gildistaka stjórnarskrárinnar, fjórum mánuðum eftir að kjörið þing og stjórn Kosovo-Albana lýstu yfir sjálfstæði Kosovo, eykur enn á spennuna milli serbneska minnihlutans og albanska meirihlutans. **- aa**

Harmleikur í Finnlandi:

# Aldraður faðir skýtur dætur

**FINNLAND, AP** Lögregla í Finnlandi greindi frá því í gær að 88 ára gamall maður í norður-finnska bænum Ylitornio hefði skotið dætur sínar tvær og sjálfan sig til bana.

Sjúkrahússtarfsfólk sagði að maðurinn hefði líka skotið rúmfasta eiginkonu sína inni á elliheimili áður en hann hefði bundið enda á eigið líf með skammbyssu heima hjá sér. Konan dó eftir að reynt var að bjarga lífi hennar. Dæturnar, sem voru á sextugsaldri, voru báðar andlega fatlaðar. **- aa**




# Haustferð til Barcelona

5.-8. september

Fararstjóri: Halldór Stefánsson

Verð á mann í tvíbýli

67.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hesperia-hótelinu ásamt morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Málþing um hlutverk smærri ríkja í alþjóðasamstarfi á 21. öld:

# Öryggisráðsframboð hefur aflað Íslandi viðurkenningar

**ALÞJÓÐAMÁL** Meðal þess sem þegar hefur áunnist með framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er að Ísland er nú óvéfengjanlega viðurkennt sem jafningi hinna Norðurlandanna á þessum mikilvæga vettvangi. Þetta segir Colin Keating, framkvæmdastjóri Security Policy Report, en það eru óháð samtök sem sérhæfa sig í því að skýra og veita ráðgjöf um starfsemi öryggisráðs SÞ.

Keating er jafnframt fyrrverandi fastafulltrúi Nýja-Sjálands í öryggisráðinu, en hann verður meðal frummælenda á málþingi um hlutverk smáríkja í alþjóðakerfinu við Háskóla Íslands í dag.

Ráðstefnan rekur endahnútinn á málfundaröð um erindi og ávinning Íslands af alþjóðasamstarfi, sem farið hefur fram í vetur í samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskólanna í landinu.



**COLIN KEATING** Segir það mikils virði að afla sér viðurkenningar sem jafningi hinna Norðurlandaþjóðanna á vettvangi SÞ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í samtali við Fréttablaðið bendir Keating á að þar sem Norðurlöndin hafi allt frá stofnun SÞ gegnt þar veigamiklu hlutverki og byggt upp sterkan orðstír fyrir að beita sér af heilindum og krafti í þágu samtakanna sé það ekki lítils virði að afla sér viðurkenningar sem jafningi þeirra að þessu leyti.

Það ræðst í atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi SÞ í haust hvort Ísland nái kjöri til setu í öryggisráðinu árin 2009-2010, en framboðið nýtur stuðnings hinna Norðurlandanna. **- aa**




3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti. Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

## GENGIÐ 13.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,29 | 79,67 |
| Sterlingspund | 154,14 | 154,88 |
| Evra | 121,44 | 122,12 |
| Dönsk króna | 16,286 | 16,382 |
| Norsk króna | 15,092 | 15,18 |
| Sænsk króna | 12,948 | 13,024 |
| Japanskt jen | 0,7318 | 0,736 |
| SDR | 127,24 | 128 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,1712

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eftirmál höfnunar Íra á Lissabonsáttmála Evrópusambandsins:

# Cowen vill afstýra einangrun

**ÍRLAND, AP** Bæði Írland og Evrópusambandið standa frammi fyrir sársaukafullu vandamáli eftir höfnun Íra á Lissabonsáttmála ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta sagði írski forsætisráðherrann Brian Cowen í gær.

Cowen sagðist ætla að reyna að hindra að land hans einangrist pólitískt í Evrópusambandinu þegar hann mætir á leiðtogafund þess í Brussel síðar í vikunni, en það verður fyrsti slíki fundurinn sem hann sækir eftir að hann tók við embætti.

„Augljóslega vonaðist ég til að sáttmálinn yrði samþykktur. Það var mesta forgangsmálið sem ég setti mér,“ sagði Cowen, sem hefur lengi átt sæti í Írlandsstjórn en tók fyrir tæpum mánuði við af flokksbróður sínum Bertie Ahern sem ríkisstjórnarleiðtogi.

Cowen sagði að hann yrði að fá ríkisstjórnir allra hinna ESB-landanna 26 til að líta svo á að höfnun Íra á sáttmálanum væri vandi sem allar aðildarþjóðirnar yrðu að sameinast um að leysa. Það gæti ekki verið verkefni Íra einna. Hann ítrekaði að hann vildi ekki lýsa sáttmálann úr sögunni, jafnvel þótt reglan sé sú að öll aðildarríkin verði að fullgilda nýja sáttmálann til að hann geti gengið í gildi. **- aa**



**BRIAN COWEN** Forsetisráðherra Írlands segir höfnun Íra á Lissabonsáttmálanum vera vanda allra ESB-landanna.

Fjórir árásarmenn handteknir:

# Brutu golfkylfu á höfði manns

**LÖGREGLUMÁL Fjórir ungir piltar vopnaðir golfkylfu réðust á mann fyrir utan skemmtistað í miðborg Reykjavíkur í fyrrinótt. Piltarnir, sem eru sautján og átján ára, gengu hart fram og brutu kylfuna þegar þeir létu höggin dynja á höfði mannsins. Sá sem fyrir árásinni varð er á þrítugsaldri en slapp að sögn lögreglu ótrúlega vel þótt hann hafi hlotið stærðar kúlu á höfuðið.**

**Piltarnir sóttu kylfuna í bíl sinn þegar sló í brýnu milli þeirra og mannsins. Ekki virðist sem árásin hafi verið skipulögð fyrir fram. Piltarnir voru handteknir á staðnum og yfirheyrðir í gær. - sh**



**FANGI** Aðstæðurnar í herbergi konunnar voru afar slæmar. NORDICPHOTOS/AFP

Ítölsk kona læst inni í 18 ár:

# Varð ólétt utan hjónabands

**ÍTALÍA, AP** Lögregla frelsaði á föstudag 47 ára gamla konu úr klóm fjölskyldumeðlima. Grunur leikur á að þeir hafi haldið henni innilokaðri í herbergi sínu í átján ár vegna þess að hún varð ólétt utan hjónabands.

Bróðir konunnar og systir voru handtekin og áttræð móðir hennar hneppt í stofufangelsi.

Málið uppgvötvaðist þegar nágranni kvartaði yfir því að vond lykt bærist frá herbergi konunnar. Aðstæður í herberginu voru sagðar ömurlegar.

Sautján ára sonur konunnar býr hjá ættingjum og vissi ekki af aðstæðum móður sinnar. **- bj**

Hagsmunamál innflytjenda:

# Landneminn stofnaður í gær

**INNFLYTJENDAMÁL Hagsmunasamtök innflytjenda, Landneminn, voru stofnuð á fjölmennum fundi í gær. Félagið er sjálfstætt en starfar í tengslum við Samfylkinguna. Hlutverk þess er að vinna að hagsmunamálum og auknum sýnileika innflytjenda.**

**Á fundinum fluttu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Bjartur Logi Ye Shen bankamaður og Hrannar Björn Arnarsson, formaður innflytjendaráðs, ávörp.**

**Stjórn félagsins var kosin og er meirihluti hennar fólk af erlendum uppruna þótt flestir séu með íslenskan ríkisborgararétt. - hþj**

# Strandsiglingar fækka ekki flutningabílum á vegunum

**Til að strandflutningar verði fýsilegur kostur þarf að niðurgreiða siglingarnar. Að auki þarf að niðurgreiða í það minnsta þrjár birgðastöðvar segir sérfræðingur. Ella verði kostnaði við þær velt yfir á neytendur.**

**SAMGÖNGUR** Flutningabílum myndi ekki fækka að ráði þótt strandsiglingar með ríkisstyrkjum yrðu teknar upp. Til þess að fækka þeim þyrftu fyrirtæki að koma sér upp birgðastöðvum á í það minnsta þremur stöðum á landinu.

Þetta er mat Guðmundar Nikulássonar, framkvæmdastjóra innanlandssviðs Eimskipa. Hann saknar þess að stjórnmálamenn sem tjá sig um strandsiglingar kynni sér málin betur.

Talsvert hefur verið rætt um möguleikann á því að taka upp strandsiglingar á ný. Slíkar siglingar hafa verið áhugamál Kristjáns L. Möller samgönguráðherra og ýmsir þingmenn hafa lýst áhuga sínum á því að niðurgreiða kostnaðinn við siglingarnar með ríkisstyrkjum.

Samskip héldu úti einu skipi í strandsiglingum til ársins 2001. Eimskip héldu út lengur, en hættu strandsiglingum árið 2004. Guðmundur segir að síðasta árið hafi skipið flutt um 130 þúsund tonn. Þar af hafi um þrjátíu þúsund tonn komið frá Kísiliðjunni í Mývatnssveit, sem er hætt rekstri.

Gróft áætlað má búast við því að um sjötíu þúsund tonn yrðu flutt með strandsiglingum á ári, yrðu þær teknar upp að nýju. Guðmundur segir það magn ekki standa undir skipi í siglingum.

„Flutningarnir hafa farið í þann farveg sem er hagkvæmastur og í samræmi við það þjónustustig sem neytendur óska eftir,“ segir Guðmundur. „Ef menn ætla að fara út í óhagkvæmara kerfi þarf einhver að borga.“

Hann segir að verði strandsiglingar teknar upp að nýju þýði það aðallega verri nýtingu á flutningabílum. Bílum muni lítið fækka og það hafi í för með sér óhagræði í kostnaði í landflutningakerfinu.

Til þess að bílferðum fækki að ráði þurfi að koma upp birgðastöðvum á í það minnsta þremur stöðum á landinu svo vörur þaðan með flutningabílum. Slíkt geti fækkað bílunum talsvert.

Birgðastöðvar muni þó hafa verulegan kostnaðarauka og óhagræði í för með sér þá sem selji vörurnar. Ætli ríkið sér ekki að niðurgreiða þann kostnað líka sé lítið unnið og búast megi við verðhækkunum til neytenda.

Hann bendir enn fremur á að ákveðinn hluti af farminum muni ekki fara af vegunum. Dæmi um það séu vörur á borð við ávexti og grænmeti sem hafi stuttan líftíma. Þá hafi flutningur á ferskum fiski aukist verulega og hann verði ekki fluttur öðruvísi en með flutningabílum.

„Við hjá Eimskip höfum í sjálfu sér engar skoðanir á því hvort hér eru strandsiglingar eða ekki. Ef stjórnvöld vilja styrkja strandsiglingar getur vel verið að við, eða einhverjir aðrir, tökum þátt í því,“ segir Guðmundur.



**GÁMASKIP** Ríkisskip hættu strandflutningum árið 1992, og Eimskip og Samskip tóku við. Samskip hættu strandsiglingum árið 2001 en síðasta strandsiglingaferð Eimskipa var farin árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÁHUGI Á STRANDSIGLINGUM AÐ AUKAST



**KRISTJÁN L. MÖLLER**

„Minn áhugi fyrir því að strandflutningar verði teknir upp á ný hefur ekkert minnkað, en það bæði horft undirbúa málið betur,“ segir Kristján L. Möller samgönguráðherra.

Hann segir stuðning við strandsiglingar fara vaxandi. Sé þá bæði horft til umhverfissjónarmiða og umferðaröryggis á þjóðvegunum.

„Auðvitað á maður alltaf þá von að einhver geri þetta á markaðslegum forsendum, en ef það gengur ekki verða menn að skoða hina leiðina, að þetta verði gert með opinberu útboði og styrkjum,“ segir Kristján.

Spurður hversu mikið þurfi að niðurgreiða strandflutninga segir Kristján að erfitt að segja fyrir um það. Bjóða yrði strandflutningana út á Evrópska efnahagssvæðinu og þá ráði miklu hvernig tilboð berist.

„Það getur vel verið að við séum að flytja fé á milli, frá viðhaldi vegna slits á þjóðvegum yfir í að taka upp strandsiglingar.“

Nú er unnið að fjárlögum næsta árs, en Kristján vill ekki gefa upp hvort þar sé gert ráð fyrir ríkisstyrktum strandsiglingum.

Hann segir nær að setja þá peninga sem eyða eigi í strandsiglingar í endurbætur á vegakerfinu. Það hafi verið byggt upp á sínum tíma til þess að endast í 20 til 25 ár og sá tími sé liðinn. **brjann@frettabladid.is**


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veður-fræðingur

**VINDHVIÐUR**
Rétt er að minna hjólhýsaeigendur á að í dag verður hviðukennt veður norðvestan til, á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Einnig sunnan Vatnajökuls. Á morgun má svo áfram búast við hviðukenndu veðri sunnan Vatnajökuls en annars staðar verður vindur mun hægari.



**Á MORGUN** 10-18 m/s við SA-ströndina, annars 3-8.

**MIÐVIKUDAGUR** 3-10 m/s, stífastur austast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 20° |
| Helsinki | 18° |
| Eindhofen | 18° |
| Amsterdam | 17° |
| London | 18° |
| Berlín | 19° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 17° |
| París | 20° |
| Basel | 17° |
| Barcelona | 24° |
| Alicante | 28° |
| Algarve | 25° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Gamla grillið uppí á 10.000kr*

OPIÐ til 20 alla daga

** Sendum þér nýja grillið samsett og tökum það gamla*



## Grandhall Professional 529
- 17,5kWh, 5 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjarar úr 430 ryðfríu stáli
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

149.999stk.

Þú borgar 139.999kr ef þú skilar gamla grillinu





## Grandhall Premium 327
- 22kWh, 5 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Innbyggður hitamælir

99.999stk.

Þú borgar 89.999kr ef þú skilar gamla grillinu

## Grandhall Premium 323
- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með háglans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir

79.999stk.

Þú borgar 69.999kr ef þú skilar gamla grillinu



19.999stk.

Verð áður 21.999.-

## Broil Mate 13023
- 8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710 sm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677 sm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínshúðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 sm / 7" hjól



29.999stk.

Verð áður 31.999.-

## Broil Mate 13863
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu.
- 2129cm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínshúðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18cm / 7" hjól

30% afsláttur við kassa

## 30% afsláttur af Grillpro aukahlutum



| Grillpenslar | Maíshöldur | Gaskveikjari | Grillpinnar | Trépinnar | Keramik steinar | Kjúklingagrind | Hamborgaragrind |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 349pk. | 149pk. | 629stk. | 579pk. | 349pk. | 1.199pk. | 1.999stk. | 1.799stk. |

Gildir til 19. júní eða á meðan birgðir endast.
* Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.
Gamla grillið upp í á 10.000kr gildir aðeins um Grandhall grill í þessari auglýsingu.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

KJÖRKASSINN



*Horfðir þú á Grímuna?*

| | |
|---|---|
| Já | 17,4% |
| Nei | 82,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Á lögreglan að fá að koma upp hreyfanlegri lögreglustöð á Lækjartorgi í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Karl á miðjum aldri dæmdur fyrir að leita á átta ungar stúlkur í sundlaug:

# Leitaði ítrekað á fjölda stúlkna

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að leita ítrekað á fjölda ungra stúlkna í sundlaug í Keflavík og fróa sér fyrir framan þær. Manninum, sem er erlendur og á miðjum aldri, er jafnframt gert að greiða stúlkunum samtals 900 þúsund krónur í miskabætur.

Brotin áttu sér stað í janúar og febrúar síðastliðnum. Stúlkurnar sögðu manninn hafa elt sig á milli lauga, synt á sömu brautum og þær þótt margar aðrar væru auðar, strokið yfir rass þeirra og kynfæri utanklæða og fróað sér á meðan hann horfði á þær.

Þær lýstu manninum sem feitum og ófrýnilegum, mjög rauðum í framan, freknóttum á bakinu, loðnum á líkama og í framan og íklæddum agnarsmárri sundskýlu. Hann var handtekinn í lauginni eftir að starfsmenn kölluðu til lögreglu.

Maðurinn var ákærður fyrir brot gegn tíu stúlkum en dæmdur fyrir brot gegn átta þeirra. Sýnt þykir að hinar tvær hafi verið áreittar en þar sem þær þekktu manninn ekki aftur við sakbendingu þótti ekki komin fram sönnun á því að um sama mann hefði verið að ræða.

Sex stúlknanna eru dæmdar hundrað þúsund króna bætur frá manninum og tveimur 150 þúsund krónur. Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudag. - sh




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Maðurinn var sýknaður af að hafa áreitt tvær stúlknanna þar sem þær þekktu hann ekki aftur við sakbendingu.

Ljósmyndasamkeppni:

# Hvatt til samveru fjölskyldna

**SAMFÉLAGSMÁL SAMAN-hópurinn stendur fyrir ljósmyndasamkeppni sem ætlað er að vekja athygli á mikilvægi samverustunda með fjölskyldunni.**

**„Tíminn líður svo hratt og fólk tekur oft vinnu og annað fram yfir þessar mikilvægu stundir,“ segir Bergþóra Valsdóttir í SAMAN-hópnum. Hún vonast til þess að verkefnið hvetji fólk til þess að hugsa málið. „Við verðum að eyða tíma saman, ekki á morgun, heldur núna,“ sagði Bergþóra.**

**Katrín Jakobsdóttir þingmaður ýtti keppninni úr vör og opnaði um leið nýja heimasíðu SAMAN-hópsins.** - ges



**HÁLFTÍMA BIÐ** Farþegum fækkar um helming þegar skólum lýkur á vorin.

Skert þjónusta Strætó bs.:

# Borga niður vetraráætlun

**SAMGÖNGUR Skert þjónusta Strætó bs. á sumrin er vegna aukins rekstrarkostnaðar á veturna, en núna fara vagnarnir aðeins á hálftíma fresti.**

**Þegar skólum lýkur á vorin fækkar farþegum um helming og segir Einar Kristjánsson, sviðsstjóri Strætó, að því sé sumartíminn nýttur til þess að spara þá upphæð sem aukinn kostnaður á veturna útheimtir. Í vetur þurfti að fjölga vögnum og ferðum þar sem farþegum hefur fjölgað um milljón frá því á síðasta ári. „Til þess að halda sömu þjónustu yfir sumartímann yrðu sveitarfélögin að láta af hendi hátt í níutíu milljónir í viðbót til reksturs fyrirtækisins,“ segir hann.** - hþj

# Úthald fyrirtækja minna og ótti í fólki

**Þungt er undir fæti í byggingariðnaði og framkvæmdir víða að stöðvast. Fyrirtæki huga að uppsögnum og erlendir starfsmenn yfirgefa landið. Ótti er í fólki, að mati framkvæmdastjóra SI. Tannhjól atvinnulífsins eru við það að ryðga föst.**

**EFNAHAGSMÁL** Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, SI, segir að verulega þungt sé undir fæti hjá mörgum fyrirtækjum svo ekki sé sterkar að orði kveðið. „Framkvæmdir eru víða að stöðvast og fyrirgreiðsla mjög takmörkuð þannig að ástandið er að verða býsna alvarlegt,“ segir hann.

„Fyrirtæki eru ekki farin að loka en við verðum vör við að þau eru að hugleiða og byrja að segja upp fólki. Margir erlendir starfsmenn eru að fara úr landi, til dæmis hefur fækkað um 400 starfsmenn hjá starfsmannaleigunum frá áramótum, þannig að menn eru að draga saman seglin. Verktakar reyna að koma húsum á fokhelt stig þannig að þau þoli veður og vind. Mikið er til af óseldu húsnæði og fólk fær ekki fyrirgreiðslu til kaupa. Vítahringur er kominn í gang,“ segir hann.

Jón Steindór telur að úthaldið sé búið hjá mörgum fyrirtækjum en önnur eigi stutt eftir. Margir litlir og millistórir verktakar bindi mikið fé í framkvæmdum. Ef þeir geti ekki selt íbúðir þá standi þeir ekki undir lánum. Af stað fari „býsna mikil keðjuverkun því að þá gefast menn upp, fara á hausinn eða hætta starfsemi, þeir verða að segja upp fólkinu sínu, fólk verður atvinnulaust og getur ekki staðið í skilum.“

Jón Steindór hefur áhyggjur af andvaraleysi gagnvart skriðunni sem hann óttast að fari af stað og verði erfið að stöðva. Grípa þurfi til aðgerða og örva markaðinn áður en skriðan fari af stað. Skynsamlegt sé að beita Íbúðalánasjóði og greiða fyrir því að hann geti veitt lán, létta gjöldum af fasteignaviðskiptum, til dæmis stimpilgjaldi af öllum íbúðakaupum, og aflétta vörugjöldum af byggingarefnum.

„Ég hef áhyggjur af því að við séum að sigla inn í alvarlegt ástand. Maður verður var við að ótti eða hræðsla er komin í fólk og þá fara allir að halda að sér höndum. Það er heldur ekki gott ef menn verða mjög verkfælnir og hræddir við að fara í verk,“ segir Jón Steindór.

Fjármagnsskorturinn er alvarlegur fyrir atvinnulífið. Fjármagnið er eins og smurning á tannhjól. „Nú er farið að braka hressilega í tannhjólunum og á endanum ryðga þau föst,“ segir Jón Steindór.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, tekur undir þetta. „Við finnum mjög fyrir samdrætti í bygginga- og mannvirkjadeyfð. Það er gríðarleg deyfð og mörg fyrirtæki í biðstöðu,“ segir hann. ghs@frettabladid.is



**ÖRVA ÞARF MARKAÐINN** *Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, telur að grípa þurfi til aðgerða og örva markaðinn áður en það verði of seint. Skynsamlegt sé að beita Íbúðalánasjóði í því.* FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Nú er farið að braka hressilega í tannhjólunum og á endanum ryðga þau föst.
>
> **JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI SI



**RÚSSIBANI** Rússibaninn sem slysið varð í stóðst öryggisvottun.

Kona slasast í skemmtigarði:

# Hryggbrotnaði í rússibanaferð

**DANMÖRK** Skemmtiferð í Sommerland Syd í Danmörku breyttist í spítalaferð þegar miðaldra kona hryggbrotnaði í rússibana þar um helgina.

„Þetta var hræðileg reynsla, en ég er fegin að þetta kom ekki fyrir son minn,“ hefur fréttavefur Jótlandspóstsins eftir konunni.

Konan sagði farþega rússibanans of lausa í sætunum en því mótmælti Hans Jörgen Rysgaard, forstjóri skemmtigarðsins, sem sagði búnað hans samþykktan af lögreglu og tæknieftirlitinu. Eftir slysið yfirfór lögreglan öryggi rússibanans og sá ekki ástæðu til annars en að samþykkja hann. - ges

Bush að ljúka Evrópuför:

# Hávær mótmæli í London

**LONDON, AP Um 2.500 manns tóku í gær þátt í háværum mótmælafundi við þinghúsið í Lundúnum, er Gordon Brown forsætisráðherra settist að snæðingi með George W. Bush Bandaríkjaforseta þar skammt frá.**

**Mótmælendur báru spjöld þar sem „stríð gegn hryðjuverkum“ var fordæmt og Bush lýstur „mesti hryðjuverkamaður heims“.**

**„Þetta eru líka skilaboð til eftirmanns Bush um að íbúar þessa lands eru alfarið á móti þessu ólöglega stríði og niðurrifi borgaralegra réttinda,“ sagði einn mótmælendanna, 71 árs kennari á eftirlaunum.** - aa



**SJÓNAÐGERÐARSTOFAN SJÓNLAG** Fyrstu niðurgreiddu augnaðgerðirnar á einkastofu voru framkvæmdar hjá þeim Jóhannesi Kára Kristinssyni, Óskari Jónssyni og Jens Þórissyni á augnlæknastofu þeirra Sjónlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Augnaðgerðir niðurgreiddar:

# Styttri biðlistar í augnaðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar vegna augasteinsaðgerða geta styst vegna samnings sem Heilbrigðisráðuneytið hefur gert við augnlæknastofurnar Sjónlag hf. og LaserSjón ehf., án aukinna útgjalda sjúklinga. Nú komast sjúklingar að innan nokkurra vikna.

„Samningarnir hafa í för með sér að nú eiga sjúklingar möguleika á að komast í aðgerð mun fyrr en áður,“ segir Óskar Jónsson augnlæknir hjá Sjónlagi. „Sjúklingar, sem flestir eru komnir á efri ár, geta yfirleitt farið heim innan við klukkustund eftir að aðgerðin hefur verið framkvæmd.“ - hþj

VESTURLAND

## Fundu vatn á Eiríksstöðum

Neysluvatn fannst á Eiríksstöðum í Dalabyggð í síðustu viku. Nýverið hóf Dalabyggð framkvæmdir við borun eftir vatni. Komið var niður á vatnsæð á 162 metra dýpi og er það um einn sekúndulítri.

Línuveiddur lax varpar nýju ljósi á ferðir og ætisvenjur þessa konungs fiskanna:

# Stórlax segir merkilega sögu um líf sitt

**LÍFFRÆÐI** Skipverjar á Kristínu GK fengu stórlax á línu djúpt suðvestur af Reykjanesi hinn 25. maí síðastliðinn, sem gefur mikilvægar upplýsingar um hegðunarmynstur hans. Laxinn rataði til „fóstra“ síns sem örmerkti hann sem seiði í seiðaeldisstöð á Laxamýri og sleppti síðar í samstarfi við Veiðiþjónustuna Strengi og Veiðifélag Breiðdælinga í Breiðdalsá á Austurlandi.

Jóhannes Sturlaugsson, hjá rannsóknafyrirtækinu Laxfiskum, fékk upplýsingar um laxinn frá Enok Sigurgeiri Klemenssyni vélstjóra, en Jóhannes hefur um árabil safnað gögnum um laxa sem koma í veiðarfæri sjómanna við hefðbundnar veiðar. Að hans sögn voru fyrstu fréttir strax fróðlegar, bæði hvað varðar veiðistað laxins, veiðarfæri og stærð fisksins. „Það er ljóst að laxinn gefur mikilsverðar viðbótarupplýsingar um ferðir laxins í sjó hér við land. Örmerkti laxinn sýnir að laxar af austanverðu landinu nýta að einhverju marki ætisslóð laxins suðvestur af landinu.“

Litlu munaði að saga stórfisksins yrði aldrei sögð. Jóhannes sá af myndum að veiðiuggi fisksins hafði verið klipptur og vissi þess vegna að hann var örmerktur. Búið var að snæða laxinn og örmerkið hafði fylgt haus laxins í ruslið. Ingólfur Magnús Ingvason háseti, sem hafði gert sér laxinn að góðu, lagði þó á sig að grafa hausinn upp úr ruslatunnunni og í ljós kom að Jóhannes hafði örmerkt fiskinn á sínum tíma. - shá

## FORSAGA STÓRLAXINS

- Febrúar 2006 dvaldi laxinn í seiðaeldisstöðinni Norðurlaxi á Laxamýri.
- Vetraraðlögun í sleppitjörn við Breiðdalsá í febrúar 2006.

Gekk til hafs sumarið 2006.

- Fyrstu merktu laxarnir úr sleppingunum skiluðu sér sumarið 2007 sem smálax.
- Stórlaxinn veiðist á línu í Skerjadýpi í maí 2008, þá 14 pund að þyngd og 86 sentímetrar.
- Línan var lögð á um 580 m dýpi við veiðar á keilu og blálöngu.



**„KOMINN Á LAND“** Ingólfur Magnús Ingvason með stórlaxinn merkilega en ljósmyndarinn kom upplýsingum um laxinn á framfæri.

MYND/ENOK SIGURGEIR KLEMENSSON

ÚTSALAN HEFST Í DAG

50-70%

AFSLÁTTUR

DRESS MANN

Laugavegur · Kringlan · Smáralind · Akureyri

5629730 5680800 5659730 4627800

Hitaveita Suðurnesja hefur opnað orkusafn í Reykjanesvirkjun:

# Gestir fá að upplifa orkuna

**ORKUMÁL** Safn þar sem hægt er að fræðast um jarðvarma og orkumál hefur verið opnað fyrir gesti og gangandi í Reykjanesvirkjun. Formleg opnun sýningarinnar er þó ekki fyrirhuguð fyrr en í byrjun júlí.

Hitaveita Suðurnesja hefur haft veg og vanda af safninu, sem hefur hlotið nafnið Orkuverið jörð, segir Steinþór Jónsson, framkvæmdastjóri Bláa demantsins.

Blái demanturinn er nafnið á því sem aðstandendur vona að verði algeng leið ferðamanna á milli áhugaverðra staða á Reykjanesi. Þar eru meðal annars Reykjanesvirkjun, Bláa lónið, víkingasafn og fleira.


**OPIÐ** Hluti sýningarinnar í orkusafninu fjallar um upphaf alheimsins. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Þarna getur fólk upplifað hvernig við erum að taka orkuna og búa til úr henni okkar framtíð,“ segir Steinþór. Meðal þess sem gestir safnsins í Reykjanesvirkjun geta virt fyrir sér er túrbínusalur virkjunarinnar.

Á sýningunni er hægt að sjá hvernig jarðvarmi verður að orku, hvernig vindorka er beisluð og hvernig sólarorku er safnað.

Steinþór reiknar með því að safnið verði vinsælt bæði meðal íslenskra og erlendra ferðamanna. Þá verði það örugglega fastur viðkomustaður skólabarna.

Þar til safnið verður formlega opnað verður tekið á móti hópum eftir samkomulagi við starfsfólk Hitaveitu Suðurnesja. **- bj**

Landtökubyggðum fjölgar:

# Rice gagnrýnir Ísraelsstjórn

**RAMALLAH, AP Condoleeza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gagnrýndi í gær harðlega uppbyggingu landtökubyggða gyðinga á Vesturbakkanum.**

**Rice sagði eftir fund með forseta Palestínumanna, Mahmoud Abbas, að áætlanir Ísraela um að byggja þúsundir heimila á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem skööðu andrúmsloftið í friðarviðræðum Palestínumanna og Ísraela.**

**Ísraelar tilkynntu í síðustu viku um frekari byggingaráform. Abbas segir landtökubyggðirnar vera stærstu hindruna í friðarviðræðunum. - hþj**

## VEISTU SVARIÐ?




1 Við hvaða erlenda háskóla gerði Háskólinn í Reykjavík nýlega samstarfssamning?

2 Hvaða sveitarfélög fengu nýverið umhverfisvottun Green Globe?

3 Hver var valinn leikskáld ársins á Grímuverðlaununum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Hefur beðið í tvo mánuði:

# Atli óánægður með langa bið

**STJÓRNMÁL** Atli Gíslason, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segist enn ekki hafa fengið svör við fyrirspurn sem hann lagði fram fyrir um tveimur og hálfum mánuði um samningaviðræður milli Íslendinga og ESB um afnám á undanþágu Íslendinga frá ákvæði EFTA-samningins. Með niðurfellingu undanþágunnar yrði innflutningur hrás kjöts heimilaður.


**ATLI GÍSLASON**

Að sögn Arnbjargar Sveinsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, hefur Atli þegar fengið upplýsingar um málið og fær ítarlegri upplýsingar í þessari viku. **- gh**

Kostnaður umferðarslysa:

# Stórefla á umferðarfræðslu

**UMFERÐ Starfshópur sem skipaður var af samgönguráðherra í mars á síðasta ári leggur til að umferðarfræðsla í leik-, grunn- og framhaldsskólum verði stórefld.**

**Í skýrslu starfshópsins kemur fram að áætlaður árlegur kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi sé á bilinu 21-29 milljarðar króna. Samgönguráðuneytið áætlar að nota tæpa 1,8 milljarða í umferðaröryggismál yfir tímabilið 2007-2010. Stefnt er að því að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni lækki að jafnaði um fimm prósent til ársins 2018.**

**Meðal tillagna starfshópsins er að starf Umferðarstofu verði eflt, að sérstakir umferðarfulltrúar verði í skólum, að umferðarfræði verði hluti af almennu kennaranámi og að heimilt verði að meta ökunám til eininga í framhaldsskólum. - gh**

# Blóðsuga leggst á laxa og sjóbirting

**Vart hefur orðið við sníkjudýrið steinsugu í auknum mæli í íslenskum veiðiám. Dýrið er landlægt víða erlendis en hefur hingað til aðeins verið flækingur hérlendis. Loftslagsbreytingar og breytingar á hafstraumum líklegar ástæður aukningar.**

**STANGVEIÐI** Talsvert hefur orðið vart við illa útlítandi sár á sjóbirtingi og laxi í veiðiám hérlendis, einkum í Skaftárhreppi. Sárin eru eftir sníkjudýrið steinsugu, sem sýgur blóð fiska. Steinsugur eru landlægar víða í Evrópu og Ameríku, en hafa hingað til aðeins verið flækingar á Íslandi. Þeim hefur fjölgað greinilega hérlendis. Líklegt er að fjölgunin tengist hlýnandi hafstraumum. Þetta staðfestir Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun.

„Við höfum ekki fundið kvikindið, en höfum fundið talsvert af sárum eftir það,“ segir Magnús. „Við höfum ekki getað staðfest að það hafi fest sig í sessi á Íslandi, en séu þetta flækingar hafa þeir verið að flækjast hingað í mun meiri mæli en áður.“ Vart varð við sárin árið 2004, en fyrst var greint að þau væru eftir steinsugur 2006. Mikið er um dýrið í Kúðafljóti og Tungufljóti í Skaftárhreppi, en sár eftir það hafa einnig til dæmis fundist á fiski í Þjórsá.

Hjalti Björnsson veiðileiðsögumaður hefur orðið var við áhrif steinsugunnar. Hún skilur eftir stór sár á fiskum sem hún hefur sogið blóð úr. „Veiði maður svona fisk er hann svo ógeðslegur að maður hefur ekki lyst á að borða hann og hendir honum. Þetta er eins og að borða holdsveikan fisk,“ segir Hjalti. „Veiðiréttarhafar hljóta að hafa áhyggjur af þessu því þetta getur haft mikil áhrif á eftirspurn. Þegar kýlaveikin kom í fisk í Elliðaánum dró mjög úr eftirspurn. Þar fór af stað hreinsunarátak sem virðist hafa tekist að kveða niður veikina.“

Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur, hefur svipaða sögu að segja: „Við höfum orðið varir við steinsuguna í auknu magni, sérstaklega í Tungufljóti og sjóbirtingsslóðum á Suðurlandi. Það mætti rannsaka þetta meira,“ segir hann. **gunnlaugurh@frettabladid.is**


**FÓRNARLAMB STEINSUGU** Hjalti Björnsson veiðileiðsögumaður segir svona fiski vera hent, þar sem ekki sé lyst til að borða hann. MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN

### SÆSTEINSUGA


**VÍGALEGAR TENNUR STEINSUGU**

Sæsteinsuga er frumstæður fiskur sem líkist áli. Hún hefur hringlaga sogmunn í stað kjálka með fjölda tanna sem notaðar eru til að raspa og rífa hold hýsils sem þær sjúga líkamsvessa úr. Hún hrygnir í ám á svipuðum stöðum og lax. Þegar lirfur dýrsins verða fullvaxta flytja þær í sjóinn, en dýrið kemur svo aftur í árnar til að hrygna þegar það verður kynþroska.

### ÁHRIF HLÝNUNAR Á VISTKERFIÐ


**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**

„Ýmsar lífverur sem áður gátu ekki lifað hér geta nú ílengst hér,“ segir Guðmundur Guðmundsson, flokkunarfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, um áhrif hlýnandi loftslags á lífríkið á Íslandi. Hann segir þó ýmsa þætti hafa áhrif á tilflutning lífvera og erfitt að einangra þátt loftslagsbreytinga í þeim. Margar tegundir hafi flust til með manninum, til dæmis með gámaflutningum. Erfitt sé að meta hvaða áhrif tilflutningur nýrra tegunda hingað muni hafa. Hugsanlega muni þær auka líffræðilega fjölbreytni, en þær geti einnig rutt úr vegi öðrum tegundum sem fyrir voru.






Sjúkraflutningar í Árnessýslu fá nýtt húsnæði:

# Leigusamningur undirritaður

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkraflutningar í Árnessýslu hafa fengið nýtt húsnæði til afnota.

Húsið, sem er í eigu Björgunarfélags Árborgar, hýsir einnig Björgunarfélagið og Brunavarnir Árborgar.

Soffía Sigurðardóttir hjá Björgunarfélaginu segir nýja húsnæðið mikla bót í máli fyrir alla aðila. „Það var heldur þröngt á þingi áður en húsið var byggt. Umsvif sjúkraflutninga hafa líka aukist undanfarin ár sérstaklega í ljósi þess að íbúum í sýslunni fjölgar um tuttugu prósent yfir sumartímann.“

Í nýju aðstöðunni komast sjúkrabílarnir í hús auk þess sem boðið er upp á hvíldarherbergi fyrir vaktavinnufólk, kaffistofu og sturtuklefa. Að sama skapi hefur skrifstofuaðstaða félaganna verið bætt.

Leigusamningurinn var gerður á milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Björgunarfélags Árborgar og var staðfestur af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, heilbrigðisráðherra og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Ef fer fram sem horfir verður húsið tekið í notkun í lok mánaðarins. **- hþj**


**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Umsvif sjúkraflutninga í Árnessýslu hafa aukist til muna á síðustu misserum.

Júní tilboð! eða á meðan birgðir endast

DEWALT

# SUMARSPRENGJA!

Enn og aftur lækkum við verðin


3 Rafhlöður

94DC925KBV
**Hleðsluborv.m/högg 18v 3*2,6Ah rafhl**
**49.900 kr.-**
Verð áður 74.900 kr. -


3 Rafhlöður

94DC940KBV
**Hleðsluborvél 12V 3*2,6Ah rafhl**
**36.900 kr.-**
Verð áður 55.363 kr. -



94DC988KB1
**Hleðsluhöggborvél 18V-1*2,6Ah**
**24.900 kr.-**
Verð áður 29.900 kr. -



94DC740KA
**Hleðsluborvél 12V 1,3Ah**
**9.900 kr.-**
Verð áður 16.900 kr. -



94D51845
**Naglabyssa 90mm 20° Vír/Hóba**
**39.900 kr.-**
Verð áður 45.900 kr. -



94DC547K
**Kíttibyssa 18V 1*2.6h**
**27.900 kr.-**
Verð áður 39.900 kr. -



94DC600KA
**Hleðsluskrúfjárn 3,6V, 6Nm**
**9.900 kr.-**
Verð áður 16.900 kr. -



94DE9503
**Rafhlaða 2,6Ah NIMH 18V**
**10.900 kr.-**
Verð áður 15.900 kr. -



94D27901
**Ryksuga vatn/ryk 45l**
**44.900 kr.-**
Verð áður 52.900 kr. -



94D51823
**Naglabyssa 90mm 34° Paslode**
**39.900 kr.-**
Verð áður 49.900 kr. -



94DC540K
**Kíttisbyssa 12V 1*2,6Ah**
**24.900 kr.-**
Verð áður 38.950 kr. -



94DW304PK
**Stungusög 1050w 0-2800 s.mín**
**19.900 kr.-**
Verð áður 24.900 kr. -



94DW712
**30cm electr geirungssög 1600w**
**68.900 kr.-**
Verð áður 84.900 kr.-



94DW745
**Borðsög 2000W 250*30mm**
**69.900 kr.-**
Verð áður 99.900 kr. -


2 Rafhlöður

94DC351KL
**Sleðasög 28V NANO 2*2,2Ah**
**119.900 kr.-**
Verð áður 136.900 kr. -



94DWS520KR
**Sleðasög 1300W, 165mm blað**
**67.900 kr.-**
Verð áður 89.900 kr. -



94DT4591
**Bita og borasett DeWalt 19 stk**
**9.900 kr.-**
Verð áður 18.900 kr.-



94DT7921
**Bita og borasett DeWalt 19 stk**
**2.800 kr.-**
Verð áður 4.900 kr. -



94DT9292
**Verkfærasett 100 hluta**
**8.900 kr.-**
Verð áður 16.900 kr. -



94DT8300
**DeWALT Verkfærataska**
**8.900 kr.-**
Verð áður 12.900 kr. -

SINDRI

BYGGINGADEILD | VERSLANIR | VÉLADEILD | ÞJÓNUSTUDEILD

www.sindri.is sindri@sindri.is Bæjarhraun 12 Hafnarfirði Viðarhöfða 6 Reykjavík Sími: 575 0000



**SVIFIÐ Í GEIMNUM** Geimferjan Discovery sést hér svífandi í 344 km hæð yfir Suður-Kyrrahafi eftir að hún aftengdist Alþjóðlegu geimstöðinni á föstudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Frá upphafi hefur Rauði krossinn ekki safnað jafn miklu fé í fatasöfnun:

# Notuð föt fyrir átján milljónir

**SAMFÉLAGSMÁL** „Aldrei hefur safnast jafn mikið fé í fatasöfnun hjá Rauða krossinum,“ segir Þórir Guðmundsson formaður stjórnar Fatasöfnunar Rauða krossins. Þórir afhenti Kristjáni Sturlusyni, framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands, átján milljónir króna fyrir hönd þeirra sem gáfu notuð föt á árinu.

„Sjálfboðaliðastarfið er forsenda þess að við getum sinnt svona verkefnum. Það voru 130 sjálfboðaliðar sem komu að verkefninu,“ segir Þórir en allur ágóði rennur til alþjóðlegs hjálparstarfs. „Í síðasta mánuði tilkynntum við átta milljóna fjárveitingu til Palestínu og nú vorum við að tilkynna að við ætlum að setja tíu milljónir í neyðaraðstoð í Sómalíu.“




**ÞÓRIR GUÐMUNDSSON, ÖRN RAGNARSSON OG KRISTJÁN STURLUSON** Það var bjart yfir mönnum við söfnunargám Rauða krossins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alþjóða Rauði krossinn hefur sent frá sér neyðarbeiðni vegna ástandsins í Sómalíu. „Ástandið er hrikalegt og fer versnandi. Í Sómalíu fara saman uppskerubrestur vegna þurrka og langvarandi borgarastyrjöld sem er að færast í aukana. Hundruð þúsunda þjást af matar- og drykkjarskorti og neyðarkall alþjóðasamfélagsins er ekki að ástæðulausu,“ segir Þórir og bætir við að það liggi beint við að beina aðstoðinni þangað. „Féð sem fer frá okkur núna kemur til með að borga hluta af mataraðstoðinni sem berast þarf til rúmlega fjögurhundruð þúsund manna.“ - ges

Námsflokkar Reykjavíkur:

# Iðunn ráðin forstöðumaður

**REYKJAVÍK** Iðunn Antonsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur.

Iðunn er kennari að mennt, með framhaldsnám í stærðfræði og stjórnun að baki. Hún hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. Hún hefur einnig setið í fulltrúaráði Kennarasambands Íslands og verið formaður í Kvasi, félagi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Iðunn hefur starfað hjá Námsflokkum Reykjavíkur frá því í apríl á þessu ári og tekur við starfinu 1. ágúst. - hþj

Sextán ára með farþega:

# Undir aldri á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður var stöðvaður á ofsahraða við Arnarneslæk á Hafnarfjarðarvegi í fyrrinótt. Hann ók á 135 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 80 kílómetrar á klukkustund. Til að bæta gráu ofan á svart var sá sem sat við stýrið einungis sextán ára að aldri og hafði því ekki ökuréttindi.**

**Í bílnum með piltinum voru fjórir jafnaldrar hans. Pilturinn hafði tekið bílinn ófrjálsri hendi frá foreldrum sínum. Lögregla vakti foreldrana og lét þá sækja drenginn á lögreglustöðina.** - sh



**DEBETKORT** Stelpurnar eyddu 27.768 krónum á þremur dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stúlkur dæmdar fyrir þjófnað:

# Stálu tveimur debetkortum

**DÓMSMÁL** Tvær átján ára stúlkur voru í Héraðsdómi Reykjaness dæmdar í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi.

Þeim var gefið að sök að hafa stolið tveimur greiðslukortum í búningsherbergi starfsfólks Hrafnistu og notað til eigin nota dagana 15.-18. febrúar.

Debetkortin voru notuð fyrir 27.768 krónur á ýmsum stöðum, til dæmis á Olís og á skemmtistaðnum Celtic Cross.

Við ákvörðun refsingar var litið til aldurs stúlknanna og að hvorug þeirra hefði gerst sek um refsiverða háttsemi áður. - vsp

Norskur verktaki handtekinn:

# Grunaður um stórfelld svik

**NOREGUR Lögreglan í Noregi hefur handtekið verktakann Harald Langemyhr vegna gruns um að hann hafi greitt erlendum starfsmönnum sínum undir töxtum og boðið þeim upp á slæmar aðstæður. Hann er einnig grunaður um að hafa svikið fé, meðal annars út úr Óslóarborg.**

**Nokkrir starfsmenn hafa lýst yfir að þeir hafi verið beðnir um að fara sér hægt við vinnuna. Þannig hafi verktakafyrirtæki Langemyhrs grætt því að fyrirtækið hafi rukkað mun hærri upphæð á tímann en starfsmennirnir fengu. Grunur leikur á að verktakinn hafi rukkað Óslóarborg fyrir allt að fimmtíu þúsund tíma umfram þá sem unnir voru.** - ghs

# Auglýsendur afbaka tónlist

**Landslið tónlistarmanna segir auglýsendur virða höfundarétt að vettugi. Íslenskir tónlistarmenn eru beðnir um að breyta erlendum lögum lítillega til að sveigja framhjá höfundaréttargjöldum.**

**VIÐSKIPTI** Margar kvartanir hafa borist inn á borð Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) á síðastliðnum árum frá tónlistarmönnum vegna höfundaréttarbrota í auglýsingum.



**PÁLL RAGNAR PÁLSSON**

„Ég hef einu sinni verið beðinn um að semja auglýsingastef eftir fyrirmynd annars lags. Að sjálfsögðu neitaði ég, enda finnst mér þetta vond list,“ segir Árni Rúnar Hlöðversson, oft þekktur sem PlúsEinn, meðlimur í hljómsveitinni FM Belfast.

„Auglýsingafyrirtæki klippa stundum auglýsingar sínar við fræg erlend lög og í stað þess að hafa upprunalega lagið í auglýsingunni og borga flutningsréttarhöfum þau gjöld sem sett eru upp og geta kostað sitt, láta þeir íslenska tónlistarmenn taka lagið upp,“ segir Páll Ragnar Pálsson, tónskáld og tónlistarmaður, en tekur fram að það sé í sjálfu sér ekki ólöglegt.

„Það sem er hins vegar ólöglegt í þessu er þegar tónlistarmönnum eru gefnar þær leiðbeiningar að breyta laginu lítillega en þó nógu mikið svo það teljist ekki stolið, í þeim tilgangi að sveigja framhjá höfundaréttargjöldum.“

Barði Jóhannsson, forsprakki hljómsveitarinnar Bang Gang, er sammála Páli Ragnari en bætir við að aðeins lítill hluti þessara mála komi til kasta STEFs.

„Oft eru þetta minni fyrirtæki sem hafa ekki burði til að borga dýr höfundaréttargjöld en til þess að nota lag í auglýsingu þarf að fá skriflegt samþykki höfunda,“ segir Barði.

Þau gjöld sem fyrirtæki þurfa að borga fyrir að hafa lög í auglýsingum eru tvískipt. Annars vegar er um að ræða upptökuréttinn, sem er oftast í höndum útgefenda tónlistarinnar. Hins vegar er höfundarétturinn sem er í höndum þeirra sem sömdu lag og texta.

Jenný Davíðsdóttir, skrifstofustjóri STEFs, segir að þegar auglýsendur ákveði að láta íslenska tónlistarmenn flytja lögin til þess að þurfa ekki að greiða upptökuréttarhöfum verði samt sem áður að gæta sæmdarréttar.

„Með því er átt við að ekki megi spila lögin með þeim hætti að það skerði höfundarétt en þetta verður að hafa í huga þegar sýslað er með tónlist í auglýsingum. Það má ekki breyta laginu svo mikið að það brjóti gegn þessum rétti.“

Hún segir jafnframt að þegar metið sé hvort lög séu of lík sé sú viðmiðun stundum höfð hvort almenningur tengi lagið í auglýsingunni við upprunalega lagið. vidirp@frettabladid.is



**MEÐ LÍTIÐ MILLI HANDANNA** Fyrirtæki með lítið milli handanna eru líklegri til að nota lög án gjalds, segir Barði Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MÖGULEGA „STOLIN“ LÖG Í AUGLÝSINGUM

**1.** Lagið „Close to Me“ með hljómsveitinni The Cure var notað í stórri auglýsingaherferð MS fyrir skyr, sem enn er í gangi. Notkun lagsins í auglýsingunni var rædd á stjórnarfundi Félags tónskálda og textahöfunda (FTT).

**2.** Mörgum þykir lagið sem notað er í auglýsingum fyrir Smáralind afar líkt laginu „Silent Sigh“ með tónlistarmanninum Badly Drawn Boy.

**3.** Sá sem samdi auglýsinguna fyrir Toyota RAV4 fékk leiðbeiningar um að láta uppbyggingu lagsins vera svipaða og U2-lagsins „Beautiful Day“.

**4.** Margir aðdáendur hljómsveitarinnar Weezer urðu reiðir þegar þeir töldu lagið „Island in the Sun“ með hljómsveitinni afbakað í Kaupþingsauglýsingu. Laglínan var ekki notuð en vel þótti heyrast að gítarstefið væri hið sama.

## SEGIR BRAGÐAREFI EKKI KOMAST UPP MEÐ KLÆKI

„Lög hafa verið sett í auglýsingar í heimildarleysi,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður STEFs.

Hann segir að ef grunur leikur á að lög séu notuð án leyfis höfunda taki STEF málið upp á sína arma. Tveir matsmenn eru þá fengnir á vegum samtakanna og meta hvort um stuld sé að ræða.

„Það er ekki látið átölulaust ef niðurstaða matsmanna er að um stuld sé að ræða.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Þess eru dæmi að auglýsingar hafi verið stöðvaðar tafarlaust og í flestum tilfellum þurftu fyrirtæki að gjalda slík heimildarlaus not dýru verði.“

Hann segir að sem betur fer séu mörg dæmi þess að fyrirtæki kaupi innlend og erlend lög dýrum dómum og noti í auglýsingar og þeim tilfellum sem STEF hefur hjá sér vegna stuldar af þessu tagi fari fækkandi.

Norski olíumálaráðherrann Åslaug Haga í umræðum á Stórþinginu:

# Erum í viðræðum við Ísland

**DREKASVÆÐI** Norski olíumálaráðherrann Åslaug Haga segir að norska ríkisstjórnin sé upptekin af því að finna út hvaða náttúruauðlindir séu á svæðinu við Jan Mayen og að ríkisstjórnin vinni að því að fá slíka starfsemi í gang. Þetta kom fram í svörum hennar við fyrirspurnum þingmanna Hægriflokksins á Stórþinginu nýlega.

„Önnur mikilvæg hlið málsins snýr að því hvernig við eigum að fara með fjórðungsávæðið sem er í samningnum við Íslendinga. Það er ekki ljóst hvernig eigi að fylgja því eftir. Við eigum í viðræðum við Íslendinga um það,“ sagði hún meðal annars.

Norska ríkisstjórnin fylgist vel með undirbúningi Íslendinga að útboði á leyfum til borana á drekasvæðinu um miðjan janúar og olíumálaráðherrann segir að það sé einnig til umræðu milli þjóðanna. Ef brýna nauðsyn beri til verði málið tekið fyrir á Stórþinginu en samkvæmt skipulagi Norðmanna hafi ekki verið gert ráð fyrir að olía verði unnin á þessu svæði.

Hægriþingmaðurinn Peter Skovholt Gitmark benti á mikilvægi svæðisins fyrir Norðmenn ef olía fyndist. Haga sagði að Norðmenn yrðu að „fá betra



**AUKA ÞEKKINGUNA** Norðmenn verða að fá betra yfirlit yfir jarðfræðina og auka þekkingu Noregsmegin við Drekasvæðið áður en lengra er haldið, að mati Åslaug Haga, olíumálaráðherra Norðmanna.

yfirlit yfir jarðfræðina og auka þekkinguna á svæðinu“ áður en lengra yrði haldið. Út frá því verði þeir síðan að „meta hvort eðlilegt sé að fara í gang með það langa og krefjandi ferli“ sem það er að meta hvort Norðmenn ættu að opna svæðið fyrir borunum og hugsanlegri olíu- og gasframleiðslu. - ghs



**120 KEPPENDUR** Um 120 hjólreiðamenn tóku þátt í Bláalónsþrautinni. MYND/ALBERT JAKOBSSON

Bláalónsþrautin:

# Hafsteinn og María unnu

**HJÓLREIÐAR** Bláalónsþraut á fjallahjóli fór nýlega fram í þrettánda skipti og var vann Hafsteinn Ægir Geirsson. Fyrst í kvennaflokki var María Ögn Guðmundsdóttir. Um 120 keppendur lögðu af stað frá Hafnarfirði og er það nokkuð færra en í fyrra.

Albert Jakobsson, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur, segir að tímarnir í ár hafi verið aðeins lakari en í fyrra enda aðstæður nokkuð verri. - ghs

# Gott gengi hjá Sparibíl!

Þessir hafa ekki hækkað hjá okkur á þessu ári.



### Nýr 2008 Toyota Land Cruiser 200

Listaverð hjá Toyota: **13.840 þús.*** fyrir 4,7 L vél með 5 þrepa sjálfskiptingu.
Okkar verð frá: **8.840 þús.** fyrir 5,7 L vél með 6 þrepa sjálfskiptingu.
Munurinn er um 100 hestöfl.
Innifalið í verði er aukabúnaður fyrir um **1 milljón.**

**Þú sparar því: 5 milljónir**

Litir á lager: Steingrár - Silfur - Dökkgrænn - Hvítur

4 ára ábyrgð

ATH! Þeir sem hafa hugsað sér kaup á dísel bíl. Það tekur 50 ár að vinna upp verðmuninn, ef mæld er uppgefin eldsneytis eyðsla beggja bíla, miðað við 20.000 km akstur á ári. Óháð fjármagnskostnaði.



### Nýr 2008 M.Benz GL 320 CDI dísel, 7 manna

Listaverð Öskju: **10.450 þús.** án aukabúnaðar **
Okkar verð: **frá 8.890 þús. til 11.698 þús.**
Innifalið í verði er aukabúnaður fyrir **2.135 þús. til 3.798 þús.**

**Þú sparar því milli 2.500 þús. til 3.700 þús.**

Litir á lager: Silfur – Svartur – Dökkgrár – Dökkblár - Dökkgrænn

4 ára ábyrgð



### Nýr 2008 Range Rover Sport Supercharged

Listaverð B & L: **14.280 þús.*** án aukabúnaðar.
Okkar verð: **9.990 þús.**
Innifalið í verði er aukabúnaður fyrir um **1 milljón.**

**Þú sparar því um: 5,3 milljónir**

Litir á lager: Steingrár

4 ára ábyrgð

## ALLIR BÍLARNIR ERU TIL Á LAGER

Lægra verð - Lengri ábyrgð

SPARI bíll

**www.sparibill.is · Fiskislóð 16 · Granda · Sími: 577 3344**

*Samkvæmt verðlista á heimasíðu þann 3.Júní 2008 **Samkvæmt skriflegu tilboði dagsett 4.Júní 2008

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Höfnun Íra á umbótasáttmála ESB:

## Lýðræðið setur strik í reikninginn

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Evrópusambandið hefur slæma reynslu af því að stefnumarkandi ákvarðanir þess séu bornar undir þjóðaratkvæði. Það býr því gjarnan svo um hnúta að þessar ákvarðanir geti gengið í gildi án þess að almennir kjósendur fái að tjá hug sinn til þeirra. Það var sú leið sem leiðtogar ESB ákváðu að fara til að koma í framkvæmd þeim breytingum á stjórnskipan sambandsins sem þeir töldu brýnastar eftir að stjórnarskrársáttmálinn svonefndi strandaði í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi fyrir þremur árum.

Kaldhæðni örlaga stjórnarskrársáttmálans var reyndar sú, að engin fyrri sáttmálauppfærsla í sögu sambandsins hafði verið samin með eins lýðræðislegum hætti, þar sem í stað hefðbundinnar ríkjaráðstefnu (þar sem ráðherrar aðildarríkjanna ákváðu allt í hrossakaupa-samningaviðræðum á bak við luktar dyr) var haft fyrir því að kalla saman eins konar stjórnlagaþing þar sem sátu fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu af þjóðþingum aðildarríkjanna. Allar umræður fóru fram fyrir opnum tjöldum og almenningi gafst kostur á að koma tillögum á framfæri. Það var því ráðamönnum ESB mikil vonbrigði er sá sáttmáli strandaði í þjóðaratkvæðagreiðslum í tveimur af stofnríkjum sambandsins.

Vonbrigðin eru ekki minni nú, þegar eina ESB-þjóðin sem fékk færi á að greiða atkvæði um það sem koma átti í staðinn fyrir hinn strandaða stjórnarskrársáttmála (og er ýmist kallað umbóta- eða Lissabonsáttmálinn) sagði nei. Að Írar, sem óneitanlega hafa notið mjög góðs af aðild sinni að sambandinu í meira en þrjá áratugi, skuli sýna ESB-leiðtogunum gula spjaldið með þessum hætti er áminning um að þeim, leiðtogunum, hefur ekki tekist sem skyldi það ætlunarverk að bæta vinnulag sitt, einkum og sér í lagi að því er varðar upplýsingamiðlun til almennings og að kjósendur fái ekki á tilfinninguna að mikilvægar, stefnumarkandi ákvarðanir um framtíð þeirra séu teknar að þeim forspurðum.

Þetta eru sennilega mikilvægustu skilaboðin úr niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar á Írlandi. Hvað sem líður gagnrýni af því tagi að vafasamt sé að þrjár milljónir atkvæðisbærra Íra (eða öllu heldur ein og hálf þar sem kjörsókn í atkvæðagreiðslunni var rúm 50 prósent) taki ákvörðun sem sé bindandi fyrir hinar 495 milljónir íbúa sambandsins, þá stendur núna upp á ráðamenn ESB, bæði „í Brussel“ og í höfuðborgum aðildarríkjanna 27, að standa sig betur í að sannfæra almenna kjósendur um að það sem ákveðið er á vettvangi sambandsins hverju sinni sé borgurunum í hag.

Ein af röksemdum þeirra sem beittu sér gegn samþykkt nýja sáttmálans var að hann myndi ýta smáríkinu Írlandi meira út á jaðar ESB-stjórnmálanna. Kaldhæðnin við höfnun Íra er reyndar sú, að hún hefur einmitt þau áhrif. Þessu gerir írski forsætisráðherrann Brian Cowen sér augljóslega grein fyrir. Hann sagðist í gær myndu reyna að forða landi sínu frá að einangrast þegar hann mætir á leiðtogafund ESB síðar í vikunni.

Evrópusambandið mun ráða fram úr þeim vanda sem Írar hafa nú sett það í. En að eina þjóðaratkvæðagreiðslan um nýjustu stofnsáttmálauppfærsluna skyldi fara á þennan veg tryggir að þegar loks næst að koma í framkvæmd slíkri uppfærslu mun verða löng bið á því að það verði reynt aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvur færi?

Orðið á götunni sagði frá því í gær að Bjarni Benediktsson hefði verið að hugsa um að hætta, en hætt við eftir fund með Geir H. Haarde sem hefði lofað honum ráðherrastól á næstunni. Tveir ráðherrar voru strax grunaðir um að vera að víkja. Annars vegar Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, en þrálátur orðrómur hefur verið, frá því að ríkisstjórnin var mynduð, um að hann muni einungis sitja hálft kjörtímabilið. Hinn sem lá undir grun er Árni Mathiesen, sem þykir koma til greina sem arftaki Friðriks Sophussonar sem forstjóri Landsvirkjunar. Það er örugglega ekki vinsælasta starfið núna að vera fjármálaráðherra. Það er svo miklu skemmtilegra þegar gullið vellur upp úr ríkiskassanum.



### Ekki í fyrsta sinn

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem sagan um að Bjarni Ben sé að hætta í pólitík dúkkar upp. Fyrir síðustu kosningar var þrálátur orðrómur um að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram aftur, heldur einbeita sér að N1 og öðrum viðskiptum – líkt og Orðið sagði í gær. Mögulegt er að Bjarni verði öðru hvoru svona afhuga pólitíkinni. Hins vegar er möguleiki á að einhver sé að reyna að skapa eftirspurn eftir Bjarna, svo staða hans í þingflokknum verði sterkari. Þriðji möguleikinn eru jú alltaf sá að sagan um fundinn með Geir hafi verið rúmlega eins og hálfs árs gömul.



### Ekki svo óljóst

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hún vildi ekki gefa upp afstöðu sína gagnvart skólagjöldum. Þegar hún var í framboði til rektors árið 2005 sagði hún hins vegar: „Ég er andvíg því að líta til skólagjalda til lausnar fjárhagsvanda HÍ. Ég tel að menntun sé arðbær og að það sé skynsamlegt fyrir íslenskt samfélag að tryggja öllum, án tillits til efnahags, aðgang að HÍ.“ Er þetta nokkuð svo óljóst?

svanborg@frettabladid.is

# Töframeðal nútímans



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Samgöngur

Í hinum indælu ferðaþáttum Michaels Palins sem sýndir voru í sjónvarpinu um daginn var það sláandi að ekki er svo aumt og langhrjáð land í Evrópu að þar gangi ekki lestir, sem Palin hoppaði upp í glaður í bragði og létthífaður af öllu hvítvíninu sem alltaf var verið að gefa honum, eins og hann hefði aldrei frétt af því hvílík skömm og hneisa það er að þurfa að ferðast með öðru fólki í vagni – láta hreinlega annan mann um aksturinn.

Á Íslandi er hins vegar ekki til svo aumt hreysi að þar standi ekki að minnsta kosti þrjár hátíðarútgáfur af pallbíl fyrir utan – að ógleymdum „litlu“ bílunum fyrir aðra heimilismeðlimi en þennan eina karlmann sem hossast um á sínum bensínsvelg eins og hann sé alla daga að flytja heyrúllur yfir jökulár.

Maður heyrir þá stundum í fjölmiðlum hróðuga og í léttu keppnisskapi vitna um ný og ný met: Það kostar orðið tuttugu þúsund að fylla á minn... Blessaður vertu, það kostar þrjátíu þúsund að fylla á minn... Uss það er sko ekkert; fimmtíu þúsund á minn...

Þetta hljómar eins og þeir séu að tala um fallþunga dilka.

### Hvað er meira erlendis?

Því miður virðumst við hér föst í vítahring rótgróinna ranghugmynda um almenningssamgöngur: að þær séu neyðarbrauð handa öldruðum og öryrkjum og skólafólki – en ekki raunverulegur kostur fyrir millistéttina eins og tíðkast hjá siðmenntuðum þjóðum. Þau hjá Strætó halda að þetta sé sér að kenna – og eru alltaf að leita nýrra og æ örvæntingarfyllri leiða – en ég ætla hins vegar að leyfa mér að varpa fram þeirri byltingarkenndu tilgátu að vagnarnir séu tómir vegna þess að fólkið sé ekki í þeim.

Því fólkið er haldið meinloku. Að það sé ófínt að taka strætó.

Um leið og almennt millistéttarfólk fer að nota strætó kemst það að raun um að þjónustan er alveg nógu góð, og þegar fólkinu fjölgar batnar þjónustan. Og svo framvegis.

Lestir. Hvað er meira erlendis en þær? Framandlegra, exótískara? Í mínu ungdæmi var það þetta þrennt sem táknaði útlönd og allir urðu að prófa: Polar Beerinn í Fríhöfninni, Rússibaninn í Tívolí – og lestir. Interrail-ferð var manndómsvígsla ungmenna, óhemju spennandi í nokkra mánuði, en svo var þetta orðið ágætt og kominn tími til að halda heim. Lestir voru bara eitthvað í útlöndum – eitthvað fyrir útlendinga.

### Til síðasta bensíndropa

Árið 1895 skrifaði Valtýr Guðmundsson í tímarit sitt Eimreiðina – en því miður tapaði sá mikli framfarasinni slagnum við Hannes Hafstein um ráðherradóm árið 1904:

„Ef alþýða manna á Íslandi þekkti járnbrautir og vissi, hve margvíslega og margfalda blessun þær hafa í för með sjer fyrir líf og efnahag manna, þá mundi hún ekki linna látum fyrri en hún væri búin að ná í þetta mikla töframeðal nútímans.“

Og Valtýr skrifaði líka:

„Þau einu samgöngufæri, sem geta fullnægt þörfum nútímans eru eimskip og eimlestir.“

Kannski spurning þetta með eimskipin en hitt hljómar tímabærara en nokkru sinni á tímum síhækkandi olíuverðs og kostnaðar við þjóðvegakerfið vegna þungaflutninga. Að vísu virðist Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík í þann mund að leggja niður Orkuveituna og banna þátttöku Íslendinga í orkuævintýrum heimsins af heimóttarskap og hagsmunagæslu, enda Flokknum löngum stjórnað af bensín- og bílasölum og borgin skipulögð eftir því. Það verður greinilega barist til síðasta bensíndropa en framtíðin býr nú samt í öðrum orkugjöfum.

Ísbjarnarfárið á dögunum varð til þess að nýjar og framsæknar hugmyndir nefndar á vegum Árna Mathiesen féllu í skuggann, en þær snerust um að skattleggja sjálft bensínið fremur en bílana og beina fólki með þeim hætti fremur að því að nota eyðsluminni bíla. Þessum hugmyndum hefur verið furðu illa tekið víða nema í ágætum leiðara Jóns Kaldal í Fréttablaðinu. Olía er að verða munaðarvara hér rétt eins og annars staðar og kominn tími til að horfast í augu við það.

Og þá verða lestir knúnar öðru en olíu töframeðal nútímans. Stundum er talað um að lestir séu ekki raunhæfur kostur hér á landi – en er þá sem sagt trukka- og pallbílastefnan raunhæf?

Af hverju eru lestarsamgöngur ekki raunhæfar á Íslandi? Var það gáfulegra að leggja mikið flæmi og kostnað í að gera langtímastæði í Keflavík fyrir einkabílana en að leggja braut þangað?

Það er ekkert í þjóðarkarakter Íslendinga sem mælir á móti eimreiðum. Við súpum bara seyðið af því að hafa búið hér við stjórnvöld alla tuttugustu öldina sem þverskölluðust við að sinna almennilegri uppbyggingu í samgöngumálum.

# *Hernaðurinn gegn almenningi*

**UMRÆÐAN**

Árni Þór Sigurðsson skrifar um hernaðarmál



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

Hvarvetna um heiminn býr fólk við hungur, fátækt og farsóttir. Allt að milljarður manna berst fyrir lífi sínu á hverjum degi, baráttu sem oftar en ekki virðist vonlaus, baráttu sem tapast. Hörmuleg misskipting, viðvarandi stríðsátök og mannréttindabrot eru daglegt brauð hundruða milljóna manna. Stríð eru jafnan háð á forsendum hernaðar- og viðskiptalegra hagsmuna stórvelda og vopnaframleiðenda. Á þeirri mælistiku eru líf og limir almennra borgara lítils virði. Ofbeldi og efnahagsleg misskipting er hernaður gegn almenningi.

Við Íslendingar eigum að beita okkur fyrir friðsamlegri sambúð þjóða og menningarheima og berjast fyrir mannréttindum, kvenfrelsi, lýðræði, réttlæti og jöfnuði. Það er því þyngra en tárum taki að íslensk stjórnvöld hafi spunnið okkur þann vef hernaðar og vígvæðingar sem raun ber vitni. Höfum við ekki öll verið gerð samábyrg fyrir falli þúsunda óbreyttra borgara? Í Írak. Í Afganistan. Og enn lætur afsökunarbeiðnin standa á sér.

Fyrir aðeins lítið brot af þeim fjármunum sem varið er til hermála í heiminum væri hægt að breyta daglegu lífi almennings úr hreinni hörmung í lífvænlegt. Það þjónar þó ekki hagsmunum hergagnaiðnaðarins né hnattvæddra auðfyrirtækja. Og hægri öflin munu standa vörð um þeirra hagsmuni. Hér á landi flæða hundruð eða jafnvel þúsundir milljóna um nýtt bákn hermála, Varnarmálastofnun, rétt eins og það sé brýnasta forvarnaverkefni samfélagsins. Og þótt það sé vart sýnilegt brot af því gríðarlega fé sem fer í hermál úti í öllum, þá holar dropinn steininn. Það bákn á að óbreyttu aðeins eftir að vinda upp á sig.

Raunalegast er að sjá hervæðinguna hér eiga sér stað undir merkjum jafnaðarstefnunnar. Við getum sem herlaus þjóð lagt mikið af mörkum ef við gætum hlutleysis, ef við bindum ekki trúss okkar við bandalög stórþjóða þar sem viðskiptalegir og hernaðarlegir hagsmunir ráða för og ef við höfnum aukinni hernaðarhugsun heima fyrir. Þá getum við verið raunsönn, öðruvísi fyrirmynd sem eftir er tekið. Til þess þarf breyta stefnu, róttæka jafnaðarstefnu.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

Nikon

*At the heart of the image*

# Ekki bara myndavél – heldur NIKON




## Nikon Coolpix S550

- 10.0 milljón pixlar
- Mjög fljót að kveikja á sér, eintaklega fljót að smella af
- 5 x aðdráttur í linsu (tilsvarandi 36-180mm á 35mm filmu)
- VR hristivörn
- 2,5" LCD skjár
- Hús úr ryðfríu stáli
- Video upptaka með hljóði
- ISO 64-2000
- Rafhlaða endist í allt að 200 myndir
- Notar SD minniskort, 50mb innbyggð
- D-lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
- Aðeins 120 grömm án rafhlöðu
- Fæst í þremur litum

**Verð: 35.900 kr**




## Nikon Coolpix S600

- 10.0 milljón pixlar
- Mjög fljót að kveikja á sér, eintaklega fljót að smella af
- 4 x aðdráttur í linsu (tilsvarandi 28-112mm á 35mm filmu)
- VR optísk hristivörn
- 2,7" LCD skjár
- Hús úr ryðfríu stáli
- Video upptaka með hljóði
- ISO 100-3200
- Rafhlaða endist í allt að 190 myndir
- Notar SD minniskort, 45mb innbyggð
- D-lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni.
- Aðeins 130 grömm án rafhlöðu

**Verð: 44.900 kr.**

## Nikon D60

- 10.2 milljón pixla CCD myndflaga
- Frábær vél fyrir byrjendur og lengra komna
- 2.5 rammar á sekúndu
- 2,5" LCD skjár
- Sjálfvirk rykhreinsun á myndflögu
- Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
- ISO 100-1600
- Lokara hraði 30 - 1/4000
- Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni.
- i-TTL ljósmælikerfi.
- Notar DS minniskort
- Getur notað flestar autofokus linsur fyrir Nikon myndavélar
- Innbyggt flass
- Skór fyrir auka Nikon flass
- Þyngd 495gr (án linsu og rafhlöðu)
- 18-55mm Nikon DX linsa fylgir

**Verð: 84.900 kr**




D60

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |



ÞJÓÐHÁTÍÐARVEISLA
í Krónunni
50% afsláttur
1299 kr. kg
Danskar grísalundir
40% afsláttur
899 kr. kg
Grísakótelettur
25% afsláttur
1119 kr. kg
Lamba sirlionsneiðar
25% afsláttur
349 kr. pk.
Ungnautaborgari 2 í pakka 175g
HÆ HÓ JIBBÍ JEI OG JIBBÍ JEI!
20% afsláttur
1598 kr. kg
Lambalærissneiðar
20% afsláttur
2798 kr. kg
Lambafille
20% afsláttur
Kyckling Bröstfilé
1198 kr. pk.
Rose kjúklingabringur 900g
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartíma
Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19
Króna
virka
lau. 11-

# KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

499 kr. 2 pk.
Þú kaupir 1 Cheerios og 1 Cocoa Puffs og greiðir aðeins 499 kr

129 kr. stk.
Coke light 2 lítrar

189 kr. stk.
Normande brauð

## Krónan í takt við tímann

298 kr. pk.
Emmess popp-íspinnar

329 kr. pk.
Alara lífrænt músli 4 tegundir

299 kr. pk.
Maarud flögur 175 g salt, papriku og salt&pipar

419 kr. pk.
Freyju Rískubbar

40% afsláttur

15 kg!

3 kg!

399 kr. stk.
Super þvottaefni

169 kr. stk.
Myllu epla- og kanilkaka

379 kr. kg
Vínber, rauð

2499 kr. pk
Friskies hundamatur vitality

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

ar í Krónunni:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| n Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosó | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
| daga 11-21 | virka daga 11-21 | virka daga 10-20 | alla daga 10-19 | alla daga 11-19 | virka daga 11-19 |
| 21 sun.12-21 | lau. 11-21 sun. 12-21 | helgar 10-19 | | | lau. 11-19 sun.12-16 |

**TUPAC AMARU SHAKUR RAPPARI VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1971.**

*„Svona er lífsins leikur. Sigra ég eða tapa? Dag einn verður slökkt á honum. Ég verð að skemmta mér og fara eins margar umferðir um spilaborðið og ég get áður en tíminn rennur út.“*

***Tupac Shakur var einn þekktasti og áhrifamesti rappari heims en lést af skotsárum aðeins 25 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 16. JÚNÍ 1940

## *Björgunarafrek undan Ingólfshöfða*

Skipshöfnin á togaranum Skallagrími bjargaði 353 mönnum af breska skipinu Andia þennan mánaðardag árið 1940. Andia var vopnað kaupfar í þjónustu breska flotans sem þýskur kafbátur sökkti suður af Ingólfshöfða.

Togarinn Skallagrímur var á leið í söluferð til Hull og var út af Vestmannaeyjum þegar breskt skip kom aðvífandi og bað um aðstoð við leit að áhöfn Andia, sem sökkt hefði verið á þessum slóðum. Eftir nokkra leit kom Skallagrímur að Andia, sem maraði þá enn í hálfu kafi. Skipverjar voru komnir í björgunarbáta og komust allir um borð í Skallagrím. Eins og nærri má geta varð þar þröng á þingi. Andia sökk skömmu eftir að Skallagrímur kom á staðinn. Hann hélt áfram ferð sinni til Bretlands með hinn dýrmæta farm innanborðs. Þrjátíu og sex stundum eftir björgunina kom breskur tundurspillir og sótti skipbrotsmennina. *Heimild: Ísland í aldanna rás*



**MERKISATBURÐIR**

- **1877** Ísafoldarprentsmiðja er tekin í notkun og prentar blaðið Ísafold í fyrsta sinn.
- **1909** Vatni úr Elliðaánum er hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur.
- **1940** Sovétríkin leggja Eistland undir sig.
- **1943** Strandferðaskipið Súðin verður fyrir loftárás þýskrar orrustuflugvélar á Skjálfandaflóa og tveir menn farast í árásinni.
- **1944** Alþingi heldur fund í Reykjavík, fellir niður sambandslög Íslands og Danmerkur og tekur nýja stjórnarskrá í gildi.
- **1980** Gufuneskirkjugarður í Reykjavík er tekinn í notkun.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún A. Guðbjartsdóttir**

frá Kollsvík, Norðurbrún 1, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 19. júní kl. 15.00.

**Elsa Marísdóttir** | **Gunnar Tómasson**
**Magnús Marísson** | **Sigríður Sigurðardóttir**
**Björg Marísdóttir** | **Jónas Marteinsson**
**Hildur Marísdóttir** | **Þorvarður Óskarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Edda Sigurveig Halldórsdóttir**

Vallholti 26, Ólafsvík,

verður jarðsungin frá Seljakirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 15.00.

**Hermann Hjartarson**
**Matthildur Laufey Hermannsdóttir** | **Theódór Barðason**
**Jensína Edda Hermannsdóttir** | **Haraldur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurður Þór Garðarsson**

Hólabraut 14, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 16. júní kl. 13.10. Blóm og kransar vinsamlega afbeðin en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hauka í horni. Reiknr. 1101-26-484 kt. 670281 0279.

**Grétar M. Garðarsson** | **Soffía G. Karlsdóttir**
**Kristinn G. Garðarsson** | **María K. Sigurðardóttir**
**Særún Garðarsdóttir** | **Magnús Jóhannsson.**

†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurgestur Guðjónsson**

bifvélavirkjameistari, Vogatungu 33, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag, mánudaginn 16. júní kl. 15:00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Hörður Sigurgestsson** | **Áslaug Ottesen**
**Sigrún Sigurgestsdóttir** | **Guðlaugur B. Sumarliðason**
**Ásgeir Sigurgestsson** | **Stefanía Harðardóttir**
**Ásdís Sigurgestsdóttir** | **Þórarinn Klemensson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

**ÞORLÁKUR AXEL JÓNSSON:** FAGNAR 25 ÁRA ÚTSKRIFTARAFMÆLI ÚR MA

# Lífið var annað hvort diskó eða pönk, eða það héldum við

Menntaskólinn á Akureyri útskrifar stúdenta sína á morgun samkvæmt hefðinni. Auk nýstúdentanna mæta þar fulltrúar eldri árganga sem standa á heilum og hálfum tug. Þeir fjölmenna líka í dag á MA-hátíðina í Íþróttahöllinni sem tuttugu og fimm ára stúdentar sjá um en aðrir afmælisárgangar sækja líka. Einn þeirra sem þar mæta pottþétt er Þorlákur Axel Jónsson sem einmitt kennir sögu, félagsfræði og skyldar greinar við gamla skólann sinn. „Þetta er heilmikill viðburður,“ lýsir hann. „Gleðin hófst reyndar á laugardag með bekkjarpartíum úti um allan bæ. Flestir bekkir eru svo heppnir að eiga að minnsta kosti einn félaga hér á Akureyri og og heima hjá honum er hist. Í gær var farið í rútum af bæ og þar rifjuðu menn upp færni sína í hinum ýmsu leikjum. Í dag er svo hátíðin í Höllinni. Þá koma eins árs stúdentar og kasta hvíta kollinum og svo árgangar sem eiga merkisafmæli. Í ár mætir að minnsta kosti einn sem varð stúdent fyrir 70 árum, Valdimar Snævarr prófessor.“



**ÞORLÁKUR AXEL JÓNSSON MENNTASKÓLAKENNARI** „Það var ekki haldið eins vel utan um unglinga fyrir tuttugu og fimm árum og nú. Menn fengu meira að ráða sér sjálfir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Þorlákur segir þessar samverustundir bekkjarfélaga snúast að miklu leyti um að rifja upp gömlu árin. „Þá var lífið annað hvort diskó eða pönk – héldum við að minnsta kosti þegar við byrjuðum í skólanum. Svo vorum við kannski búin að átta okkur á því þegar námi lauk að það var ekki alveg svona einfalt,“ segir hann brosandi. „Á þessum tíma var ekki haldið eins vel utan um unglinga og nú. Menn fengu meira að ráða sér sjálfir og forvarnarhugtakið var ekki til. Menn sáu um þann þátt – eða ekki,“ segir hann. „En það er mjög gaman að hitta gamla skólafélaga. Skemmtilegra en maður kannski heldur fyrir fram. Það er svo merkilegt hvað fólk getur slakað á og hvað það þekkist furðu vel enn þó að mörg ár séu liðin frá því það hittist síðast.“

Margar góðar minningar frá námsárunum. „Það var margt öðruvísi þá en núna þó að ekki séu liðin nema tuttugu og fimm ár. „Ef við tökum tæknimálin til skoðunar þá var myndvarpinn helsta nýjungin á þessum tíma. Það var til einn slíkur í skólanum. Sumir kennarar gátu ljósritað á glærur og settu heilu fyrirlestrana á þær sem við nemendurnir skrifuðum svo upp. Eina rafmagnsritvélin var á skrifstofunni en við nemendurnir höfðum ekki slík tæki þá og náttúrlega ekki farsíma, iPoda eða tölvur. Það var ekkert af þessu til. Ekki einu sinni geislaspilarar.“

Húsakynni Menntaskólans á Akureyri hafa stækkað til muna frá því Þorlákur var þar við nám. Nýtt hús er komið milli Gamla skólans og Möðruvalla og ný heimavist enda hefur nemendum fjölgað úr 500 í hátt í 800. Þó segir Þorlákur mannlífið að mörgu leyti óbreytt. „Skólar eru auðvitað síungar stofnanir. Þeir endurnýjast alltaf og skólinn er aldrei eins frá ári til árs,“ tekur hann fram. „En sumt er ekkert breytt og það má heita furðulegt. Menn keyptu sér þá til dæmis fransbrauð með osti sem var sett í örbylgjuofn og þessi vara gengur ennþá.“

Þorlákur er Skagstrendingur að uppruna þó að nú hafi hann átt heima á Akureyri meirihluta ævinnar. Á námsárunum í MA bjó hann á heimavist að hluta og þar var oft mikil stemning að hans sögn. „Á vistinni var setustofa eins og nú og þar var spilað brids með „setustofukerfi“ sem var sagnakerfið. Við bridsborðið var keðjureykt og á þessum árum var líka reykt í löngu frímínútunum í miðrýminu sem var Möðruvallakjallari,“ rifjar hann upp. „Þar voru sígarettur seldar í lausu. Stykkið kostaði fimm nýjar krónur sem var frekar dýrt en hentaði mjög vel þeim sem voru að byrja, þeir gátu þá keypt eina eða tvær. Nú er auðvitað bannað að reykja, ekki bara í miðrýminu heldur líka á kennarastofunni og á lóðinni enda reykir varla nokkur kjaftur hérna lengur og heilu bekkirnir eru algerlega lausir við þann óþverra.“

-En hvað um ykkur kennarana sem lærðuð að reykja í löngu frímínútunum? er lokaspurning blaðamanns.

„Við hættum bara fljótlega aftur. Það var augljóslega engin framtíð í þessu.“

**gun@frettabladid.is**

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Olgeir Kristinn Axelsson**

kennari og prentari, Fannborg 8, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. júní kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Gideonfélag Íslands og KFUM.

**Ester Vilhjálmsdóttir**
**Valgerður Kristín Olgeirsdóttir** | **Unnar Már Sumarliðason**
**Kolbrún Olgeirsdóttir** | **Ingvar Ólafsson**
**Edda Olgeirsdóttir**
**Sigríður Olgeirsdóttir** | **Sigurjón Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**


**Legsteinar**

í miklu úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

**Pottablómin** þarf að muna að vökva reglulega og líka þó að öll fjölskyldan fari burt í sumarfrí. Við þær aðstæður er nauðsynlegt að koma blómunum í fóstur eða fá einhvern til þess að koma og gefa þeim.



**Gardínur** getur verið skemmtilegt að hafa árstíðabundnar. Vera með sérstakar gardínur á veturna og aðrar á sumrin, setja upp jólagardínur á jólunum og páskagardínur um páska. Oft þarf ekki meira til þess að allt virðist gjörbreytt.



**Ruslaskápinn** er tilvalið að hreinsa að innan með blautþurrkum sem hugsaðar eru til þess að þrífa klósett. Þar sem ruslið lendir stundum út fyrir fötuna er ágætt að nota eitthvað sótthreinsandi.


Þjóðhátíðartilboð

20% afsláttur

Laugardag og Mánudag.

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opnunartími Laugardaga 10-17
Mán - Föst 10-18




Gyðjurnar sem hér gefur að líta vann Eva Hrönn árið 2005 þegar hún stóð á tímamótum í lífi sínu. Þá ákvað hún að hætta tímabundið að vinna og málaði í heilt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Gyðjur og innri friður

***Á heimili Evu Hrannar Hafsteinsdóttur eru kynlegar heimilisgyðjur sem hún hefur skapað.***

„Ég byrjaði að mála gyðjurnar í barneignaleyfi fyrir sjö árum síðan og hef tekið nokkrar tarnir í þessu,“ segir Eva Hrönn, sem vill helst kalla sig lífslistamann. „Í fyrstu vann ég með þetta sérstaka bros þegar ég var í myndlistaskóla í Hollandi. Ég var að leika mér með svipbrigði og líkamsstellingar og gyðjurnar urðu til út frá því. Þetta eru týpur sem búa innra með mér og kennarinn minn sagði að ég yrði að hleypa þessu fólki út,“ segir Eva Hrönn kímin og bætir við að gyðjurnar brjótist út eftir ýmsum leiðum. „Þær geta komið sem teikningar, grafík eða á striga.“

Fyrsta gyðjan varð til nakin og táknar kvenleikann og sakleysið í öllu sínu veldi. „Ég ákvað að gera gyðjuseríu en í upphafi gerði ég sjálfsmynd af mér sem prinsessu og áttaði ég mig á því síðar að fyrstu gyðjumyndirnar voru að mörgu leyti sjálfsmyndir þar sem ég var að tjá ólíkar hliðar á sjálfri mér. Þetta var eftir að ég varð móðir og var ég í raun að brjótast út sem kona,“ útskýrir Eva Hrönn einlæg og líkir ferlinu við það þegar púpan brýst út sem fiðrildi. „Þetta eru pælingar um hvernig stúlka breytist í konu. Í upphafi er hún saklaus, síðan verður hún feimin, svo kemur tímabil þar sem hún fyllist meira sjálfsöryggi og svo framvegis. Gyðjurnar fara alltaf í fleiri föt og sjást í fleiri aðstæðum og oft er mikill húmor í þeim. Gyðjurnar eru mitt lífstíðarverkefni,“ segir Eva Hrönn.

Auk þess að vera listakona er Eva Hrönn með nuddstofuna Innri frið heima hjá sér og veltir hún því manneskjunni fyrir sér út frá ýmsum hliðum. „Ég legg áherslu á slökun og er lærður svæðanuddari og vinn með blómadropa.“ Hægt er að komast í samband við Evu Hrönn með því að senda tölvupóst á: eva73@internet.is.

*hrefna@frettabladid.is*




Áttu dýrmæt tæki ?
Explorer töskur eru fullkomin vörn.

Þær eru vatnsheldar, höggþéttar og til í ýmsum stærðum.

FOTO VAL
Myndavélaviðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Fyrir 17. júní

Gallabuxur háar í mitti 3.990 kr
St. 36-46
Gallakvartbuxur 3.990 kr
St. 36-44
Gallapils 3.990 kr



FLASH ný sending
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Nýkominn
HPI Savage XL
fjarstýrður bensín torfærutrukkur, sá stærsti og öflugasti til þessa.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600 • www.tomstundahusid.is

**Sólstólana** er betra að taka inn þegar rignir. Þó að þeir þorni þegar sólin fer að skína aftur endast þeir ekki í mörg ár ef þeir eru látnir standa úti hvernig sem viðrar.






GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Ertu að flytja, láttu fagmenn sjá um verkið fyrir þig
Örugg og trygg þjónusta
557-9090
SENDIBÍLASTÖÐ KÓPAVOGS

NÝ NORDSJÖ VERSLUN



Nordsjö inni- og útimálningin þekur og endist betur.
Nordsjö gæðamálning sparar tíma og vinnu.
SérEfni
Nordsjö • International
Virka daga 08-18 , Laugardaga 10-14 • Lágmúli 7, bakhús • S: 517 0404

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



flooré GÓLFHITI



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is
Hringás ehf.




Hestasængurverin eru nýjung hjá Lín design og að sögn Hildar afgreiðslukonu hljóta þau aðdáun unga fólksins. Þau eru til í tveimur stærðum, 135x200 cm sem kosta 7.990 krónur og 100x140 á 6.190. Koddaverið er í stærð 50x70 og kostar 1.790. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gæðalín fyrir góða drauma

***Hlýlegt, stílhreint, hljóðvænt og þægilegt. Þannig viljum við hafa svefnherbergið.***

Kröfurnar sem við gerum til svefnherbergisins eru miklar. Rúmið á að vera hæfilega mjúkt, lýsingin rétt og litirnir á veggjunum róandi. Rúmfatnaðurinn skiptir líka miklu máli þegar heildarmyndin er metin. Sængurnar sjá um að halda á okkur hita og gæðalín utan um þær á sinn þátt í að tryggja góða drauma. Falleg ábreiða á rúmið er svo bæði til hlífðar og prýðis á daginn og ekki spillir að hafa þar nokkra púða til að fullkomna útlitið. *gun@frettabladid.is*



Vatterað, spænskt rúmteppi í Svefni og heilsu í Listhúsinu í Laugardal. Það fæst í tveimur stærðum kenndum við kóng og drottningu og kosta 27.900 og 26.900 krónur. Báðum fylgja tvö koddaver og einn skrautpúði. Pífan er seld sér á 5.900 og 5.400 eftir stærð.





Koddaver með ísaumaðri ósk um góða nótt og ljúfa drauma fást í Lín design og kosta 1.890.



Það er franskur stíll á þessum rúmfötum sem sameina það að vera sæng og ábreiða. Þau eru úr þéttofinni bómull og fást í þremur stærðum í Lín design á Laugavegi 176. Stærð 135x200 kostar 8.790, 135x220 9.760 og 220x220 kostar 12.690. Koddaver kostar 1.990.



Straufrí bómullarrúmföt ofin með satínáferð. Fást í Fatabúðinni á Skólavörðustíg 21a og kosta 12.900 settið.

# Útflúraður ofn sem stofustáss

***Með fallegri hönnun getur nánast hvað sem er orðið til prýði á heimilinu.***

Ofnar eru oft ekki til prýði á heimilum og gjarnan reynt að fela þá bak við skerma og spjöld. Það er þó óheppilegt að loka hitann inni. Ungur hönnuður, Joris Laarman, tók sig til og hannaði ofn sem er skrautmunur í sjálfu sér. Ofninn hannaði hann fyrir nokkrum árum en nú kemur ofninn fyrst á almennan markað í lok þessa árs. Ofninn verður hægt að kaupa bæði sem rafmagnsofn og fyrir heitt vatn en belgíska fyrirtækið Jaga framleiðir ofnana. Ofnar þurfa að hafa mikið yfirborð til að skila hitanum vel. Flúrað skreytið býður upp á enn meira yfirborð en á sléttum ofnum og hönnuðurinn segir sjálfur um hönnun sína að ofninn sé jafnvel betri en venjulegir ofnar. Nánar má lesa um ofninn Heatwave og panta hann á síðunni www.jaga.be *- rat*



Ofninn Heatwave verður fáanlegur á almennum markaði í haust. Belgíska fyrirtækið Jaga framleiðir ofnana. MYND/JORISLAARMAN IMAGEBANK



# Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending

Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!



# fasteignir

16. JÚNÍ 2008





Hert gler ...í milliveggi

Íspan GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is






Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. SIBA–ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita

BLIKKÁS – FUNI

Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700

www.funi.is – www.blikkas.is




Úr stofunni er mikið og fallegt útsýni yfir Reykjavík og nágrenni.

# Góð lofthæð og garður

**Fasteignarsalan Húsanaust hefur til einkasölu tæplega tvö hundruð fermetra endaraðhús í Gvendargeisla.**

Húsið er á tveimur hæðum með stórri og skjólgóðri timburverönd þar sem lagnir eru fyrir heitan pott.

Húsið var byggt árið 2005. Á neðri hæð hússins er flísalögð forstofa. Stofan og borðstofan eru með eikarparketti á gólfi, mikilli lofthæð og stórum gluggum. Í stofunni er tvöföld hurð sem liggur út á 56 fermetra timburlagða verönd. Svefnherbergi neðri hæðar er með eikarparketti og góðu skápaplássi.

Eldhús er með góðu skápaplássi og borðkrók. Baðherbergið er flísalagt með nuddbaðkari og góðri innréttingu. Þvottahús er á neðri hæðinni.

Á efri hæð er gott vinnurými með útgengi út á svalir. Tvö svefnherbergi eru á hæðinni með eikarparketti og góðum skápum. Baðherbergi er flísalagt með upphengdu salerni og sturtuklefa. Parkettlögð geymsla er einnig á hæðinni.

Bílskúrinn er með epoxy-gólfefni og þriggja fasa rafmagnstengli.

Tvöfaldur ísskápur og uppþvottavél geta fylgt með í kaupunum og einnig er möguleiki á að taka minni eign upp í kaupverðið. Nánari upplýsingar eru veittar á fasteignasölunni Húsanaust.


# EIGNIR ÓSKAST!

Allir þeir sem skrá eignir í sölu hjá okkur
eiga möguleika á að vinna flugferð fyrir tvo til Evrópu.

Ekkert skoðunar- og skráningargjald.

**Hafðu samband í síma 511 5005 eða á**

**www.husin.is**

**Hlökkum til að heyra frá þér og þjónusta þig.**

Dregið verður 3. júlí 2008



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI
F A S T E I G N A S A L A

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

LÖGMENN SUÐURLANDI
480 2900 www.log.is




Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801

Félag fasteignasala

## KJARRHÓLAR 15, SELFOSSI




Til sölu fallegt og vandað 146,4 fm timburparhús ásamt 31,7 fm bílskúr sem er í byggingu. Húsið er nú fullbúið að utan og tilbúið til innréttinga að innan.
**Verð 35,9 m.**

## HRAUNTÚN, FLÓAHREPPI



107,0 fm SG-einingarhús sem er byggt árið 1982. Pallur er fyrir framan hús og er lóðin afgirt. Kjörin eign fyrir þá sem vilja vera svolítið útaf fyrir sig.
**Verð 19,0 m.**

## ÞRASTARIMI 17, SELFOSSI



Snyrtilegt 87,9 fm raðhús ásamt 47,6 fm bílskúr. Í bílskúr er stúdíóíbúð sem mögulegt er að leigja út. Húsið er laust. **Verð 25,5 m.** Nýtt

## VALLARTRÖÐ 1, SELFOSSI



Vel staðsett og gott 9 hesta hús í Vallartröðinni á Selfossi. Húsið er steinsteypt og fullbúið.
**Verð 13,8 m.** Nýtt.

## KRINGLUMÝRI 5, SELFOSSI

Lækkað verð Laust strax.



Fullbúið og vandað endaraðhús, á góðum stað í Fosslandi. Stór timburverönd er við húsið með skjólveggjum og heitum potti. Húsið er byggt árið 2003 úr timbri og er 137,2 að stærð, þar af er bílskúr 28,0 fm.
**Verð 30,5 m.**

## MELHÓLAR 3, SELFOSSI




Raðhús, sem er í smíðum, með bílskúr á góðum stað í Suðurbyggð á Selfossi, í nágrenni við leik- og grunnskóla. Heildarstærð er 128 fm og þar af er bílskúr 38,2 fm. **Verð frá 15,5 m.**

## VALLARLAND 7, LÓÐ SELFOSSI



Mjög vel staðsett einbýlishúsalóð í Austurbyggð á Selfossi. Lóðin er 862,8 fm og byggingareiturinn 230 fm. **Verð 5,4 m.**


# NÝ GESTAHÚS OG GARÐHÚS

Völundarhús.is hafa til sölu glæsileg ný gesta- og garðhús sem eru enn sterkbyggðari en áður. Nýju húsin eru bjálkahús frá 34mm að þykkt og koma með tvöfaldri vatnslæsingu. Fyrsta sending er uppseld, önnur sending er að seljast upp, erum enn að taka niður pantanir.


45 mm bjálki
GESTAHÚS 21m²

Einbýlishús
Sumarhús
Parhús
Raðhús
Garðhýsi

www.volundarhus.is


44 mm bjálki
GESTAHÚS 15m²


28 mm bjálki
BARNAHÚS 2,1m²


34 mm bjálki
GARÐHÚS 4,7-9,7m²

Staðgreiðsla
VISA Lán

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

08-0075 Hennar hátign

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



## Aðalþing - Raðhús - Útsýni.

Mjög glæsilegt 261 fm raðhús með innbyggðum bílskúr á þessum fallega útsýnisstað í Kópavogi. Eignin skiptist m.a. í 5 svefnh., 2 baðherb., stofu, borðstofu og eldhús. Stofan, borðstofan og eldhúsið eru opið rými. Innrétting úr eik og að hluta hvít. Granít á borðum. Á efri hæðinni er gott hjónaherbergi með góðum skápum. Baðherbergi með innréttingu og góðum sturtuklefa. Fallegar flísar eru á gólfi og veggjum. Upphengt salerni og gott skápapláss Verð: 79 millj.



## Fáfnisnes 101- lítið sérbýli.

Vorum að fá í sölu 87,5 fm. parhús á tveimur hæðum í Skerjafirðinum. Skjólsæll garður með heitum potti. Húsið skiptist í forstofu, herb., baðherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. Verðtilboð.

Leitum að eignum sem þarf að gera upp, allar stærðir.

Leitum að tvíbýlishúsi í Smáíbúðahverfi.

Erum með eiganda af 3ja herb. íbúð í Grafarvogi sem óskar eftir skiptum upp í 4ra herb á sama svæði

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.



**Þorfinnsgata 101 - nálægt Landsspítala**
4ra herb. íbúð 77.3 fm á 2. hæð auk 14.09 fm herbergis í kjallara með sameiginl. salerni.
Tilvalið til ÚTLEIGU. 8.4 fm geymsla, alls 100,6 fm. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, tvær stofur, 2 svefnh. og bað. Sameiginlegt þvottah. í kjallara. Sjón er sögu ríkari.
TILBOÐ



**Rauðarárstígur - 2ja herb.**
48 fm íbúð á fyrstu hæð miðsvæðis í Rvk. Hvítar fulninga innréttingar í eldhúsi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Geymsla og þvottahús í kjallara. Stæði bakatil. Verð 15.5 millj



**Stórholt - 3ja herb**
67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt og skemmtileg með góðu útsýni. Parket og hurðar úr Eik. Baðherbergi flísalagt með ljósri innréttingu. Verð 23.5 millj



**Efstasund - 4ra herbergja**
81 m2 neðri hæð í sérbýli á þessum gróna veðursæla stað. Húsið hefur verið klætt að hluta að utan og endurnýjun á íbúð hafin. Verð 19.5 millj.



**Sörlaskjól - sérhæð með bílskúr**
Nánast algjörlega endurnýjuð 109,2 fm sérhæð ásamt 25,1 fm bílskúr á þessum góða stað í vesturbæ Reykjavíkur. Mikið útsýni frá stofu og borðstofu til Bessastaða og út á sjóinn. Útgengt á suð-vestur svalir úr stofu.



**Stigahlíð - 3ja herb**
84 fm íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Stutt frá H.R. og Kringlunni. Íbúðin öll endurnýjuð, ný gólfefni, nýtt rafmagn, eldhúsinnr lökkuð og uppfærð, nýjar flísar, tæki og blöndunartæki á baði. Sem sagt; íbúð í topp standi. Verð 25,9 millj



**Kúrland 19 - Raðhús.**
300 fm raðhús á einum eftirsóttasta stað í Reykjavík. Eignin er á tveimur hæðum. Stór skjólsæll garður. Húsið skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 4 herb. og baðherbergi á efri hæð og á neðri hæð forstofu, hol, 4 herb., snyrtingu, þvottahús og geymslu. Íbúðin er skráð 276.1 fm og bílskúrinn 25.6 fm.



**Fróðengi - 3ja herb. með bílskúr.**
114.9 fm íbúð á annarri hæð í litlu fjölbýli. Eignin skiptist í eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi, þvottahús og stofu. Bílskúr 21.4 fm fylgir. Sér geymsla og hjólageymsla á jarðhæð. Verð 28.9 millj.



**Stararimi - LÆKKAÐ VERÐ**
Fallegt 165 einbýlishús á einni hæð með 32.3 bílskúr. Eignin skiptist í 3 svefnh., baðherbergi með hornbaðkeri, eldhús með nýlegri innréttingu, samliggjandi stofu og borðstofu. Til suðvesturs er stór falleg afgirt hellulögð verönd. <I>Vönduð eign á frábærum stað. Verð 52.5 millj.



**Flétturimi - 3ja herb. - Bílskýli**
102.5 fm íbúð þ.m.t. stæði í bílskýli. Endaíbúð meö hátt til lofts og einstaklega björt. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stórar suðursvalir með miklu útsýni. Eikarparket á allri íbúð nema baði og þvottah. Verð 22.5 millj.



**Hraunbær- 2ja herb**
56.4 fm íbúð. Parket er á stofu og svefnherbergi. Baðherbergi hefur verið endurnýjað, þvottavélatengi og nýtæki. Sameign er snyrtileg.
Verð 15.9 milljón



**Hraunbær - 3 herb. - LAUS**
88 fm íbúð á 2. hæð í Hraunbænum.
Til leigu er í þessu húsi meginpartur fyrstu hæðarinnar auk ca 170 fm á 2 og 3 hæð. Sameiginlegt mötuneyti / kaffistofa á efstu hæð hússins. Þetta er góð eign í hjarta borgarinnar og getur hentað fyrir ýmsan rekstur svosem skrif - stofur og eða verslunar á jarðhæð. Ýmsir möguleikar eru á hvernig húsnæðinu er skilað fer allt eftir þörfum leigutaka.
Nánari upplýsingar fast á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600

Stóreign.is s :: 590_7600

Stóreign
Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnir:





## Ögurhvarf 6 – Kópavogi 2.696 fm glæsilegt atvinnuhúsnæði tilvalið fyrir verslun og þjónustu.

Rýmið er á jarðhæð með góðum framgluggum og er öll aðkoma vönduð og falleg. Skrifstofuhæð er yfir hluta eignarinnar. Eignin er tilbúin til innréttinga. Lóðin er fullfrágengin og með malbikuðum bílastæðum og hellulagðri stétt, upphitaðri að hluta. Möguleiki er á að kaupa allt húsið eða hluta þess.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 – 590-7600



## Síðumúli - verslunar og iðnaðarhúsnæði

Gott 442 fm iðnaðar og versl - unarpláss. Gott húsnæði sem býður upp á mikla möguleika. Eignin skiptist í framhlið með verslunarrými með góðum gluggum þar sem gengið er inn beint af götu og svo samtengt bakhús með efri og neðri hæð þar sem léttur iðnaður er í dag. Góðar innkeyrsludyr á jarðhæð og iðnaðarhurð á efri.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 – 590-7600

Frum




## Smiðjuvegur 11 - iðnaðarhúsnæði.

Vorum að fá í sölu 1600 fm stálgrindarhús við Smiðjuveg í Kópavogi, húsið er að mestu leyti opinn geimur með mikilli lofthæð, gott útisvæði er við húsið. Þetta er hús sem býður upp á ýmsa möguleika. Möguleiki á að eigandi vilji leigja húsið í einhvern tíma.
Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar , Lágmúla 7 - 590-7600



## Vatnagarðar

### 16-18 -1.287,2 fm. atvinnuhúsnæði

Um er að ræða skrifstofur á efri hæð.
Í húsnæðinu eru 14-16 skrifstofur, opið vinnurými, 2-3 fundarherbergi, mötuneyti og góð móttaka.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600



## Smiðjuvegur -

### iðnaðarbil

Vorum að fá í sölu 106 fm innkeyrslubil Smiðjuveg 4 í Kópavogi, ágætis lofthæð ( 2,60 ) Eignin skiptist í fremra rými með máluðu gólfi þar fyrir inna er nett kaffistofa, skrifstofa og salerni næg bílastæði eru fyrir framan plássið Möguleiki á að leigusamningur fylgi eigninni.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600



## Fannborg

### -Kópavogi Til Leigu

350 fm skrifstofuhúsnæði við Fannborg í Kópavogi. Húsnæðið hýsti áður heilsugæslu kópavogs og skiptist upp í 13 skrifstofur, 3 wc, 1 skjalageymslu og móttöku. Dúkur á gólfum. Næg bílastæði eru við húsið ásamt því að bílakjallari er undir planinu. Hægt er að skipta húsnæðinu upp. Leiguverð 1200 kr. pr fm.

Upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600



## Bæjarlind 14-16

### Til Leigu

180 fm skrifstofuhúsnæði á annarri hæð við Bæjarlind í Kópavogi. Húsnæðið er opið að mestu en þó eru tvær rúmgóðar lokaðar skrifstofur. Dúkur er á gólfi, góðar tölvulagnir. Húsnæðið snýr til norðurs sem er gott þegar um skrifstofur er að ræða. Þessi eign er laus nú þegar Leiguverð 300.000.-.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600



## Holtasmári

### Til Leigu

Um er að ræða gott verslunar og skrifstofupláss á jarðhæð um 316,1 fm . Miklir möguleikar eru fyrir hendi með skipulag. Húsnæðið er laust nú þegar.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600



## Norðurbrún 2 -104

### Til Leigu

Eignin er 461 fm að stærð og er að mestu á einni hæð, nema 60 fm eru kjallari. Húsnæðið er tilvalið undir minni þjónustufyrirtæki og/eða verslun. Malbikuð bílastæði eru fyrir utan eignina.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar - Lágmúla 7.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Frum

## LUNDARBREKKA – BARNVÆNT HVERFI



Um er að ræða vel skipulagða 3ja herbergja 96,0 fm íbúð á 1. hæð (þ.a. er geymsla á jarðhæð óskráð hjá FMR 10,4 fm, samtals er því eignin skráð hjá FMR 86,5 fm). Mjög góð íbúð í Kópavogi. **Verð 20,5 millj.**

## Bæjarbrekka 8 - Álftanesi
Sérlega fallegt raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr

**Stærð: 155 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2003**
**Brunabótamat: 28.590.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Þing



Opið Hús





**Opið hús í dag mánudag frá kl 19:30-20**
**Verð: 46.900.000**

Sérlega fallegt raðhús á hreint frábærum stað á Álftanesi. Húsið er 155 fm þar af er innbyggður bílskúr 27fm samkvæmt skrá fmr. Allt á einni hæð, þrjú svefnherbergi, rúmgott eldhús, bjartar stofur, baðherbergi, þvottahús, rúmgott anddyri, innbyggður bílskúr, geymsluloft og fallega verönd. Hiti í gólfum. Parket og flísar á gólfum. Opin og skemmtileg stofa með útgengi út á fallega timburverönd í baklóð. Aðkoma að húsinu mjög snyrtilega og falleg. Getur verið laus fljótlega. Sjón er sögu ríkari.

Hrönn
Sölufulltrúi
**692 3344**
hronn@remax.is



Óli Gísli
Sölufulltrúi
**8228283**
oligisli@remax.is



Bergur
Steingrímsson
Lögg. fasteignasali
bergurst@remax.is



**RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is**

## Barðastaðir 65
112 Reykjavík
Verðlaunahönnun-Sjávarlóð-Útsýni

**Stærð: 209,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2008**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Búi



Opið Hús





**Í dag og miðvikudag milli kl. 18 og 19**
**Verð: 75.000.000**

Glæsilega hannað hús eftir Guðmund Jónsson arkitekt. Einstakt útsýni á einstakri sjávarlóð við sundin blá. Golfvöllurinn á Korpu liggur að lóðamörkum, hægt að ganga út á völl með pokann. Þetta er fágæt eign, sjón er sögu ríkari!

Sighvatur Lárusson
Sölufulltrúi
**864 4615**
sighvatur@remax.is



Sigurður
Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
sigurdur@remax.is



**RE/MAX Búi - Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sími: 5209400 - www.remax.is**

## Vogasel 7
109 Reykjavík
Fallegt einbýli með aukaíbúð

**Stærð: 365,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 10**
**Byggingarár: 1981**
**Brunabótamat: 48.600.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



Opið Hús





**OPIÐ HÚS Í DAG KL 18:00 - 18:30**
**Verð: 69.900.000**

Hannes og Teymi kynna: Einstaklega fallegt einbýli með bílskúr, 3 herb.aukaíbúð og 55 fm vinnustofu . Eignin stendur á rólegum og barnvænum stað. Stór garður með heitum potti, góðum palli og sólskála. Nýbúið er að taka allt alrýmið í gegn sem og eldhúsið og gestasalernið. Stutt í skóla og leikskóla. Hægt er að nota vinnustofu sem studioíbúð með sérinngangi. Þetta er áhugaverð eign með möguleika á miklum leigutekjum. Eign sem vert er að skoða.

Þórdís Hermanns.
Sölufulltrúi
**770 8100**
thordis@remax.is



Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# ÍBÚÐIR Í HJARTA KAUPMANNAHAFNAR



**Stærð:** 77m² 2 herbergja
**Stærð:** 97m² 3 herbergja
**Stærð:** 98 -114m² 4 herb.,
**Bílskúr:** Bílastæði leigist aukalega.
**Byggingarár:** 2007
**Inngangur:** Sameiginlegur
**Lyfta er í húsinu.**
**Leiguverð:** Mánaðarleiga frá DKK 8.350,- (langtímaleiga)
Skammtímaleiga frá DKK 1.500 sólahringurinn (lágm. vika)
Húsgögn eru í skammtímaleigu.





# TIL LEIGU
**Skammtímaleiga / Langtímaleiga**





**Lögheimili Eignamiðlun kynnir glæsilegar nýjar íbúðir í hjarta Kaupmannahafnar til leigu í styttri eða lengri tíma – með eða án húsgagna.**

Íbúðirnar eru við byrjun Amager, Svinget 21 & Hollænderdybet 30 og er stutt að fara á Strikið, verslunargötuna Amagerbrogade, verslunarhúsin Fields og Fisketorvet og í allar helstu samgöngur. Stutt er í Metro lestina, Christianshavn, Islands Brygge og Tivolí. Rólegt og barnvænt hverfi þar sem matvöruverslanir eru nálægt og öll þjónusta.

Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja að stærð. Húsin er fimm hæðir og eru með lyftu. Allar íbúðir eru með svalir. Sameiginlegur garður er fyrir húsin. Möguleiki er á að leigja bílastæði í bílakjallara. Íbúðirnar eru með vönduðu eikarplankaparketi á gólfi og fallegum eldhúsinnréttingum með öllum helstu tækjum. Svefnherbergin eru með rúmgóðum skápum. Björt stofa opin inní eldhús. Glæsileg baðherbergi með fallegum innréttingum, upphengdu klósetti, granít plötu á borðum og fallegum náttúruflísum á gólfi og veggflísum. Geymsla er í kjallara. **Einstakt tækifæri fyrir starfsmannafélög, fyrirtæki og einstaklinga. Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson hdl. í síma 770 8200 eða með tölvupósti jonas@logheimili.is**

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN**
Skipholti 15 • 105 Reykjavík
Sími: 512 3600 • www.logheimili.is



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 770 8200**
jonas@logheimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA




Öll mörkin í Landsbankadeildinni

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is



NAFNIÐ MITT: HEIÐREKUR GUÐMUNDSSON

# Eina stríðnin létt barnagrín á borð við: Er Heið-rekur við?

„Ég heiti eftir afa mínum Heiðreki Guðmundssyni frá Sandi og þar sem ég fæddist 1. september eins og hann og er Guðmundsson þótti víst ekkert annað koma til greina.“ Þannig farast Heiðreki Guðmundssyni verslunarstjóra orð þegar hann er spurður um bakgrunn nafns síns. „Það er til forn hetjusaga um Heiðrek konung þannig að þetta er eðalnafn.“

- Sem sagt ekkert tengt fjárrekstrum um heiðar!

(Skellihlæjandi) „Nei, ekki mér vitanlega en maður veit auðvitað ekkert hvað menn voru að spá í upphafi! Afi var fyrsti Heiðrekurinn á Íslandi og ég er held ég sá eini núna sem ber það sem aðalnafn. En einn ber það sem annað nafn.

-Engir fleiri í ættinni?

Nei, en afabræður mínir hétu nokkuð mikilfenglegum nöfnum, án þess að ég sé nokkur áhugamaður um ættfræði, en ég á frændur sem heita Hermóður og Hólmgrímur.

-Erfðir þú skáldagáfuna frá afa þínum og langafa, Guðmundi Friðjónssyni?

„Nei, ég fékk rosalega lítið af henni. Félagarnir eru stundum með hóppressu á mig að setja eitthvað saman þegar stórafmæli og brúðkaup nálgast eða skrifa þarf í gestabækur. Það er misjafnt hvernig ég tek í það.“

Hvernig finnst þér svo að bera þetta nafn?

Fólk hváir oft í tvígang eða þrígang þegar ég segi það í síma og ég fæ stundum pitsur sendar á Eirík. Það skiptir engu máli. Margir tengja nafnið afa mínum, einkum fólk á aldur við foreldra mína og eldra.

-Þér hefur ekkert verið strítt á því?

„Nei, bara létt barnagrín eins og þetta sígilda „Er Heið-rekur við? Að öðru leyti upplifði ég nokkuð eðlilega æsku þrátt fyrir nafnið.“

-Heldurðu að Heiðreksnafninu verði við haldið í fjölskyldunni?

„Það er góð spurning. En það væri úr takti ef það kæmi Heiðrekur Heiðreksson. Helst yrði að vera einn ættliður á milli. En maður veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.“



Heiðrekur Guðmundsson verslunarstjóri er ánægður með nafnið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA










## STUÐ MILLI STRÍÐA Heimur áþreifanlegra hluta

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** SAKNAR EINFALDARI TÍMA



Lífið hefur líklega aldrei verið ljúfara fyrir okkur auðmjúka íbúa Vesturlanda. Þökk sé stafrænum græjum ýmiss konar getum við gert og öðlast nokkurn veginn hvað sem okkur sýnist og það á ljóshraða. Á sælutímum sem þessum væri það sannkölluð fásinna að kvarta yfir nokkrum sköpuðum hlut, öðrum en raunverulegum stóreflis vandamálum á borð við dagskrá Sjónvarpsins eða slæmum almenningssamgöngum.

Tækniframfarir hafa vissulega létt okkur lífið með gagnlegum viðbótum við daglegt líf; á þessum vettvangi hefur áður verið fjallað um ágæti matvinnsluvéla og bifreiða. Hvað viðvíkur neyslu menningarafurða hefur stafræna byltingin þó líkast til breytt hvað mestu um hegðan almennings síðan prenttæknin hóf innreið sína á fimmtándu öld. Kenningunni samkvæmt getur nú hvaða nettengdi api sem er nálgast ógrynnin öll af tónlist, bókmenntum, kvikmyndum, sjónvarps- og útvarpsþáttum og nýjum miðlunarformum án þess að svo mikið sem blása úr nös. En kenningar ganga ekki alltaf upp.

Fátt þykir glataðra nú til dags en að vera ekki með á nótunum. Að eiga gamla tölvu eða gamlan farsíma fer engum broddborgara vel og því þarf að endurnýja tækjaeignina reglulega. Tæki bjóða í sífellu upp á fleiri og fleiri möguleika og því er nú svo komið að margir eiga möguleikum hlaðin tæki sem eru lítið sem ekkert nýtt. Það er nefnilega ekki tekið út með sældinni að læra á allar þessar nýjungar. Að auki er nauðsynlegt að þekkja jafnframt landslag veraldarvefjarins vel til þess að nýta sér hann til fulls. Skömm er að því að viðurkenna að maður viti ekki hvert skal snúa sér til að sækja fríar og ólöglegar menningarafurðir.

Fyrir ekki svo löngu síðan geymdust skáldsögur og tónlist á áþreifanlegum miðlum. Í þá daga var hamingjan sannarlega innan seilingar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > EMMY FYRIR BRITNEY?

**Britney Spears** er á lista yfir leikkonur som koma til greina með að hljóta tilnefningu til Emmy-verðlaunanna. Aðstandendur þáttanna How I Met Your Mother voru svo hrifnir af frammistöðu hennar þar að þeir berjast nú fyrir því að hún fái tilnefningu. Á listanum góða eru nú 41 leikkona, þar á meðal Mary-Kate Olsen og Alyssa Milano.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# *Heiðar og Brynjar eru Nína og Geiri*

Útvarpsmennirnir Heiðar Austmann og Brynjar Már Valdimarsson, sem báðir hafa aðsetur á FM 957, hafa tekið höndum saman og stofnað plötusnúðadúettinn Nínu og Geira. „Heiðar er klárlega Nína,“ segir Brynjar og hlær, þegar blaðamaður forvitnast um nafngiftina. „Við vorum búnir að velta því fyrir okkur í langan tíma að gera þetta og ákváðum bara að demba okkur í þetta. Við vorum að hugsa um nöfn og höfðum leitað til fólks í kringum okkur. Það var búið að stinga upp á nöfnum eins og Apaspil og Gleðibankinn, og svo dúkkuði Nína og Geiri upp. Það steinlá og hentar okkur mjög vel,“ segir Brynjar kíminn. „Okkur fannst það að minnsta kosti drepfyndið,“ bætir hann við.

Nína og Geiri taka að sér að spila í hvers kyns veislum. „Þetta er DJ-dúett fyrir veislur, brúðkaup, árshátíðir, jólahlaðborð – þess konar uppákomur. Við mætum með hljóðnemana og höfum bara stuð og leyfum fólki að syngja með,“ segir Brynjar, en samstarf hans og Heiðars er ekki alveg nýtt af nálinni. „Við höfum alveg spilað saman áður, enda höfum við báðir verið að spila í fjölda ára á sömu stöðum. Við ákváðum þess vegna að sameina bara plötusafnið og fara í svona veislugír,“ útskýrir Brynjar, sem kveðst ekki hafa neinar áhyggjur af því að þeir þreytist hvor á öðrum þótt þeir vinni saman jafnt dag sem kvöld. „Nei, nei, ég hef litlar áhyggjur af því, við höfum alltaf unnið mikið saman utan útvarpsvinnunnar,“ segir hann.

Nínu og Geira má bóka í síma 848 0992. **- sun**



**SKIPTA UM GÍR** Brynjar Már og Heiðar Austmann hafa unnið saman áður, en stíla nú inn á að skemmta gestum í veislum víða í borginni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Óperur virðast vinsælar vestanhafs og nýjasta viðbótin í flóruna er byggð á bíómyndinni Brokeback Mountain, þar sem þeir **Jake Gyllenhaal** og **Heath Ledger** heitinn leika kúreka sem fella hugi saman. Tónskáldinu **Charles Wuorinen** hefur verið falið að gera óperu eftir myndinni fyrir New York City Opera. Frumsýning er áætluð árið 2013.




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Póst húsið www.posthusid.is




**CHARLIZE THERON** Ósátt við fjölmiðla.

# Ekki í starfslýsingunni

**Í nýjasta hefti breska tímaritsins GQ tjáir leikkonan Charlize Theron sig um paparazzi-blöðin og er tónninn sem hún sendir þeim heldur ófagur. „Ég vissi ekki að þetta væri í starfslýsingu minni, eða nokkurs annars,“ segir leikkonan, „Halda þeir að líf mitt tilheyri þeim núna? Ég fékk ekki þau skilaboð og ég ætla ekki að taka þátt í þessu.“ Charlize segir jafnframt að hún sé ósammála þeim sem halda því fram að það sé nauðsynlegt fyrir feril leikara að skrifað sé um þá í slúðurblöðum, „Þeir halda því fram að þetta sé mikilvægt fyrir mann. En það er það ekki.“**





## KVENLEGIR KJÓLAR Í ÖLLUM LITUM

Sýning á Cruise-línu **Badgley Mischka** státaði af girnilegum glæsikjólum í sumarlegum litum, frá kóralbleikum til sægrænna. Stór og áberandi hálsmen settu einnig svip sinn á sýninguna sem og bikiní sem voru töluvert skreyttari en þau sem við eigum að venjast í laugunum.

# Föt fyrir sumarsamkvæmi

**Ferill Badgley Mischka-tískumerkisins hófst fyrir um fimmtán árum á brúðarkjólum, og enn í dag er fyrirtækið hvað þekktast fyrir klæðilega kjóla sína sem hafa prýtt marga Hollywood-stjörnuna á síðustu árum. Það þarf því engan að undra að mikið hafi verið um kjóla á nýafstaðinni Cruise-sýningu þess, en inn í hana læddust þó einnig buxur, blússur og samkvæmislegur sundfatnaður.**




Fiskur í matinn...

beint í ofninn, á grillið eða pönnuna

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallerý fiskur

Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

kammakarlo® copenhagen



Tilboðsdagar

Bæjarlind 12 :: Kópavogi :: Sími 554-5410


# Allt gamaldags og séríslenskt

*Í tilefni af útgáfu plötunnar Oft spurði ég mömmu með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni var blásið til hádegisverðar og tónleika í Iðnó á fimmtudag. Ef ekki hefði verið fyrir gesti og myndavélar hefði einhver getað haldið sig stiginn inn í fortíðina.*

„Allt í kringum þessa plötu er gamaldags. Þá var mjög algengt að menn spiluðu þrjú gigg á dag. Eitt klukkan tvö, annað klukkan fjögur og ball klukkan sex. Því fannst okkur viðeigandi að gera þetta svona,“ sagði Sigurður, spurður út í tíma- og staðsetningu tónleikanna.

Einvalalið spilar með Sigurði, líkt og Andrea Gylfadóttir og Guðmundur Pétursson. „Ég er kannski unglingurinn í þessum hóp. Ég er mjög þakklátur öllum fyrir að geta gert það sem ég geri.“

Íslenskur matur var á boðstólum líkt og á upptökuferlinu. Blaðamaður benti á að Sigurður væri þjóðlegur almennt, jafnvel séríslenskt fyrirbæri. „Jú, ég er kannski séríslenskt fyrirbrigði. Ég hef alltaf haft mjög gaman af gamalli íslenskri tónlist, hef hlustað mjög mikið á Hauk Morthens og aðra frá þeim tíma. Það hefur lengi blundað í mér löngun til að verða dægurlagasöngvari og heiðra það sem var. En þetta er bara eitt verkefni af mörgum, sem við ákváðum svo að taka alla leið.“

Varðandi framtíðina bætti hann við: „Ef þetta gengur vel væri ég alveg til í að gera margar svona plötur.“ **- kbs**



**FORNT OG FAGURT** Sigurður Guðmundsson og Memfismafían drógu gesti inn í fortíðina í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS

## MÁNUDAGUR
## 16. JÚNÍ
## 10.00 - 19.00

## ÞRIÐJUDAGUR
## 17. JÚNÍ
## 10.00 - 18.00

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI:
Grafarvogur, Fiskislóð, Holtagarðar, Faxafen,
Hraunbær, Helluhraun, Smáratorg.

Á LANDSBYGGÐINNI:
Reykjanes, Akureyri, Selfoss, Akranes
Egilsstaðir, Borgarnes.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

*AFGREIÐSLUTÍMA VERSLANA MÁ SJÁ Á www.bonus.is*

SAMbíó.is SAMBÍÓIN

Frábær mynd með Edward Norton í hlutverki Hulk í einni flottustu hasarmynd sumarsins.

HEIMSFRUMSÝNING á mögnuðum spennutrylli frá leikstjóra The Sixth Sense og Signs







| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| SPEED RACER | kl. 5:30 - 8:30 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | Sýnd 17.júní kl.10:30 | 14 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5:30 - 8:30 - 10 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 7 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| NCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 10:50 | 14 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 16 |
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 10:20 | 16 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 10:20 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30 D - 8 D - 10.30 D | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK LÚXUS | kl. 5.30 D - 8 D - 10.30 D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 10 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8.30 - 10.30 | 16 |
| ZOHAN | kl. 8.30 - 11 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| FLAWLESS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| 88 MINUTES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.40 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.45 - 8 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.15 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.45 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK - DIGITAL | kl. 5, 8 og 10.15(P) | 12 |
| ZOHAN | kl. 5 og 8 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.15 | 12 |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

# Garðveisla við Hljómskálann


**GARDEN PARTY Á ÞAKI HLJÓMSKÁLANS** Garðveislan var kynnt á föstudaginn þar sem Matti, „fiðlarinn á þakinu“, tók lagið með Mezzoforte-köppunum Jóhanni og Eyþóri. Á myndinni eru einnig stjórn FTT og ungmenni sem dreif að þegar „Garden Party“ tók að hljóma. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fyrir aldarfjórðungi átti hljómsveitin Mezzoforte fyrsta alþjóðlega poppsmell Íslendinga, „Garden Party“. Að auki var árið 1983 popplega séð merkilegt fyrir það að Rás 2 fór í loftið og FTT, Félag tónskálda og textahöfunda, var stofnað. Öllum þessum tímamótum verður fagnað í kvöld með garðveislu í Hljómskálagarðinum þar sem Mezzoforte kemur fram.

„Þeir spila ekki oft á Íslandi svo nú er tækifærið til að sjá þá. Þeir verða fyrir framan styttuna af Jónasi Hallgrímssyni og það er aldrei að vita nema Jónas verði með „eitís“ svitaband og herðapúða í tilefni dagsins,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður FTT. Hann telur að velgengni Mezzoforte hafi opnað gáttirnar sem urðu til þess að FTT varð til, enda hafi Íslendingar með laginu eignast sinn fyrsta alþjóðlega lagahöfund – „Eftir „Garden Party“ var Eyþór Gunnarsson árum saman tekjuhæstur íslenskra tónlistamanna og holdtekja alþjóðavæðingarinnar í þessum geira. Ekki má svo gleyma þætti Steinars Bergs útgefanda, sem lagði allt í sölurnar til að koma Mezzoforte á framfæri. Það ætti eiginlega að reisa styttu af Steinari Berg úr einhverri góðri bergtegund við hliðina á Jónasi. Hann er okkar fyrsta athafnaskáld á þessum vettvangi.“

Garðveislan hefst klukkan 20 í kvöld og er grill og gos í boði auk djassaðrar fönktónlistar Mezzoforte, sem verður fullskipuð í tilefni dagsins. Þessir garðtónleikar eru bara byrjunin á sælunni – „Borgarstjórinn hefur mikinn hug á að gæða garða borgarinnar músíklífi. Fyrir utan þessa tónleika Mezzoforte og tónleika Sigur Rósar og Bjarkar í Laugardalnum má búast við fleiri tónleikum í görðum borgarinnar í sumar,“ segir Jakob Frímann, framkvæmdastjóri miðborgarmála og formaður FTT. - glh

# Angelina vill vera umdeild

**Angelina Jolie veitti Entertainment Weekly mjög ítarlegt viðtal á dögunum, þar sem hún talar meðal annars um fortíð sína, sem sumir vilja kalla skuggalega, og hversu umdeild hún virðist vera.**

Á meðal þess sem Angelina talar um í viðtalinu eru þær breytingar sem hafa orðið á ímynd hennar síðast liðin ár; frá því að tala um sjálfsmeiðingar sínar og bera blóð úr þáverandi eiginmanni sínum í meni um hálsinn, yfir í að vera álitin nokkurs konar dýrlingur vegna vinnu sinnar í þágu barna og góðgerðarsamtaka um allan heim.

„Ástæðan fyrir því að ég talaði um að ganga í gegnum einhverja erfiðleika og jafnvel það að skera mig, var að ég var þegar komin í gegnum þá. Ég vissi að það er til fólk sem gerir þetta og sem verður ánægt með að einhver viðurkenni að hann hafi líka gert það og ræði hvernig hann hafi komist í gegnum það. Ég sé engan tilgang með því að veita viðtöl nema maður ætli að deila því sem maður lærir í lífinu og þeim mistökum sem maður gerir. Mér finnst það ekki gera mig óvenjulega, eða óvenjulega þunglynda, að viðurkenna að ég sé mjög mannleg,“ segir Angelina. „Mér finnst það frekar vera það rétta í stöðunni og bara fallegt,“ bætir hún við.

Spurð af hverju hún haldi að fólk hafi svo skiptar skoðanir á henni, finnist hún annað hvort eins nærri fullkomnun og hægt sé að komast, eða alfarið óþolandi, segir Angelina það hljótast af því að hún standi staðföst á sínu. „Ég held að fólk muni alltaf hafa skiptar skoðanir um manneskjur sem taka einhverja ákveðna afstöðu í lífinu. En ég held að það sé það sem maður eigi að stefna að, svo mér finnst það bara gott,“ segir Angelina. „Að sumir styðji mig og sumum sé verulega illa við mig segir mér að ég sé að taka afstöðu og standa við eitthvað sem ég trúi á. Ég er að taka ákvarðanir í lífinu og það er það sem maður á að gera,“ segir leikkonan.

Heimurinn bíður nú eftir því að tvíburar hennar og makans Brads Pitt komi í heiminn, en þeir eru væntanlegir á allra næstu vikum.


**STÖKKBREYTING Á ANGELINU** Á síðustu árum hefur ímynd Angelinu Jolie gjörbreyst. Nú hugsar fólk helst um góðgerðarstarf og barnaskara þegar hana ber á góma, en ekki sjálfsmeiðingar og blóðhylki. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góður leikstjóri í ruglinu

Á austurströnd Bandaríkjanna er eitur í andrúmsloftinu sem veldur hrinu sjálfsmorða og virðist við fyrstu sýn vera hryðjuverkaárás. Grunnskólakennarinn Elliott flýr úr New York með unnustu sinni, vini og dóttur hans. Á meðan breiðir plágan úr sér, en virðist nú vera meira náttúrulegs eðlis en talið var.

M. Night Shyamalan hefur verið í mikilli lægð að undanförnu. Eftir að hann gerði hinar mögnuðu The Sixth Sense, Unbreakable og Signs olli hann vonbrigðum með The Village og náði svo botninum með síðustu mynd, Lady in the Water. Með The Happening gerir hann stórmynd, spennutrylli sem átti möguleika á að marka glæsta endurkomu hæfileikaríks leikstjóra, en því miður reynist hún allt annað en það.

The Happening er gamaldags B-mynd og ofsóknaróður tryllir sem sækir jafnt í The Birds eftir Hitchcock sem og eldri heimsendamyndir og líkist helst Signs af myndum Shyamalans. Hún er þó frábrugðin fyrri myndum hans í því að vera sú blóðugasta og laus við fléttuenda sem hann er frægur fyrir.

Þrátt fyrir að vera uppfull af góðum hugmyndum er það úrvinnslan sem gengur ekki upp. Fyrir það fyrsta er myndin stefnulaus, þar sem aðalpersónurnar virðast aðeins flýja en ekki takast á við neinn vanda. Handritið er slappt og samtölin slæm og klunnaleg. Verst er þó að Shyamalan, leikstjóri sem kann að byggja hægt upp spennu, gerir myndina stífa og tilgerðarlega og hún nær aldrei alvöru flugi. Atriði sem láta áhorfendum bregða og hryllingur eru af skornum skammti og sá óhugnaður sem er í myndinni er oft máttlaus.

Frammistaða Mark Wahlberg í aðalhlutverkinu er einnig einkar furðuleg og stundum kómísk og fáránleg. Zooey Deschanel er skárri og af aðalhlutverkunum er John Leguizamo skástur, en annars virðist sem stíll Shyamalans grafi undan verkum þeirra.

Þrátt fyrir allt er Shyamalan þó, eins og áður segir, afar hæfileikaríkur en er nú eitthvað að láta letina ná tökum á sér. The Happening hefði auðveldlega getað orðið mun merkilegri mynd, en það tækifæri hefur því miður runnið honum úr greipum. Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**
**The Happening**
Leikstjórn: M. Night Shyamalan. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, John Leguizamo.
★★
Slappt handrit, slæm samtöl og furðulegur leikur. Shyamalan klúðrar meira að segja spennuuppbyggingunni, sem á þó að heita sérsvið hans.

# EINKA ÖRYGGISKERFI OG ÞJÓFAVARNARKERFI

**MEÐ ÍSLENSKU TALI** — infinite prime — **OG TEXTA**

## *Ein fullkomnasta stjórnstöð sem völ er á fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki*




**MEÐ FASTLÍNU HRINGJARA**

**VERÐ 59.990**

EÐA KR. 4.999 Á MÁNUÐI
Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**MEÐ GSM/SMS HRINGJARA**

**VERÐ 83.990**

EÐA KR. 6.999 Á MÁNUÐI
Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

***ENGIN MÁNAÐARGJÖLD!***

### EINFÖLD Í NOTKUN

- 32 þráðlaus svæði og 1 svæði fyrir þráðkerfi
- Innbyggð talvél / skilaboðahólf
- Innbyggður GSM / SMS hringjari (í GSM/SMS kerfi)
- Innbyggður PSTN fastlínu hringjari (í Fastlínu kerfi)
- Stór upplýstur LCD skjár
- Innbyggður hátalari og míkrafónn
- 1 PGM útgangur
- Endurhlaðanleg rafhlaða
- 32 notendakóðar
- Allt að 19 þráðlausar fjarstýringar
- Allt að 4 þráðlaus aðgangslyklarborð
- Allt að 3 þráðtengd aðgangslyklaborð
- Geymir 256 aðgerðir á skjá
- Innbyggður sími (talar í báðar áttir)
- USB forritanlegur útgangur fyrir þjónustuaðila
- Hússtjórnareining til að fjarstýra kveikingu á auka einingum s.s. lampa, kaffivél, hitara ofl.
- Innbyggð 105dB sírena
- Íslenskur leiðarvísir



### INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA

- **33 SVÆÐA STJÓRNSTÖÐ**
- **2 HREYFISKYNJARARAR**
- **1 SEGULNEMI FYRIR HURÐ**
- **1 FJARSTÝRING**



FULL VÖRN



HLUTAVÖRN
STÖK RÝMI



SKELVÖRN



Möguleikar á stjórnun raftækja á heimilinu



Sendir upplýsingar um notkun í síma og GSM

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## > Tveir leikir í Landsbankadeildinni

Sjöundu umferð Landsbankadeildar karla lýkur í kvöld með tveim leikjum. Fjölnir tekur á móti Fram í Grafarvogi og bikarmeistarar FH sækja Breiðablik heim í Kópavoginn. FH-ingar hafa farið mikinn það sem af er mótinu og verður áhugavert að sjá hvernig þeim gengur gegn Blikum sem hefur vantað allan stöðugleika í sumar og valdið talsverðum vonbrigðum.



sport
sport@frettabladid.is

**ANTON GYLFI PÁLSSON OG HLYNUR LEIFSSON:** LENTU Í STRÍÐSÁSTANDI Í SARAJEVO OG FLAUTUÐU LEIK AF

# *Regnhlífum og símum rigndi í Sarajevo*

Besta dómarapar landsins í handbolta, Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, lenti í svakalegri uppákomu í Sarajevo um helgina. Þar voru þeir staddir til að dæma leik Bosníu og Ungverjalands í umspili fyrir HM. Mikið gekk á í höllinni frá fyrstu mínútu og lætin í áhorfendum gengu að lokum svo langt að þeir félagar þurftu að flauta leikinn af þegar 11 mínútur voru eftir. Þá voru heimamenn þrem mörkum undir.

„Það var allt brjálað frá fyrstu mínútu og við þurftum margoft að stöðva leikinn svo það væri hægt að tína draslið upp af gólfinu. Þetta var alveg rosalegt. Leikurinn fór fram í 7.000 manna höll en búið var að troða 8.000 manns þar inn, hitinn svakalegur og margir áhorfendur í vægast sagt misjöfnu ástandi,“ sagði Anton Gylfi þegar Fréttablaðið náði tali af honum á flugvellinum í Sarajevo í gær.

„Þegar við flautum svo leikinn af var verið að kasta peningum, kveikjurum og jafnvel regnhlífum inn á völlinn.



Kveikjurarnir sprungu sumir og manni brá þá hressilega. Pappírskúlur flugu líka inn á völlinn og svo var hrækt á okkur líka. Það rigndi bara drasli inn á völlinn í bókstaflegri merkingu. Þeir voru mjög ósáttir við að fá ekki þá heimadómgæslu sem þeir vildu fá,“ sagði Anton Gylfi og bætti við að mörgum viðstöddum hefði verið verulega brugðið.

„Eftirlitsmaðurinn sagði okkur þá bara að koma af vellinum. Ungverjarnir hreinlegu hlupu af vellinum. Þetta eru menn sem þekkja ýmislegt en þarna voru þeir skíthræddir. Eftirlitsdómarinn ákvað að gefa þeim tíu mínútur en þá hafði ekkert breyst. Eftirlitsdómarinn ákvað þá að gefa hálftíma og þjálfari Bosníu, ásamt einhverjum leikmönnum, talaði til áhorfenda og bað þá um að róa sig niður. Það tókst ekki betur til en svo að þegar eftirlitsdómarinn labbaði aftur út fékk hann síma í hausinn. Þá var þetta endanlega búið,“ sagði Anton.



**SCOLARI** Spenntur fyrir Chelsea og ekki bara peningunum, sem þó skipta máli. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Scolari talar um Chelsea:

## Peningar ein af ástæðunum

**FÓTBOLTI** Luiz Felipe Scolari hefur loksins rofið þögnina og tjáð sig um Chelsea, sem hann hefur samþykkt að stýra frá og með 1. júlí næstkomandi.

Scolari er að sjálfsögðu upptekinn með portúgalska landsliðinu á EM og hefur hingað til ekkert viljað ræða um Chelsea. Scolari viðurkennir að góð laun hjá Chelsea séu ein af ástæðunum fyrir því að hann tók starfið að sér.

„Já, peningar eru ein af ástæðunum. Ég er 59 ára og vil hætta í þjálfun áður en ég verð sjötugur og nú sé ég fram á að geta hætt eftir svona fjögur til fimm ár. Peningar eru samt ekki eina ástæðan fyrir þessari ákvörðun,“ sagði Scolari, sem hefur þjálfað Portúgal í fimm og hálft ár. - hbg



**HOWARD WEBB** Kveikti drápstilfinningu hjá forsætisráðherra Póllands. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Howard Webb snýr aftur:

## Webb fékk líflátshótanir

**FÓTBOLTI** Enski dómarinn Howard Webb mun dæma leik Grikkja og Spánverja á miðvikudag en Webb hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hann dæmdi Austurríkismönnum víti gegn Pólverjum.

Í kjölfarið hefur Webb fengið fjölda líflátshótana og herferð hefur verið gegn honum í Póllandi þar sem forsætisráðherra landsins hefur meðal annars látið miður falleg orð falla í garð Webbs.

„Sem forsætisráðherra þarf ég að vera rólegur og í jafnvægi. En eftir þennan leik var ég ekki líkur sjálfum mér og ég vildi drepa,“ sagði Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands. - hbg

# Aron samdi við Lemgo

**FH-ingurinn efnilegi Aron Pálmarsson er búinn að semja við þýska stórveldið Lemgo og gengur að öllu óbreyttu í raðir félagsins næsta sumar. Hann mun því leika næsta vetur með FH í úrvalsdeild áður en hann heldur utan.**

**HANDBOLTI** Einn efnilegasti handboltamaður landsins, Aron Pálmarsson, hefur samið við þýska félagið Lemgo og gengur líklega í raðir félagsins næsta sumar. Aron fór til reynslu hjá félaginu síðasta vetur og heillaði forráðamenn félagsins upp úr skónum. Lemgo sótti það hart að fá samning við Aron í kjölfarið og nú hafa samningar tekist.

„Það er allt klappað og klárt og ég er búinn að skrifa undir svokallaðan „pre-contract“ við félagið þannig að þeir eru búnir að eignast mig. Ég mun spila næsta tímabil með FH og eftir það ætla þeir að sjá til hvort ég sé orðinn nógu góður og sterkur til að koma út. Ég myndi segja að það væru allar líkur á því að ég fari næsta sumar,“ sagði Aron við Fréttablaðið í gær.

„Félagið er búið að vera í miklu sambandi við mig síðustu mánuði. Mér leist ekkert á það sem þeir voru að bjóða mér í upphafi. Ég er búinn að senda þeim nokkur gagntilboð og á endanum náðum við saman. Þetta er tveggja ára samningur og þeir eiga mig en hafa ekki keypt mig. Ég er enn samningsbundinn FH til tveggja ára en ef Lemgo vill fá mig næsta sumar mun félagið bara kaupa mig,“ sagði Aron, sem er að verða 18 ára gamall.

Þegar Aron fer til Lemgo verður hann þriðji Hafnfirðingurinn hjá þýska liðinu. Logi Geirsson hefur leikið þar undanfarin ár og Vignir Svavarsson byrjar að spila með liðinu næsta vetur.

Aron neitar því ekki að vera í sjöunda himni með að hafa náð saman við Lemgo og hann segir stóra drauminn vera að rætast.

„Þetta er alveg frábært. Ég er rosalega ánægður með þetta. Ég mun taka vel á því í vetur svo ég verði klár í þýska boltann eftir eitt ár.

Þetta er sannkallað draumafélag til að spila með. Lemgo er orðið ríkasta félagið í Þýskalandi núna og stefnan hjá þeim er sett á titil á næstu tveim til þrem árum þannig að það er frábært að koma inn í svona umhverfi. Svo skemmir ekki fyrir að bæði Logi og Vignir eru þarna. Verðum þarna þrír Hafnfirðingar, það verður geðveikt,“ sagði Aron kampakátur en hann hafði einnig fengið fyrirspurnir frá öðrum liðum í Þýskalandi sem og í Danmörku.

henry@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL LEMGO** Aron Pálmarsson er þriðji Hafnfirðingurinn sem semur við þýska stórliðið Lemgo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FERNANDO TORRES** Ánægður hjá Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fernando Torres:

## Er ekki á förum frá Liverpool

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Fernando Torres hefur gefið það út að hann hafi ekki í hyggju að yfirgefa herbúðir Liverpool á næstunni. Enskir fjölmiðlar hafa verið að orða hann við Chelsea síðustu daga og sagt að Scolari, hinn nýráðni stjóri Chelsea, ætli sér að bjóða fjörutíu milljónir punda í framherjann frábæra.

„Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki á markaðnum og ég hef ekki áhuga á öðru en að spila áfram fyrir Liverpool. Ég er mjög ánægður í herbúðum félagsins og vil halda áfram þar. Ég kom til félagsins með það að markmiði að vinna titla. Það eru mörg ár eftir af samningi mínum við félagið og ég ætla að vinna titla á þessum árum,“ sagði Torres, sem segist vera hungraðri en oft áður.

„Ég er búinn að spila í undanúrslitum Meistaradeildarinnar með Liverpool, sem ég hafði ekki gert áður. Nú þegar maður hefur fengið nasaþefinn af þessu vill maður meira. Ég er enn hungraðri fyrir vikið og vil vinna allt sem hægt er að vinna,“ sagði Torres. - hbg

Toppilið Landsbankadeildar karla blómstrar bæði í varnar- og sóknarleik sínum í fyrstu sex umferðunum:

# FH-ingar búnir að ná sögulegri tvennu

**FÓTBOLTI** FH-ingar sitja á toppi Landsbankadeildar karla eftir að hafa náð í 16 stig af 18 mögulegum í fyrstu sex umferðunum.

FH-ingar eru eina taplausa lið deildarinnar til þessa en tíu af tólf liðum deildarinnar hafa tapað þremur leikjum eða fleiri. Þegar árangur FH-liðsins í fyrstu umferðunum er skoðaður kemur í ljós að það er að komast í hóp nokkurra útvalinna liða á báðum endum vallarins.

Heimir Guðjónsson tók við FH-liðinu af Ólafi Jóhannessyni eftir síðasta tímabil og það er ekki hægt að hugsa sér betri byrjun þar sem liðið hefur sýnt mikinn stöðugleika á báðum endum vallarins.

FH-ingar heimsækja Blika í Kópavoginn klukkan 20 í kvöld þar sem þeir hafa harma að hefna síðan í fyrra en 3-4 tap þeirra á úrslitastundu átti mikinn þátt í því að þeir misstu af titlinum. - óój

### HAFA SKORAÐ TVÖ MÖRK EÐA FLEIRI Í ÖLLUM LEIKJUNUM

FH-liðið hefur skorað 17 mörk í fyrstu sex leikjunum eða 2,8 mörk að meðaltali í leik. Það sem kemur því í fámennan hóp er að liðið hefur skorað tvö mörk eða fleiri í öllum sex leikjunum. Keflvíkingar hafa einnig náð þessum frábæra árangri í sumar en fyrir utan þessi tvö efstu lið Landsbankadeildarinnar hafa aðeins þrjú önnur lið skorað tvö mörk eða fleiri í fyrstu sex leikjum sínum síðan deildin innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977.

FH-ingar eiga enn nokkuð í land með að ná metinu en tvö lið hafa skorað tvö mörk eða fleiri í fyrstu níu leikjum sínum. Framarar náðu því 1985 og Skagamenn jöfnuðu afrek þeirra 1996. Þriðja liðið er síðan KR frá sumrinu 1996 en KR-ingar skoruðu tvö mörk og fleiri í fyrstu átta leikjum sínum.



**FRÁBÆR BYRJUN** Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### HAFA HALDIÐ HREINU Í FIMM LEIKJUM AF SEX

FH-liðið hefur fengið á sig 4 mörk í fyrstu sex leikjunum eða aðeins 0,7 mörk að meðaltali í leik. Það sem kemur því í fámennan hóp er að liðið hefur haldið marki sínu hreinu í fimm af sex leikjum og fékk öll fjögur mörkin á sig í 4-4 jafntefli á móti nýliðum Þróttar. Aðeins fjögur önnur lið hafa náð að halda fimm sinnum hreinu í fyrstu sex leikjum sínum síðan deildin innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977.

Hin liðin fjögur sem hafa náð að halda fimm sinnum hreinu í fyrstu sex leikjunum eru lið Fram frá bæði 1980 og 1990, lið Skagamanna frá 1981 og svo Þórsarar sumarið 1992 en þeir voru þá nýliðar í deildinni. Félagsmet FH var fjórum leikjum haldið hreinu af fyrstu sex en því náði Hafnarfjarðarliðið 1994, 2005 og svo í fyrra.



**ÖLL SUND LOKUÐ** Sóknarleikur íslenska liðsins gekk ekki nægilega vel og hér loka Makedónarnir á Arnór Atlason, sem var tæpur fyrir leikinn. Hann náði sér því miður aldrei á strik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsliðsþjálfarinn var að vonum svekktur í gær:

## Þetta er mikið áfall

**HANDBOLTI** „Þetta er mjög mikið áfall. Við vissum að það yrði mjög erfitt að vinna upp átta marka mun. Við fórum illa að ráði okkur í fyrri hálfleik. Of mikið óðagot og misstum boltann of oft. Við náðum ekki þessu tveggja til þriggja marka forskoti sem hefði verið mjög mikilvægt,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari svekktur í leikslok.

„Í síðari hálfleik erum við rosalega nálægt því en það féll ekki með okkur. Þegar ég skoða þetta fengu þeir að hanga mjög lengi á boltanum og mjög skrýtnir dómar hérna. Við vorum reknir út af fyrir litlar sakir og þeir komust upp með endalausan leikaraskap. Hentu sér í gólfið og létu þurrka. Dómararnir létu það viðgangast í þessum leik. Við þurfum samt að horfa á þetta í heild sinni. Þessari viðureign gegn Makedóníu töpuðum við úti. Það er staðreynd málsins.“

Guðmundur sagði að sóknarmistökin í upphafi leiks hafi verið liðinu sérstaklega dýrkeypt en liðið kastaði boltanum sex sinnum klaufalega frá sér á fyrstu 10 mínútunum. „Það er ótrúlega dýrt þegar upp er staðið. Við máttum ekki klikka svona. Svo klikkum við líka í seinni hálfleik. Við klikkum á of mörgum dauðafærum til



þess að ná þessu. Það eru vonbrigði að komast ekki á HM en við vissum fyrir fram að það væri erfitt að komast bæði inn á ÓL og HM. Við komumst inn á ÓL og ef við hefðum valið fyrir fram hvort við vildum þá hefðum við allir valið Ólympíuleikana,“ sagði Guðmundur. - gmi

**ÍSLAND-MAKED. 30-24**

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9 (12), Snorri Steinn Guðjónsson 8/2 (12/3), Ólafur Stefánsson 7/1 (12/1), Vignir Svavarsson 2 (4), Arnór Atlason 2 (7), Alexander Petersson 2 (3).
**Varin skot**: Hreiðar Levý Guðmundsson 12 (26) 46%, Birkir Ívar Guðmundsson 7 (17/2) 41%.
**Hraðaupphlaup**: 11 (Guðjón 6, Ólafur 2, Alexander 2, Vignir).
**Fiskuð víti**: 4 (Róbert, Ólafur, Guðjón, Snorri).
**Utan vallar**: 12 mínútur.
**Mörk Makedóníu**: Kiril Lazarov 10/2, Naumce Mojsovski 4, Stevce Alusovski 2, Vladimir Temelkov, Filip Mirkulovski 2, Vanco Dimovski 2, Goran Gjorgonski 1, Velko Markovski 1.
**Varin skot**: Borko Ristovski 16 (46/4) 34%.
**Utan vallar**: 6 mínútur.



**FRÁBÆR STEMNING** Áhorfendur fylltu Höllina í gær og studdu strákana með ráðum og dáð allan tímann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Króatíu klúðrað með klaufaskap

**Ísland verður ekki á meðal þátttakenda á HM sem fram fer í Króatíu í janúar næstkomandi. Ísland lagði Makedóníu með sex marka mun, 30-24, í Laugardalshöll í gær. Það dugði ekki til því fyrri leikurinn tapaðist með átta marka mun. Íslendingar fengu fjölda færa á að ná takmarki sínu en klúðruðu hvað eftir annað.**

**HANDBOLTI** Það verður engin handboltaveisla fyrir landsmenn í janúar því Ísland er ekki á meðal þátttakenda á næsta HM, sem fram fer í Króatíu. Ísland lagði Makedóníu með sex marka mun í gær í leik hinna glötuðu tækifæra. Makedónía er því komin mjög óvænt inn á HM.

Það var ljóst að við ramman reip að draga yrði enda tapaði Ísland fyrri leiknum ytra með átta marka mun. Strákarnir höfðu þrátt fyrir það ekki lagt árar í bát og höfðu tröllatrú á að þeim tækist að vinna upp muninn, sem yrði klárlega mikið þolinmæðisverk.

Þeir voru dyggilega studdir af frábærum áhorfendum, sem fylltu Laugardalshöllina. Það gáfust heldur betur færi fyrir liðið í fyrri hálfleik. Hreiðar byrjaði í markinu og var sjóðheitur. Varði eins og berserkur strax frá upphafi en því miður skilaði það engu.

Strákarnir voru einstakir klaufar í sókninni, köstuðu frá sér boltanum, misstu hann eða skutu illa á markið. Aðeins eitt mark á fyrstu sex mínútunum og tæknifeilarnir ótrúlega margir.



**SLAKIR** Pólskir dómarar leiksins áttu ekki sérstakan dag og gáfu Makedónum endalausan tíma í sókninni. Hér fær Sigfús Sigurðsson tveggja mínútna brottvísun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á FLEYGIFERÐ** Guðjón Valur Sigurðsson keyrir hér að marki Makedóna. Guðjón átti sannkallaðan stórleik og rann hamur á hann undir lokin. Það dugði því miður ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hreiðar hélt áfram að verja eins og óður maður, vörnin var gríðarlega öflug en sami klaufaskapurinn var í sóknarleiknum. Liðið hefði í raun átt að leiða með 4-5 mörkum eftir 15 mínútur. Besti kaflinn hjá liðinu kom skömmu síðar er það náði fjögurra marka forystu í fyrsta skipti, 10-6. Einn helsti Akkilesarhæll þessa liðs síðustu ár hefur verið að halda forskoti og kunna að byggja ofan á forskot. Það lagaðist ekkert í gær því Makedónarnir náðu að koma sér aftur inn í leikinn og jafna fyrir hlé.

13-13 í hálfleik sem var grátleg niðurstaða miðað við tækifærin sem liðið fékk í hálfleiknum. Það þurfti lítið annað en fullkominn síðari hálfleik til að fleyta liðinu inn á HM. Síðari hálfleikur var allt annað en fullkominn.

Helsti styrkleiki liðsins síðustu ár hefur verið sóknarleikurinn en hann var ákaflega stirðbusalegur á köflum í gær. Ísland náði fjögurra marka forystu, 19-15, eftir 8 mínútur í síðari hálfleik en því forskoti var klúðrað líkt og öðrum forskotum í þessum leik. Strákarnir komust í 22-18 þegar síðari hálfleikur var hálfnaður. Ísland fékk tvö hraðaupphlaup í kjölfarið en bæði skotin fóru í stöngina. Það var allt á sömu bókina lært.

Þegar flestir voru búnir að afskrifa íslenska liðið kom svakalegur dauðakippur þar sem Guðjón Valur Sigurðsson fór gjörsamlega á kostum og þeir Snorri og Ólafur stigu einnig upp. Liðið náði loks fimm marka forystu, 27-22, og Ólafur kom liðinu sjö mörkum yfir, 30-23, þegar hálf mínúta lifði leiks.

Átta marka sigur hefði fleytt liðinu inn á HM enda Makedónía með færri mörk skoruð á útivelli. Kiril Lazarov skoraði aftur á móti nokkrum sekúndum fyrir leikslok og drap HM-drauma íslenska liðsins.

Niðurstaðan í þessu verkefni er grátleg og alls ekki viðunandi. Makedónar hafa vissulega tekið stórstígum framförum á handboltasviðinu og eiga þokkalegt lið en það er ekki í sama klassa og íslenska liðið. Strákarnir eiga að klára slíkt verkefni. Stríðið tapaðist aftur á móti í fyrri orrustunni í Skopje.

Strákarnir höfðu allt með sér í gær; frábæra áhorfendur sem létu vel í sér heyra, flotta markvörslu og magnaða vörn. Sóknin var hins vegar óviðunandi og lið sem gerir eins marga tæknifeila og Ísland í gær getur einfaldlega ekki ætlast til þess að komast áfram. Þessi niðurstaða er gríðarleg vonbrigði og reiðarslag fyrir íslenskan handbolta.

henry@frettabladid.is

Einar Þorvarðarson:

## Ísland fellur um styrkleikaflokk

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið verður ekki með á HM í Króatíu eftir að hafa tapað samanlagt í einvígi sínu gegn Makedóníu um laust sæti á mótinu.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, var dapur í bragði í leikslok í gærkvöldi.

„Þessi úrslit gera það að verkum að við munum falla niður um styrkleikaflokk og það er áhyggjuefni. Ólympíuleikarnir munu ekki gefa okkur neitt í þeirri flokkun og engar dyr að HM opnast með góðum árangri þar. Við munum því þurfa að leita eftir æfingaleikjum í staðinn til þess að halda í við liðin sem eru að keppa þar,“ sagði Einar, sem er ekki sáttur við hversu stutt var á milli leikjanna í undankeppni ÓL og undankeppni HM.

„Ég var búinn að hræðast það að of stuttur tími væri á milli verkefnanna tveggja, að annað verkefnið myndi trufla hitt og það kom á daginn. Mér finnst að það hefði verið hægt að leysa þetta á betri hátt,“ sagði Einar ósáttur. - óþ

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði reyndi að horfa á það jákvæða eftir leikinn:

## Töpuðum þessu í fyrri leiknum í Skopje

**HANDBOLTI** „Ánægður með mína menn. Við vorum að berjast. Vörnin var fantagóð. Hraðaupphlaupin voru fín en við hefðum þurft að nýta færin betur. Við fengum fullt af færum og ef við hefðum nýtt þau betur erum við að tala um 6-7 auka mörk.

Vorum óheppnir með 2 mínútur sem við hefðum ekkert endilega þurft að fá. Við það vantaði grátlega lítið upp á í lokin. Stálum boltanum og komum þessu í fimm mörk sem var svolítill pakki. Þá vantaði bara þrjú mörk og þá fóru þeir að hika.

Ef við hefðum byrjað á þessu fimm mínútum fyrr hefðum við stolið þessu. Auðvitað má rekja þetta tap til fyrri leiksins þar sem við vorum hörmulegir. Við verðum að læra af því,“ sagði Ólafur Stefánsson.

„Það er margt gott í þessum leik en við hefðum þurft meira úr markinu. Við fengum mörk á okkur að utan þegar höndin var komin upp sem hefði þurft að stoppa betur. Það var pirrandi. Það var aðeins of seint þegar við náðum þessari dýnamík sem ég hefði viljað sjá fyrr. Þá hefðu þeir pottþétt brotnað. Það vantaði pínulítið upp á. Ef þeir hefðu klikkað í síðustu sókn og við skorað þá værum við inni. Þetta er ein sókn til eða frá.“

Ólafur vildi sem minnst spá í hvaða þýðingu það hefði að vera ekki með á HM. „Við svekkjum okkur í janúar. Það sýnir svolítið skammsýni landa minna að ég man ekki eftir neinum sem hefur óskað mér eða liðinu til hamingju með að vera komnir á Ólympíuleikana. Menn eru skammsýnir og það eru Ólympíuleikar í ágúst sem menn geta hlakkað til og skemmt sér yfir. Menn verða bara að höndla skammdegið í janúar án handbolta. Við horfum brattir á þetta. Förum í frí núna og verðum svo brjálaðir á Ólympíuleikunum.“ - gmi



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Segir að skammsýnir Íslendingar verði að höndla skammdegið í janúar án handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Grindavík 0-1 Keflavík

Grindavikurv, áhorf.: 830 — Einar Örn Daníelsson (5)

*0-1 Andri Steinn Birgisson, sjm (29.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–14 (6–8) |
| Varin skot | Zankarlo 6 – Ómar 6 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–12 |
| Rangstöður | 2–1 |

| GRINDA. 4–5–1 | | KEFLAV. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Zankarlo Simunic | 6 | Ómar Jóhannsson | 7 |
| Michael Jónsson | 6 | Guðjón Antoníusson | 7 |
| Eysteinn Hauksson | 5 | ***Guðmundur Mete** | **8** |
| Bogi Einarsson | 5 | Kenneth Gustafsson | 7 |
| Jósef Jósefsson | 6 | Hallgrímur Jónasson | 7 |
| (80., Jóhann Helga. | -) | Simun Samuelsen | 7 |
| Sveinn Steingríms. | 5 | Hans Mathiesen | 6 |
| (85., Emil Símonar. | -) | Þórarinn Kristjánsson | 6 |
| Orri Freyr Hjaltalin | 6 | (53., Jón Eysteins. | 6) |
| Andri St. Birgisson | 6 | Hörður Sveinsson | 6 |
| Páll Guðmundsson | 7 | (83., Brynjar Guðm. | -) |
| Alexander Þórarins. | 7 | Patrick Redo | 5 |
| Tomasz Stolpa | 5 | (56., Magnús Þors. | 5) |
| | | Guðm. Steinarsson | 7 |

**Maður leiksins*

Keflavík sigraði Grindavík, 0-1, í Suðurnesjaslag á Grindavíkurvelli í gærdag:

# Sjálfsmark Andra Steins kom Keflavík á toppinn

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar eru komnir á topp Landsbankadeildarinnar eftir 0-1 sigur í nágrannaslag gegn Grindavík.

Leikurinn fór tiltölulega rólega af stað og einkenndist af baráttu og moði á miðju vallarins. Grindvíkingar voru meira með boltann framan af en Keflvíkingar fengu betri marktækifæri.

Grindvíkingurinn Tomasz Stolpa fékk besta færi leiksins þegar hann komst einn inn fyrir vörn Keflavíkur en Ómar Jóhannsson í markinu sá við honum.

Eina mark fyrri hálfleiks kom eftir tæplega hálftíma leik þegar Grindvíkingurinn Andri Steinn Birgisson varð fyrir því óláni að skalla boltann í eigið mark eftir aukaspyrnu Guðmundar Viðars Mete.

Í seinni hálfleik datt hraðinn í leiknum niður og Keflvíkingar virtust sáttir með sitt en Grindvíkingum tókst illa að setja gestina undir pressu.

Keflvíkingar fengu síðustu færi leiksins en allt kom fyrir ekki. Keflvíkingar eru þar með komnir á topp Landsbankadeildarinnar og héldu hreinu í sínum fyrsta leik í sumar.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, var eðlilega sáttur með stigin þrjú. „Við erum í þessu til þess að vinna þannig að ég er ánægður með að taka þrjú stig. Mér fannst leikurinn hins vegar vera alltof hægur og óvenjulegt að sjá þessi lið spila á þennan hátt. Völlurinn hefur hugsanlega haft eitthvað að gera með það þar sem hann er þurr og harður og erfitt að spila með jörðinni. Við höfðum að mér fannst nokkuð góð tök á leiknum og vorum ekkert að hleypa þeim í nein dauðafæri,“ sagði Kristján sem fagnaði því að lið hans hafi loksins náð að halda hreinu.

Eysteinn Hauksson, fyrirliði Grindavíkur, gat ekki leynt vonbrigðum sínum með að fá ekkert út úr leiknum.

„Mér fannst við vera tilbúnir í leikinn en við náðum ef til vill ekki að skapa okkur nógu mikið af marktækifærum. Þetta er eitthvað sem við erum búnir að vera að skoða hjá okkur og þurfum að laga. Mér fannst við hafa yfirhöndina í návígum út um allan völl en það vantaði eitthvað upp á til að klára sóknirnar með marki,“ sagði Eysteinn að lokum. **- óþ**



**Í GJÖRGÆSLU** Hallgrímur Jónasson passar hér upp á sóknarmann Grindavíkur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## KR 3-0 Fylkir

KR-völlur, áhorf.: Óuppgefið. — Magnús Þórisson (7)

*1-0 Björgólfur Takefusa (31.)*
*2-0 Björgólfur Takefusa (49.)*
*3-0 Björgólfur Takefusa, víti (71.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–5 (6–2) |
| Varin skot | Stefán Logi 2 – Fjalar 3 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–15 |
| Rangstöður | 4–0 |

| KR 4–4–2 | | FYLKIR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Stefán L. Magnússon | 7 | Fjalar Þorgeirsson | 6 |
| Skúli J. Friðgeirsson | 7 | Þórir Hannesson | 5 |
| Grétar Sigurðsson | 7 | Kristján Valdimars. | 5 |
| Pétur Marteinsson | 7 | Valur F. Gíslason | 5 |
| Guðm. Gunnarsson | 8 | Kjartan Breiðdal | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 7 | Ian Jeffs | 4 |
| Jónas G. Sævarsson | 8 | Allan Dyring | 4 |
| Viktor B. Arnarsson | 7 | (65., Halldór Hilm. | 5) |
| Atli Jóhannsson | 6 | Ólafur Stígsson | 4 |
| (21., Jordao Diogo | 6) | Peter Gravesen | 5 |
| (53., Gunnar Jóns. | 6) | Jóhann Þórhallsson | 4 |
| ***Björgólf. Takefu.** | **8** | (79., Kjartan Baldv. | -) |
| (82., Guðm. Péturs. | -) | Ásgeir B. Ásgeirsson | 5 |
| Guðjón Baldvinsson | 7 | (57., Haukur Ingi | 4) |

**Maður leiksins*

# Þrenna Björgólfs sá um Fylkismenn

**Björgólfur Takefusa skoraði öll þrjú mörkin þegar KR lagði Fylki í Vesturbænum í gær, 3-0. KR-liðið var talsvert sterkara og sigur Vesturbæinga var sanngjarn, sannfærandi og verðskuldaður.**

**FÓTBOLTI** Fyrrverandi Fylkismaðurinn Björgólfur Takefusa reyndist sínum gömlu félögum erfiður í gær er hann skoraði öll mörk KR í 3-0 sigri á Árbæingum í Frostaskjólinu. Fyrstu tvö mörkin komu með skalla og það þriðja úr vítaspyrnu. Sigurinn var auk þess sanngjarn en liðin eru nú bæði með níu stig í Landsbankadeild karla.

Fyrri hálfleikur var fremur tíðindalítill en KR-ingar voru þó talsvert frískari og áttu því skilið að vera með 1-0 forystu í hálfleik.

Markið skoraði Björgólfur Takefusa með skalla af stuttu færi eftir laglegan undirbúning Jónasar Guðna Sævarssonar.

KR-ingar héldu yfirburðum sínum í síðari hálfleik og bættu talsvert í þar að auki. Björgólfur var ekki nema fjórar mínútur að bæta við öðru marki sínu í leiknum og aftur kom það með skalla eftir fyrirgjöf, í þetta sinn frá Óskari Erni Haukssyni beint úr aukaspyrnu.

Eftir það styrktu heimamenn tak sitt á leiknum og óðu hreinlega í færum á tímabili um miðjan hálfleikinn áður en þriðja markið kom.

Guðmundur Reynir Gunnarsson átti þá góðan sprett upp kantinn og skaut í hendi Ólafs Stígssonar sem var staðsettur í eigin vítateig. Vítaspyrna því dæmd sem Björgólfur skoraði úr af öryggi.

Fylkismenn áttu varla eina efnilega sókn í síðari hálfleik og var mikil deyfð yfir leikmönnum liðsins. KR-ingar virtust hins vegar eflast eftir því sem á leið og yfirspiluðu andstæðinginn á öllum svæðum vallarins. Niðurstaðan því tveir heimasigrar í röð auk þess sem liðið hefur einnig náð að halda hreinu í þessum leikjum.

„Það er alltaf frábært að ná að skora þrjú og sérstaklega þar sem við unnum í dag,“ sagði markahetjan Björgólfur Takefusa eftir leik.

„Mér fannst þetta frábær sigur hjá okkur enda börðumst við frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu auk þess spiluðum við frábæran fótbolta. Þeir fengu ekki að komast upp með neitt enda var það aðalatriðið að spila góðan varnarleik. Nú þurfum við bara að fylgja þessu eftir.“

Kristján Valdimarsson, leikmaður Fylkis, var vitanlega ekki jafn sáttur. „Við vorum engan veginn klárir í þetta í dag og þeir voru sterkari á öllum sviðum að mínu mati. Það er ljóst að við þurfum að taka til í okkar liði og bæta hugarfarið hjá okkur. En það góða við fótboltann er að það má alltaf bæta sig í næsta leik og það er nóg eftir af sumrinu.“

**eirikur@frettabladid.is**



**SKREFI Á UNDAN** Björgólfur Takefusa fór mikinn með KR í gær gegn sínum gömlu félögum í Fylki og skoraði þrennu. Varnarmenn Fylkis áttu í mestu vandræðum með hann í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÁREKSTUR** KR-ingarnir Atli Jóhannsson og Guðjón Baldvinsson lentu í slæmum árekstri sem endaði með því að Atli missti nokkrar tennur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þróttur 2-1 HK

Valbjarnarvöllur, áhorf.: Óuppg. — Örvar Sær Gíslason (6)

*1-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson (1.)*
*2-0 Dennis Danry (27.)*
*2-1 Mitja Brulc, víti (33.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–8 (6–3) |
| Varin skot | Bjarki 2 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 3–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–16 |
| Rangstöður | 4–0 |

| ÞRÓTT. 4–5–1 | | HK 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Bjarki F. Guðmunds. | 6 | Gunnleifur Gunnleif. | 6 |
| Eysteinn Lárusson | 6 | Stefán Eggertsson | 7 |
| Þórður Hreiðarsson | 7 | Ásgrímur Albertsson | 5 |
| Michael Jackson | 6 | Finnbogi Llorens | 6 |
| Kristján Ó. Björns. | 6 | Damir Muminovic | 5 |
| Rafn Andri Haralds. | 6 | Hörður Magnússon | 5 |
| Hallur Hallsson | 7 | (46., Hörður Már | 6) |
| ***Dennis Danry** | **8** | Hólmar Eyjólfsson | 7 |
| Arnljótur Ástvalds. | - | Mitja Brulc | 6 |
| (17., Ismael Silva | 5) | Finnur Ólafsson | 6 |
| (76., Adndrés Vilhj. | -) | (80., Hörður Árna. | -) |
| Magnús Lúðvíksson | 7 | Aaron Palomares | 6 |
| Hjörtur Hjartarson | 7 | (80., Calum Bett | -) |
| | | Iddi Alkhag | 7 |

**Maður leiksins*

Þróttarar héldu áfram að hala inn stig þegar botnlið HK kom í heimsókn á Valbjarnarvöll:

# Þróttarasigur í baráttuleik á Valbjarnarvelli

**FÓTBOLTI** Það var fámennt á Valbjarnarvelli þegar lið Þróttar og HK mættust í Landsbankadeild karla í gærdag. Liðin létu það þó ekki á sig fá og buðu upp á ágæta skemmtun. Það voru Þróttarar sem fóru með sigur af hólmi 2-1 og unnu þar með sinn þriðja sigur í röð.

Þróttarar hófu leikinn með látum því Hjörtur Júlíus Hjartarson kom þeim yfir eftir einungis 45 sekúndur með góðu skoti utan vítateigs. Dennis Danry síðan Þrótti í 2-0 með marki beint úr aukaspyrnu og leit allt út fyrir að Þróttarar myndu keyra yfir strákana úr Kópavoginum sem voru engan veginn með á nótunum.

Iddi Alkhag var á köflum einmana í framlínunni og HK gekk illa að halda boltanum innan liðsins. Sex mínútum síðar fengu HK menn réttilega dæmda vítaspyrnu þegar áðurnefndur Iddi var felldur í teignum og Mitja Brulc minnkaði muninn í 2-1 úr vítaspyrnunni. Undir lok hálfleiksins skoraði Hjörtur svo mark en var dæmdur rangstæður við litla hrifningu Þróttara enda kom boltinn frá varnarmanni HK og því ekki um rangstöðu að ræða.

Í síðari hálfleik lögðu Þróttarar áherslu á að halda fengnum hlut og gerðu það vel.

Eysteinn Lárusson, fyrirliði Þróttar, var ánægður í leikslok.

„Við erum gríðarlega sáttir. Þetta var upp á líf og dauða og við settum það þannig upp fyrir leikinn,“ sagði Eysteinn og varðandi markið sem var dæmt af undir lok fyrri hálfleiks sagði Eysteinn.

„Ég tek ofan fyrir öðrum aðstoðardómaranum sem viðurkenndi mistökin eftir leikinn og baðst afsökunar. Ég held að það megi aðrir taka það til fyrirmyndar, hann vissi að þetta voru mistök og það er lítið hægt að segja við þessu. Þeir gera mistök eins og við leikmennirnir.“ **- sjj**



**HJARTARÁSINN** Hjörtur Hjartarson skoraði fyrir Þrótt í gær. Hann fer hér framhjá Ásgrími Albertssyni, varnarmanni HK. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## LANDSBANKAD. KARLA

**Staðan:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Keflavík | 7 | 6 | 0 | 1 | 19-11 | 18 |
| **2. FH** | **6** | **5** | **1** | **0** | **17-4** | **16** |
| 3. Fjölnir | 7 | 4 | 0 | 3 | 9-7 | 12 |
| **4. Þróttur** | **7** | **3** | **2** | **2** | **12-13** | **11** |
| 5. Valur | 7 | 3 | 1 | 3 | 11-12 | 10 |
| **6. Fram** | **6** | **3** | **0** | **3** | **6-4** | **9** |
| 7. KR | 7 | 3 | 0 | 4 | 12-11 | 9 |
| **8. Fylkir** | **8** | **3** | **0** | **5** | **10-15** | **9** |
| 9. Breiðablik | 6 | 2 | 2 | 2 | 8-10 | 8 |
| **10. ÍA** | **7** | **1** | **3** | **3** | **6-10** | **6** |
| 11. Grindavík | 7 | 2 | 0 | 5 | 8-14 | 6 |
| **12. HK** | **7** | **1** | **1** | **5** | **8-15** | **4** |

| ÍA | 0-0 | Valur |
|---|---|---|
| Akranesv., áhorf.: 772 | | Garðar Örn Hinriksson (8) |

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–8 (4–2) |
| Varin skot | Espen 2 – Kjartan 4 |
| Horn | 4–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–21 |
| Rangstöður | 4–10 |

| ÍA 4–5–1 | | VALUR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Esben Madsen | 6 | Kjartan Sturluson | 6 |
| Heimir Einarsson | 6 | Birkir Sævarsson | 6 |
| Árni Thor Guðm. | 7 | ***Einar Marteinsson** | **7** |
| Dario Cingel | 7 | Bjarni Ó. Eiríksson | 7 |
| Guðjón H. Sveinsson | 6 | René Carlsen | 6 |
| Þórður Guðjónsson | 5 | Rasmus Hansen | 7 |
| (68., Andri Júlíus. | 3) | Pálmi Rafn Pálmas. | 5 |
| Bjarni Guðjónsson | 6 | Baldur Bett | 6 |
| Árni Ingi Pjetursson | 4 | Hafþór Vilhjálmsson | 4 |
| (83., Guðm. Guðjó. | -) | (79., Guðm. Hafst. | -) |
| Jón Vilhelm Ákason | 6 | Helgi Sigurðsson | 6 |
| (70., Igor Bilokapic | 4) | Albert Ingason | 5 |
| Björn Bergmann | 6 | | |
| Vjekoslav Svadumo. | 5 | | |

*Maður leiksins



**SVEKKTUR** Vignir Svavarsson og félagar voru ekki kátir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslenska handboltalandsliðið:

## Missti síðast af stórmóti 2000

**HANDBOLTI** Í gær varð ljóst að íslenska handboltalandsliðið verður ekki meðal þátttökuþjóða á HM í Króatíu á næsta ári en Ólympíuleikarnir í Peking í haust verða tíunda stórmótið í röð þar sem Ísland verður meðal keppenda.

Ísland missti síðast af stórmóti þegar liðið var ekki með á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. HM í Króatíu verður jafnframt aðeins önnur heimsmeistarakeppnin frá árinu 1986 þar sem Ísland verður ekki með, en strákarnir okkar voru heldur ekki með á HM í Egyptalandi 1999. **- óój**

# Nýliðinn spilaði eins og herforingi

Valsmenn náðu loksins í stig á útivelli en Skagamenn þurfa enn að bíða eftir langþráðum sigurleik eftir markalaust jafntefli liðanna á Akranesi. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, setti nítján ára reynslulausan strák í miðju Valsvarnarinnar með góðum árangri því strákurinn var gríðarlega traustur.

**FÓTBOLTI** Lið ÍA og Vals gerðu í gær markalaust jafntefli í kaflaskiptum leik liðanna í Landsbankadeild karla þar sem fyrri hálfleikur var fjörugur en sá seinni nánast tilþrifalaus.

Íslandsmeistarar Valsmanna enduðu ófarir sínar á útivelli með því að ná í stig upp á Skaga í gær og halda marki sínu hreinu eftir að hafa fengið á sig ellefu mörk í fyrstu þremur útileikjum sumarsins.

Stærsta saga leiksins var örugglega innkoma hins nítján ára Einars Marteinssonar í miðja Valsvörnina. „Við vorum með fyrirliðann okkar Atla Svein Þórarinsson í banni og það kom strákur úr 2. flokki, Einar Marteinsson, inn fyrir hann og hann spilaði eins og herforingi,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leik.

„Hann er búinn að vera að æfa með okkur í á annað ár. Hann hefur bætt sig reglulega og hefur verið að færast nær liðinu. Hann kom inn í síðasta leik og stóð sig geysilega vel og fylgir því eftir í þessum leik. Svona gerist þetta og svona verða ungir leikmenn til,“ sagði Willum Þór.

### Smá stressaður fyrir leik

Einar mætti í viðtölin eftir leik af sömu yfirvegun og hann spilaði leikinn.

„Ég var búinn að vita það í þrjá daga að ég ætti að byrja þennan leik. Ég var smá stressaður fyrir leik en þegar í leikinn var komið fann ég ekki fyrir neinu stressi. Ég er ágætlega sáttur við frammistöðuna í þessum leik,“ sagði Einar Marteinsson, sem á það alveg skilið að halda stöðu sinni í liðinu.

Gengi Skagamanna og Valsmanna hefur valdið miklum vonbrigðum í upphafi tímabils og leikurinn í gær var því afar mikilvægur fyrir bæði lið til að reyna að snúa við slæmu gengi. Skagamenn höfðu ekki unnið leik síðan 20. maí og Íslandsmeistarar Valsmanna áttu enn eftir að fá stig á útivelli.

Það var því stress í báðum liðum, sem sást vel þegar Kjartan Sturluson var nærri því búinn að missa inn hættulitla fyrirgjöf Þórðar Guðjónssonar í upphafi leiks. Kjartan bjargaði því. Kollegi hans í Skagamarkinu, Esben Madsen, sýndi einnig góð tilþrif þegar hann varði frá Helga Sigurðssyni. Bæði lið voru líkleg fram að hálfleik en ekkert gekk að skora. Það var einnig hart tekist á frá fyrstu mínútu leiksins og því reyndi mikið á Garðar Örn Hinriksson dómara að halda mönnum á jörðinni.

Eftir fínan fyrri hálfleik buðu leikmenn upp á steindauðan síðari hálfleik þar sem ekkert var um færi, hvað þá markskot, sem voru af skornum skammti eftir hlé.

Hápunktur seinni hálfleiks var æsingur varamannsins Andra Júlíussonar, sem fékk að líta rauða spjaldið eftir að hafa fengið tvö gul spjöld á þeim tólf mínútum sem höfðu liðið eftir að hann kom inn á sem varamaður.

Bjarni Guðjónsson, fyrirliði Skagamanna, reyndi að sjá jákvæðu hlutina í leiknum þrátt fyrir að biðin eftir sigri væri farin að dragast á langinn.

„Það jákvæða við leikinn var að við fengum ekki á okkur mark en við hefðum átt að nýta sóknartækifærin okkar betur. Við náðum að halda hreinu á móti Íslandsmeisturunum þrátt fyrir að vera manni færri í nokkurn tíma,“ sagði Bjarni og bætti við:

„Það fór rosaleg orka í fyrri hálfleikinn hjá okkur en við eigum að hafa afl til þess að fara í gegnum allan leikinn með þessum krafti. Það kom kannski smá óöryggi í liðið eftir að við náðum ekki að brjóta þá niður eftir að hafa verið töluvert betri í fyrri hálfleik. Þeir voru síðan kannski aðeins betri í síðari hálfleik,“ sagði Bjarni, sem viðurkennir að erfitt sé að halda sjálfstraustinu í liðinu þegar illa gengur að ná í stigin.

### Vantaði bara að skora mark

Willum Þór var sáttur við frammistöðu síns liðs í leiknum.

„Skagaliðið er það sterkt að við höfum ekki efni á öðru en að koma hingað með skipulagið í lagi og spila agað, og það gerðum við í dag. Ég er mjög kátur með liðið og að það sé stígandi í þessu hjá okkur.

Staðan hefur verið þannig hjá okkur að við höfum þurft að gera breytingar á milli leikja. Mér fannst þetta allt ganga mjög vel í dag og það voru allir í liðinu feikilega ákveðnir. Það eina sem vantaði var að skora mark,“ segir Willum, sem er ekkert að horfa mikið á stigatöfluna þessa daganna.

„Við verðum að reyna að skapa okkar augnablik í þessu móti og það gerist ekki öðruvísi en að reyna að safna stigum og vera í standi í næsta leik,“ sagði Willum að lokum. **ooj@frettabladid.is**



**HÁLOFTABARÁTTA** Hinn ungi Einar Marteinsson sló í gegn á Skaganum í gær. Hann berst hér við Skagamanninn Jón Vilhelm Ákason. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR



**Í HEIMAHÖGUNUM** Valsarinn Hafþór Ægir Vilhjálmsson náði ekki að skapa usla á sínum gamla heimavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR




Portúgal og Tyrkland komust áfram upp úr A-riðli á EM:

# Lygileg endurkoma hjá Tyrkjum

**FÓTBOLTI** Portúgal og Tyrkland eru liðin sem komust upp úr A-riðli EM. Portúgalar voru þegar komnir með farseðilinn þangað og gátu leyft sér að hvíla menn gegn Sviss. Heimamenn þökkuðu pent fyrir með því að vinna 2-0 með tveimur mörkum frá Hakan Yakin.

Tyrkland og Tékkland mættust síðan í algjörum úrslitaleik um hitt lausa sætið í átta liða úrslitunum. Ef þeim leik hefði lyktað með jafntefli hefði verið farið strax í vítaspyrnukeppni.

Það blés ekki byrlega fyrir Tyrkjum eftir klukkutíma leik því þá höfðu Koller og Plasil komið Tékklandi í 2-0.

Það var lítið sem benti til þess að Tyrkir ættu einhvern möguleika þegar Turan minnkaði muninn fyrir þá stundarfjórðungi fyrir leikslok.

Nihat Kahveci krónaði síðan einhverja ótrúlegustu endurkomu allra tíma á EM með tveim mörkum á síðustu þrem mínútum leiksins.

Fyrra markið skrifast algjörlega á Petr Cech, markvörð Tékka, sem missti mjög auðveldan bolta úr höndum sér og eftirleikurinn var auðveldur fyrir Nihat. Síðara markið var síðan stórglæsilegt og nánast óverjandi.

Tyrkir misstu síðan markvörð sinn af velli með rautt spjald í uppbótartíma og varamarkvörður liðsins stendur því á milli stanganna hjá þeim í átta liða úrslitunum. **- hbg**



**HETJAN** Nihat Kahveci skoraði tvö mörk undir lok leiksins gegn Tékkum og tryggði Tyrkjum farseðilinn í átta liða úrslit EM. NORDIC PHOTOS/AFP

## > Michael Douglas

„Ég vil heldur horfa á íþróttaviðburði en kvikmyndir því endirinn er ekki eins fyrirsjáanlegur í íþróttum," hefur Douglas sagt. Hann leikur oftast stjórnmálamenn eða forstjóra stórra fyrirtækja í kvikmyndum en í „The Sentinel" sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld, leikur hann leyniþjónustumann.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER AÐ REYNA AÐ HORFA Á FÓTBOLTA

# Þjófar skulu handhöggnir án undantekninga!

Fyrir þó nokkru síðan skreið gamall maður niður af fjalli með tvær steintöflur í fanginu. Menn hafa gert því skóna að hann hafi misst aðrar tvær á leiðinni. Þær hafi innihaldið skýringar við frumritið. Það er ljóst að ef manngarmurinn hefði verið meiri bógur en raun bar vitni væri margt skýrara í huga nútímamannsins. Við hefðum mun fullkomnari viðmiðunarreglur til að fara eftir, sem myndu auðvelda okkur alla framgöngu og uppeldi blessaðra barnanna.

Þessi vinna sem kallinn lagði á sig er allra góðra gjalda verð. Ég held að allir geti verið sammála um að sjötta boðorðið hefur til dæmis staðist tímans tönn. Þar virðist vera samhljómur með hinu veraldlega og geistlega. Boðorðið er skýrt og eftir því er farið. En hvað er málið með það sjöunda? Það er kominn tími til að endurskoða þessa reglu og gera hana mun strangari.

Þegar tók að líða á leik Hollendinga og Frakka nú á dögunum var spennan orðin óbærileg. Þegar Frakkar minnkuðu muninn var sýnt að eitthvað sögulegt var í farvatninu. Hollendingar tóku miðju og skoruðu þriðja markið. Eða það var mér sagt því á þeim tíma var ég að horfa á pólskar auglýsingar! Ég sat sem lamaður í fyrstu. Síðan bölvaði ég á öllum tungumálum sem ég þekki. Síðan bað ég til guðs, hrækti á sjónvarpið og lofaði andskotanum að ég myndi elta uppi alla tæknimenn sem nokkurn tíman hafa unnið í sjónvarpi og svívirða allt þeirra fólk. Hundarnir þeirra yrðu ekki einu sinni undanþegnir.



Þá var mér bent á að fjórtán mánaða gamall sonur minn var að leika sér með fjarstýringuna. Þvílíka óvirðingu hefur hann ekki sýnt mér áður. Ef boðorðið góða væri skýrara hefði ég ekki brugðist. Ég hefði lagt línurnar með afdráttarlausari hætti og sonur minn væri ekki þjófóttur. Ég hefði líka séð þriðja markið.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45 Breiðablik - FH BEINT** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Kimora: Life in the Fab Lane NÝTT** SKJÁREINN



▶ **20.20 Jamie Oliver - Australian** STÖÐ 2



▶ **20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency)** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Women's Murder Club** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Austurríkismanna og Þjóðverja á Evrópumóti landsliða í fótbolta.

▶**20.45 Vinir í raun** (In Case of Emergency) (1:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjó. Aðalhlutverk: David Arquette, Jonathan Silverman, Greg Germann, Kelly Hu, Lori Loughlin og Jackson Bond.

**21.15 Lífsháski** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Aðalhlutverk: Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia og Maggie Grace.

**22.00 Tíufréttir**

**22.35 EM 2008 - Samantekt**

**23.05 Herstöðvarlíf** (Army Wives)(8:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.

**23.50 EM í fótbolta 2008** Upptaka frá leik Pólverja og Króata.

**01.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 The Sentinel**

**08.00 Adventures of Shark Boy and L**

**10.00 The Battle of Shaker Heights**

**12.00 Thunderstruck**

**14.00 Adventures of Shark Boy and L**

**16.00 The Battle of Shaker Heights**

**18.00 Thunderstruck**

**20.00 The Sentinel** Leyniþjónustumaður er ranglega sakaður um að skipuleggja banatilræði á Bandaríkjaforseta.

**22.00 The Hurricane**

**00.20 Crimson Rivers 2: Angels of the Apocalypse**

**02.00 The Singing Detective**

**04.00 The Hurricane**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Camp Lazlo, Dexter´s Laboratory og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Homefront** (5.18)(e)

**11.15 Wife Swap** (9:10)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Numbers** (18:24)

**13.55 Funky Monkey**

**15.30 Friends** (16:24)

**15.55 Háheimar**

**16.18 Leðurblökumaðurinn**

**16.43 Skjaldbökurnar**

**17.08 Tracey McBean**

**17.18 Louie**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (1:22) Skuldum vafinn vegna fjárhættuspila neyðist Hómer til að leyfa Feita-Tony að búa til klámmynd heima hjá sér.

**19.55 Friends** (23:24) Það er komið að því að Chandler og Monica gangi í það heilaga en Chandler virðist vera að guggna á öllu saman. Joey er annars hugar þar sem hann fær tækifæri til að leika í kvikmynd.

▶**20.20 Jamie Oliver - Australian** Jamie Oliver heldur til Ástralíu til að kynna nýjustu þættina sína og Fifteen sem er nýjasta veitingarhúsið hans í Melbourne. Það verður fylgst með honum á sviði þar sem hann kokkar upp dýrindisrétti fyrir áhorfendur flytur frumsamið lag.

**21.10 Fallen: The Destiny**

**22.35 Missing** (7:19) Þriðja þáttaröð. Bandaríska alríkislögreglan leitar að týndu fólki og Jess Mastrini er aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.

**23.20 Nine to Five**

**01.10 Shark** (14:16)

**01.55 Gemsar**

**03.20 Funky Monkey**

**04.50 Missing** (7:19)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Myndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008**

Grindavík - Keflavík

**08.55 Augusta Masters** Masters mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi og óhætt er að segja að þar séu hefðirnar í hávegum hafðar. Þetta er eina risamótið sem fer ávallt fram á sama velli, Augusta National, í Georgíu sem hannaður var af Bobby Jones. Sigurvegarar mótsins fá ævilangan þáttökurétt á mótinu auk græna jakkans.

**09.55 US Open 2008** Útsending frá lokadegi US Open í golfi.

**15.55 Landsbankadeildin 2008**

Grindavík - Keflavík

**17.45 NBA 2007/2008 - Finals games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

▶**19.45 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik Breiðabliks og FH í Landsbankadeild karla

**22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni eru skoðuð í þessum þætti.

**23.00 King of Clubs - Ajax Amsterdam** Vandaður þáttur sem fjallar sögu helstu stórliða heims.

**23.30 Landsbankadeildin 2008**

Breiðablik - FH

**01.20 Landsbankamörkin 2008**

## SPORT 2

**18.20 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**18.50 Bestu leikirnir**

Westham - Sunderland

**20.30 PL Classic Matches**

Arsenal - Chelsea, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**21.30 Football Rivalries** Boca Juniors v River Plate. Í þessum þætti er fjallað um ríg Boca Juniors og River Plate innan vallar sem utan.

**22.25 Bestu leikirnir**

Westham - Sunderland

**00.05 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**14.40 Vörutorg**

**15.40 Top Chef** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Jay Leno** (e)

▶**20.10 Kimora: Life in the Fab Lane - NÝTT** Þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons stofnandi Baby Phat og Phat Farm hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Kimora vakti fyrst athygli sem fyrirsæta þegar hún var 14 ára á átti farsælan feril í módelbransanum. Það er aldrei lognmolla í kringum hana og auk þess að vera önnum kafin viðskiptakona er Kimora tveggja barna móðir og hefur í nógu að snúast.

**21.00 Eureka** (5:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.

**21.50 C.S.I.** (16:17) Grissom og félagar hans rannsaka dularfullt dauðsfall leikkonu í vinsælum gamanþætti. Það eru margir sem eru grunaðir og þar á meðal er eiginmaður leikkonunnar, staðgengill hennar og allir handritshöfundar þáttarins sem voru búnir að fá nóg af stjörnustælum hennar.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Brotherhood** (e)

**00.30 C.S.I.**

**01.10 Girlfriends (e)**

**01.35 Vörutorg**

**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Fallen: The Destiny



Þriðji og síðasti hlutinn í hörku-spennandi og vönduðum þríleik um Aaron, sem þráir ekkert heitar en venjulegt líf með nýju fósturforeldrunum sínum. Þetta breyttist allt á átján ára afmælisdeginum hans því þá uppgötvar hann óvenjulega krafta og undarlegir draumar sækja að honum. Maður að nafni Ezekiel vitjar hans og segir honum að hann sé í raun hálfur maður og hálfur engill með einstaka hæfileika sem koma að góðum notum í ævalangri baráttu hinna föllnu engla. Í þriðja og síðasta þættinum heldur Aaron hættuför sinni áfram og örlög hans ráðast.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### EM í fótbolta BEINT
### Sjónvarpið kl. 18.45

Sjónvarpið sýnir í dag leik Austurríkis og Þýskalands kl. 18.45 en á sama tíma verður hægt að sjá leik Póllands og Króatíu á RÚV plús. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir leikinn en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 22.35. Leikur Póllands og Króatíu verður sýndur aftur á Sjónvarpinu kl. 23.50.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Látún
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Út um víðan völl
**15.03** Útvarpssagan: Sérherbergi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Litla flugan rifjar upp Eurovision
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Dalakofinn
**23.30** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Wildfire** (13:13) Þriðja þáttaröðin um Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**18.15 The Class** (11:19)
**18.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (13:22)
**20.30 Wildfire** (13:13)
**21.15 The Class** (11.19)
**21.35 The War at Home**
▶**22.00 Women´s Murder Club** (1:13) Sumir saumaklúbbar eru ólíkir öðrum. Þær eru fjórar og perluvinkonur en sérsvið þeirra og helstu áhugamál er slúður og sakamál. Þær gegna allar ólíkum störfum og nýtist vináttan vel því allar vinna þær við morðrannsóknir.
**22.45 The Riches** (2:7)
**23.25 Curb Your Enthusiasm** (10:10)
**00.05 Entourage** (10:20)
**00.30 Comedy Inc.** (19:22)
**00.55 Sjáðu**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Sólveig Eiríksdóttir, Katrín Júlíusdóttir.
**21.00 Mæður og dætur** Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Charlotte Böving, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Birgitta Birgisdóttir.
**21.30 Ármann á Alþingi** Umsjón: Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður. Gestur: Friðrik Friðriksson formaður sjóðstjórnar AVS.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Vagn på floden **11.30** Søren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Den lyserøde panter **14.35** Naruto **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Mine venner Tigerdyret og Plys **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Hercule Poirot **18.00** Tæt på en dronning **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Spartacus **21.25** OBS **21.30** Surface **22.10** Seinfeld

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Jeg og skyggen min **10.40** I magasinenes verden **11.30** Åpen himmel **12.00** Med hjartet på rette staden **12.50** Milliardene som forsvant **13.40** For Tors skyld **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mine venner Tigergutt og Brumm **16.25** Bali **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Smaken av Danmark **18.00** Norsk attraksjon **18.30** 'Allo, 'Allo! **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Tudors **20.30** Faktor **21.00** Kveldsnytt **21.20** Den mistenkte **23.05** 20 spørsmål **23.35** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport 10.05 Fotbollsakademin **10.35** Sportspegeln **12.20** Brita i Grosshandlarhuset **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Himlen över Danmark **15.30** Strömsö **16.00** Hannas hjälplinje **16.10** Ebb och Flo **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart sommar **19.00** Foyle's war **20.35** Djurvän i aktion **21.50** Rapport **22.00** Kören - killar sjunger inte **23.00** Brottskod: Försvunnen **23.45** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta helst á góðan djass og Rondó er alveg yndisleg stöð. Louis Armstrong er minn maður og svo hann þarna saxófónleikarinn. Ég man bara ekki hvað hann heitir eins og er. Það er svo mikið að gera í vinnunni.“*

Jón Júlíus Elíasson garðyrkjumeistari.

# Stjörnur safna fyrir Neista með golfi

Tuttugu þjóðþekktir einstaklingar ætla að spila golf á Stjörnumóti Nova á Urriðavelli í Garðabæ til styrktar Neista, styrktarfélagi hjartveikra barna. Að sögn Björgvins Vilhjálmssonar, eins af skipuleggjendum mótsins, hafa tíu þegar skráð sig en mótið verður haldið 25.júní. Meðal þeirra sem ætla að dusta rykið af kylfunum eru grínistarnir Sveppi og Sigurður Sigurjónsson, fréttahaukurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson, athafnakonan Kristín Pétursdóttir og tónlistarfólkið Eyjólfur Kristjánsson og Helga Möller.

Þetta er í fimmta sinn sem Stjörnumót er haldið með þessum hætti en öðrum sem eru áhugasamir um að leggja málefninu lið er bent á að styrktarmót verða einnig haldin á Keili í Hafnarfirði, golfvöllum GR í Korpu og Grafarholti, hjá GKG og á Seltjarnarnesi. Þar munu fulltrúar frá Neista taka við framlögum frá þeim sem vilja leggja málefninu lið. Einnig er hægt að hringja í síma 908 1000. Árlega greinast um 70 börn með hjartagalla og mörg barnanna þurfa að gangast undir fjölda aðgerða erlendis. Kostnaður við slíkt hleypur oft á hundruðum þúsunda og oft uppí margar milljónir.





**LEGGJA GÓÐU MÁLEFNI LIÐ** Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Sigurjónsson, Eyjólfur Kristjánsson og Helga Möller leggja sitt af mörkum á Stjörnumóti Nova.



**LÁRÉTT**
**2.** vond, 6. í röð, 8. rjúka, 9. fugl, 11. 49, 12. gafl, 14. heimagert vín, 16. hljóta, 17. mánuður, 18. kk nafn, 20. í röð, 21. lappa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, 3. kusk, 4. uppnám, 5. mas, 7. andmæli, 10. blóðhlaup, 13. fálm, 15. fangi, 16. framkoma, 19. ryk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. slæm, 6. lm, 8. ósa, 9. lóm, 11. il, 12. stafn, 14. brugg, 16. fá, 17. maí, 18. ari, 20. rs, 21. sama.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. ló, 4. æsingar, 5. mal, 7. mótbára, 10. mar, 13. fum, 15. gísl, 16. fas, 19. im.

# Hraun í Öskjuhlíð

**Hljómsveitin Hraun fagnar annarri plötu sinni á Rúbín í Öskjuhlíð í kvöld. Húsið opnar kl. 21. Tilefnið er útkoma plötunnar Silent Treatment sem er önnur í þríleik Hrauns. Sú nýja er öllu léttar en hin fyrri, I Can't Believe It's Not Happiness, sem var þunglynd út í gegn. Á síðustu plötu þríleiksins mun svo eintóm sæla og gleði verða ríkjandi.**

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Columbia-háskóla í New York.
2. Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Helgafellsveit og Eyja- og Miklaholtshreppur.
3. Brynhildur Guðjónsdóttir.

GUNNAR NÍELSSON: MEGRUNARKÓNGUR AKUREYRAR MISSTI YFIR 20 KG

# Brún hrísgrjón yfir boltanum

Þéttir karlar eiga nú á hættu að hlaupa enn frekar í spik yfir EM í fótbolta. „Bjór, snakk, skyndibiti og hreyfingarleysi geta farið illa með marga,“ segir Sigurður Karl Jóhannsson, einn eigandi Nings á Akureyri.

Sigurður stóð fyrir miklu átaki á dögunum í samvinnu við Dagskrána á Akureyri og fékk tvö fjögurra manna karlalið til að keppa í megrun í átta vikur. „Þetta var hörð keppni og vakti mikla athygli,“ segir Sigurður. „Það varð mikil heilsuaukning í bænum eftir þetta. Núna koma menn og kaupa brún grjón og kjúklingabringur til að hafa yfir boltanum.“

Keppendur snæddu hjá Nings tvisvar á dag, púluðu hjá Vaxtarræktinni fimm daga vikunnar, en fengu frí um helgar. Liðin sem kepptu kölluðu sig Team Biafra og The Jellybeans. Biafra-liðið vann með miklum yfirburðum, missti samtals 56,2 kíló á meðan The Jellybeans missti 31,8 kíló. Sá sem missti minnst missti samt 7,6 kíló, sem er auðvitað fínn árangur – „Það sýnir bara að þeir sem halda svona út í átta vikur sjá árangur,“ segir Sigurður.

Gunnar Níelsson fasteignasali var ótvíræður sigurvegari keppninnar og missti 21,8 kíló. Hann var sá eini sem var með hundrað prósenta mætingu, bæði í ræktina og á Nings. „Jú, auðvitað finnur maður mikinn mun á sér,“ segir Gunnar, sem vó 128,6 kíló þegar mælingar hófust en var kominn í 106,8 kíló átta vikum síðar. „Maður lætur pitsuna alveg vera yfir boltanum, en smá bjór, tja ... Ég held að gamla tuggan með að allt sé best í hófi sé enn í fullu gildi. Ég hef reyndar ekki tileinkað mér það til þessa, en er að reyna núna.“

Gunnar er alls ekkert hættur í átakinu þótt hann segist reyndar ætla að fara hægar í sakirnar. „Ég er ekki kominn með leiða á þessu mataræði. Kannski eins gott því ég fékk hundrað heilsumáltíðir hjá Nings í verðlaun!“

gunnarh@frettabladid.is



**TEAM BIAFRA OG THE JELLYBEANS Í UPPHAFI KEPPNINNAR** Sigurður Karl hjá Nings í miðjunni hvatti þá áfram.



**ALLT ER BEST Í HÓFI** Gunnar Níelsson, megrunarkóngur Akrueyrar, missti 21,6 kíló á átta vikum. MYND/GÍSLI DÚI HJÖRLEIFSSON, VILLIMAÐUR.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Frétt Fréttablaðsins af lottóvinningi **Geira á Goldfinger** uppá níu milljónir vakti gríðarlega athygli og hafa ýmsir hringt eftir hana í vinningshafann, meðal annars frá fjárfestingarfélögum og nefnt við Geira hina og þessa fjárfestingarkosti. Geiri hins vegar stendur í ströngu við að fjármagna breytingar á nýjum stað sínum við Grensásveg en kostnaður við það er um 70 milljónir. Greint var frá því fyrir nokkru að Geiri ætlaði að opna veitingastað þar sem Kaupþing er með útibú við Austurstræti en hann hefur nú horfið frá því og mun ástæðan vera sú að honum lítist ekki á ástandið í miðborginni. Inn í þær fyrirætlanir að opna stað þar eru rekstraraðilar þeir sem eiga og reka Madonnu við Rauðarárstíg.



**Ólafur Jóhannesson** kvikmyndagerðarmaður er búinn að ákveða að hafa helst ekkert fyrir stafni næstu mánuði. Hann hefur nú lokið tökum á smá-sjónvarpsþáttaröðinni Hringfarar sem fjallar um mis-vel-heppnaðar sendiferðir engla á jörðinni. Ólafur er í New York og verður viðstaddur frumsýningu Queen Raquela á þarlendri kvikmyndahátíð, heldur síðan til Los Angeles í sömu erindagjörðum en ætlar loks að setja sig í sjálfskipaða útlegð, fjarri mannabyggðum, gsm-símum og neti. Og njóta lífsins á Havaíeyjum, Taílandi og Filippseyjum.

**Tolli** var að sjálfsögðu viðstaddur brúðkaup bróður síns Bubba í Kjósinni á dögunum. En hann staldraði stutt við á Íslandi því listamaðurinn er nú í fullum gangi að undirbúa sýningu í Kong Hans-salnum sem staðsettur er í djásni íslensku útrásarinnar, Magasin du Nord. Sýningin verður opnuð í október og er Tolli með pensilinn á lofti í vinnustofu sinni við Gråborgarstræti í höfuðborg Danaveldis milli þess sem hann gæðir sér á vínabrauði og smörrebrauði.



- jbg/fgg





Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**Glæný línuýsa, lax, lúða, skötuselurgellur, sigin grásleppa.**

**Úrval fiskrétta á grillið**



**opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00**


# Rekur fyrirtækið Rask-At

Stefán Sveinsson á og rekur pípulagningafyrirtæki með nafni sem hefur vakið athygli margra, en það ber hið merka heiti Rask-At ehf. „Já, nafngiftin tengist nú kannski ekki beint pípulögnum,“ segir Stefán. Aðspurður þvertekur hann fyrir að hann sérhæfi sig í klósettviðgerðum. „Nei, nei, ég er í alhliða pípulagningavinnu og ýmsu sem tengist henni,“ útskýrir Stefán. „Við gerum ýmislegt, svona það sem til fellur. Nafnið var líka valið með það í huga að varast að það gæfi til kynna mjög þröngt starfssvið,“ bætir hann við.

Stefán segir nafnið vissulega hafa vakið athygli frá því að Rask-At var stofnað fyrir rúmum þremur árum síðan. „Það var náttúrlega eitt af því sem maður hafði fyrir augum með nafninu. En ég hef í langflestum tilfellum fengið mjög jákvæð viðbrögð við því. Það þarf ekki að segja fólki þetta nema einu sinni,“ segir Stefán.

„Þetta eru líka bæði góð og gild íslensk orð, þó að menn hafi eitthvað reynt að misskilja þetta í gegnum tíðina,“ segir hann kíminn. „Það fer bara eftir hugsanagangi fólks hvað það les út úr þessu,“ bætir hann við.

- sun



**EIGANDI RASK-ATS** Stefán Sveinsson á og rekur fyrirtæki að nafni Rask-At, sem veitir hvers kyns pípulagningaþjónustu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


nýtt!
Vellíðan í hverjum dropa
með trefjum
Bragðbættur vatnsdrykkur án kolsýru með trefjum sem bæta meltingarstarfsemi líkamans.
með andoxunarefnum
Bragðbættur vatnsdrykkur án kolsýru með andoxunarefnum sem geta stuðlað að verndun fruma líkamans.
eðal toppur®
"Eðal Toppur" is a trademark of The Coca-Cola Company. © 2008 The Coca-Cola Company. All rights reserved.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## *Þægilegasti ferðamátinn*

Dr. Gunni segir frá því í sunnudagsblaði Fréttablaðsins að þriggja daga ferðalag til Íslands fyrir bandaríkst par mundi kosta 300 þúsund krónur, eða fyrir þá sem eru góðir í deilingu, 100 þúsund kall á dag. Það er dýrt spaug að ferðast og getur verið hættulegt (matareitrun, flugslys), stressandi (biðraðir, tengiflug), niðurlægjandi (vopnaþuklið) og þreytandi (erlendur gjaldmiðill, minjagripaverslanir, óskiljanleg götukort).

**SJÁLFUR** er ég nýkominn úr tveimur mjög spennandi ferðalögum. Í fyrra skiptið fór ég í fótspor hins djarfa landkönnuðar Stanleys niður Blóðá eða Kongófljót, um þvera Afríku, um sum hættulegustu svæði veraldar þar sem enginn ferðamaður hefur stigið fæti sínum um áratuga skeið. Þetta ferðalag með einkaleiðsögumanninum Tim Butcher stóð í um það bil viku með góðri hvíld á milli og hófst í Eymundsson í Austurstræti, þar sem ég keypti bókina hans „Blóðá“ (Blood River) fyrir spottprís.

**Í NÓTT** kom ég heim frá borginni Betlehem í Palestínu og Ísrael þar sem ég var inni á gafli hjá sögukennaranum Omari Yussef, íslömskum fræðimanni sem kennir við stúlknaskóla Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Palestínu. Í fylgd með honum kynntist ég mönnum sem gefa sig út fyrir að vera þjóðernissinnar og baráttumenn fyrir frelsi en eru ótíndir glæpamenn sem misnota hörmungarástand í eigin þágu. Ég kynntist daglegu lífi fólks í þessu stríðshrjáða landi, lífi sem fjölmiðlar kunna ekki að segja okkur frá. Þetta ógleymanlega ferðalag kostaði innan við tvöþúsund kall og hver sem er getur fengið að upplifa það (á íslensku) í bókinni „Morðin í Betlehem“ eftir Matt Rees.

**SENNILEGA** ferja íslenskir rithöfundar og kvikmyndagerðarmenn mun fleiri ferðamenn til Íslands en samanlögð flug- og skipafélög heimsins. Það er bæði gott og ódýrt að ferðast í bókum og kvikmyndum. Sjálfur tek ég bókina framyfir sem ferðamáta, því að í bókinni er frelsið meira til að skoða sig um og gefa sér tíma; kvikmyndin er meira eins og pakkaferð; maður er rekinn áfram og fær ekki að sjá nema sérvalda staði. Frásagnarlistin fjallar nú eins og ævinlega um að leiða fólk inn á áður ókunna stigu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 16. júní, 169. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.57 | 13.28 | 0.01 |
| Akureyri | 1.38 | 13.13 | 0.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


